

Gluggað í sögukistu ÞÓRS

Íþróttafélagið Þór
1915-1940



Páll Jóhannesson

Íþróttafélagið Þór
1915-1940



Páll Jóhannesson

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>		<i>Bls.</i>
<i>Um ritið</i>	4	1931	69
<i>Lagt af stað</i>	5	1932	73
1915	9	1933	77
<i>Upphafið . . .</i>	11	1934	81
1916	21	1935	89
1917	29	1936	97
1918	35	1937	103
1919	37	1938	111
1920	39	1939	123
1921	41	1940	139
1922	45	<i>Samantekt</i>	
1923	47	<i>og myndir</i>	157
1924	51	<i>Afmælisljóð</i>	
1925	53	<i>Stefán Ág.</i>	163
1926	55	<i>Kristjánsson</i>	
1927	57	<i>Dalvíkurför</i>	164
1928	59	<i>- ljóð</i>	
1929	61	<i>Myndaskrá</i>	165
1930	63	<i>Úrklippuskrá</i>	167

Um ritið

Brot úr sögu Þórs lítur hér dagsins ljós á rafrænu formi, aðgengilegt fyrir öll þau sem vilja fræðast um sögu félagsins. Páll Jóhannesson, heiðursfélagi í Þór, sjálfboðaliði í félaginu til áratuga og fyrrverandi stjórnarmaður, hefur lagt í mikla vinnu við heimildaöflun, grúskað í skjalasöfnum, fundargerðabókum og öðrum gögnum, tekið viðtöl við gamla félagsmenn og verið með allar klær úti við að safna saman þeim gríðarlega fróðleik sem er grunnurinn að sögu félags sem á að baki starfsemi í blíðu og stríðu í vel yfir heila öld.

Páll hefur gripið niður í fundargerðir og aðrar heimildir úr sögu félagsins og unnið eins konar annála þar sem stiklað er á stóru í starfsemi félagsins fyrstu áratuginu. Hér lítur dagsins ljós afrakstur þessarar vinnu fyrir árin 1915-1940, eða 26 fyrstu starfsár félagsins, fyrsti glugginn af mörgum þar sem áhugasömum gefst tækifæri til að kíkja inn og fræðast um sögu þessa merka félags. Starfsemin var mismikil eftir árum á því tímabili sem hér um ræðir og sum árin lá hún jafnvel alveg eða nær alveg niðri, en önnur ár voru blómlegri eins og gengur og gerist. Litlu munaði að félagið lognaðist út af, en sem betur fer var blásið í það nýju lífi af kröftugu og áhugasömu hugsjónafólki um 15 árum eftir stofnun þess.

Þetta rit er aðeins gefið út rafrænt og haft aðgengilegt á vef félagsins því hugmyndin er að inn í það sé hægt að bæta textum og/eða myndum eftir því sem tilefni gefst til.

Óhætt er að fullyrða að Páll hafi varið í þetta verk þúsundum vinnustunda enda hefur hann lengi haft sögu Þórs sem eitt af sínum aðaláhugamálum og verið óþreytandi við að sanka að sér hvers kyns fróðleik og heimildum sem liggja að baki sögu félagsins.

Íþróttafélagið Þór færir Páli bestu þakkir fyrir þrotlaust starf við að skrá sögu félagsins.

Gluggað í sögukistu Þórs - Íþróttafélagið Þór 1915-1940

Höfundur: Páll Jóhannesson

Útgefandi og ábyrgðaraðili: Íþróttafélagið Þór

Uppsetning: Haraldur Ingólfsson

Allur réttur áskilinn, Íþróttafélagið Þór 2026.

Lagt af stað

Þegar lagt er upp í þá vegferð að skrá sögu íþróttafélags fer umfang þess verkefnis og hvernig verkið er meðhöndlað eftir stærð félagsins og aldri þess. Hvaða sess hefur umrætt félag skipað sér í sínu nærumhverfi? Hvort heldur sem um ungt félag með stutta sögu er að ræða eða stórt félag með langa og á stundum tilfinningaþrungna sögu, þá þarf að bera virðingu fyrir hverju verkefni, óháð stærð þess og umfangi. Í þessu tilfelli er sagan löng og hlaðin tilfinningum, sem okkur ber að virða og meðhöndla af auðmýkt. Þar sem saga Íþróttafélagsins Þórs spannar rúma öld er sú hætta fyrir hendi að eitthvað geti fallið milli skips og bryggju en vonandi tekst okkur að sigla skútunni milli skers og báru og koma henni heilli í höfn.

Það er fólkinu sem stofnaði Þór að þakka, og öðrum sem hafa haft trú á framtíðinni og vonir til að geta skilað af sér góðu félagi til komandi kynslóða, að félagið er enn síungt þrátt fyrir 109 starfsár.

Það er á ábyrgð þeirra sem starfa fyrir félagið hverju sinni að feta veginn fram á við og marka sporin fyrir komandi kynslóðir sem síðan skila félaginu áfram og svo koll af kolli.

Þór, félagið okkar, hefur allt frá stofnun tekist á við margvísleg verkefni og sinnt fleiri íþróttagreinum en margan grunar. Eflaust rekur margan í rokastans þegar upplýst er að frá upphafi hafi verið iðkaðar 16 íþróttagreinar innan Þórs, þó ekki allar á sama tíma.

Þetta eru: fimleikar/leikfimi, frjálsar íþróttir, hnefaleikar, glíma, skíði, sund, badminton, knattspyrna, handbolti, körfubolti, taekwondo, keila, pílukast og rafíþróttir. Ennfremur má bæta við dansinum, en í áratugi sýndi félagið álfadans á þrettándanum og dans er jú íþrótt. Müllersæfingar voru stundaðar af og til þá erum við komin í 16-19 greinar.

- Fimleikar/leikfimi
- Frjálsar íþróttir
- Hnefaleikar
- Glíma
- Skíði
- Sund
- Badminton
- Knattspyrna
- Handbolti
- Körfubolti
- Taekwondo
- Keila
- Pílukast
- Rafíþróttir

Félagið hefur sett mark sitt á samfélagið á Akureyri og næsta umhverfi og náð á sumum sviðum ótrúlegum árangri. Sem dæmi má nefna að fyrsti Akureyringurinn sem varð Íslandsmeistari kom úr Þór. Það sem er svo gaman við þá staðreynd er að það var kona sem vann þetta afrek. Hér er um hina ungu Steinunni Jóhannesdóttur sundkonu að ræða, en á árinu 1938 setti hún Íslandsmet í sundi og á árinu 1939 bætti hún um betur og setti mörg Íslandsmet og varð Íslandsmeistari aðeins 14 ára gömul.

Þórskonur héldu áfram að brjóta blað í sögu Akureyrar en á því herrans ári 1941 varð Þór Íslandsmeistari í handbolta (utanhúss) og þar með urðu þær fyrstu Íslandsmeistarar sem Þór og Akureyri eignast í hópíþróttum.

Karlalið í körfubolta varð deildarmeistari í annarri deild og síðan komu konurnar og bættu um betur. Árið 1969 urðu Þórskonur Íslandsmeistarar í meistara- og 1. flokki. Meistaraflokkur endurtók leikinn svo 1971 og 1975 og síðan kom bikarmeistaratitill í hús 1976.

Þór vann fyrsta Íslandsmeistaratitil í knattspyrnu á Akureyri en það gerðist árið 1947 þegar 1. flokkur vann KA í úrslitum.

“

Félagið hefur sett mark sitt á samfélagið á Akureyri og næsta umhverfi og náð á sumum sviðum ótrúlegum árangri.

”

Knattspyrnulið karla hefur í tvígang orðið Íslandsmeistari innanhúss, þ.e. árin 1993 og 2001. Auk þess hefur liðið oft orðið deildarmeistari í neðri deildum. Þá hafa kvennalið Þórs/KA í knattspyrnu og KA/Þórs í handbolta unnið fjölmarga Íslandsmeistaratitla, og knattspyrnu-konurnar að auki Meistarakeppni KSÍ. Þórsarar hafa einnig unnið fjölmarga Íslands- og bikarmeistaratitla í yngri flokkum í knattspyrnu, handbolta og körfubolta. Ófáir titlar hafa komið í hús í taekwondo, pílukasti, hnefaleikum og keilu.

Því má ekki gleyma að fjölmargir einstaklingar úr röðum Þórs hafa unnið til stórra verðlauna á skíðum, í ólympískum lyftingum og kraftlyftingum, m.a. heimsmeistaratitil öldunga. Í þessum greinum hafa Þórsarar orðið Evrópu-meistarar og sett heimsmet, Norðurlanda- og Evrópumet.

Þórsarar hafa komið víða við og átt fjölmarga landsliðsmenn í öllum greinum og ekki bara einhverja leikmenn heldur fyrirliða í A-landsliðum í handbolta og knattspyrnu.



Ekki er vitað nákvæmlega hvenær myndin er tekin, en á myndinni er knattspyrnulið Þórs í keppnisbúningi sem félagið notaði á árunum 1935-1944.

Fremst: Þórir Stefánsson, Olgeir Jóhannesson og Stefán Stefánsson.

Miðja: Hjalti Svanlaugsson, Brynjólfur Kristinsson og Jón Kristinsson.

Aftast: Jóhann Guðmundsson, Jón Egilsson, Georg Karlsson, Gísli Magnússon og Hannes Marteinsson.

“

Því má ekki gleyma að Þór hefur átt fjölmarga einstaklinga sem hafa unnið til stórra verðlauna.

”

knattspyrnu. Einnig hafa Þórsarar átt fyrirliða í fjölmörgum yngri landsliðum boltagreina.

Á þessari stuttu samantekt, sem er svo óralangt frá því að vera tæmandi, sést að félagið okkar á sér mikla og glæsta sögu. Þór er elsta starfandi íþróttafélag á Akureyri og eitt það fjölmennasta og það má alveg segja þetta merka félag vera „stórveldi“.

Nú ætlum við að leggja upp í hundrað ára ferðalag með það að markmiði að glugga í sögu félagsins okkar.

Við vinnslu þessa var stuðst við þau afmælisrit Þórs sem áður hafa komið út, m.a. Þór 25 ára 1940, Þór 65 ára 1915-1980, Þór 70 ára 1915-1985 og Þættir af Þórsöld 1915-2015.

Enn fremur er stuðst við fundagerðar- bækur og dagbækur og skýrslur formanna, og greinar og fréttir í dagblöðum og tímaritum.

Þá er einnig stuðst við upplýsingar sem fengnar eru úr viðtölum við eldri félagar Þórs, sem muna tímuna tvenna.

“

Eflist Þór að auð og snilli,
auðgíst Þór að sæmd og hylli.
Vaxi Þór að vizku og afli,
vinni Þór í hverju tafli.

Magnús Pétursson orti í tilefni 50 ára afmælis Þórs

”



1915



Friðrik Sigurður Einarsson, fyrsti formaður Þórs.

Upphafið

Það var um mitt árið 1915 að nokkur ungmenni undir forystu Friðriks Sigurðar Einarssonar ákváðu að kominn væri tími á að stofna íþróttafélag, sem fyrst og fremst ætti að sinna þörfum þeirra, sem byggju á Eyrinni. Án efa hefur þeim þótt heldur lítið framboð vera í bænum þegar kom að iðkun íþróttanna og annarra skemmtana. Íbúar á Akureyri voru þá u.þ.b. 2400 (að meðtöldu Glerárþorpi) og bærinn ört vaxandi. Upp úr aldamótunum 1900 höfðu nokkur íþróttafélög verið starfandi í bænum. Flest þeirra áttu ekki langa lífdaga en þó voru vissulega undantekningar eins og t.a.m. Ungmennafélag Akureyrar (U.M.F.A.), sem stofnað var í janúar 1906. Félagið lognaðist út af í kringum 1940. Á þessum tíma hafði UMFA verið leiðandi í íþróttastarfi í bænum. En ungmennunum af báðum kynjum á Eyrinni fannst vera kominn tími á nýtt félag. Nýir tímar kölluðu á breytingar.

Úr varð og ákveðið að koma á fót nýju íþróttafélagi, sem mæta skyldi þörfum þeirra. Eins og áður segir var það að frumkvæði Friðriks Sigurðar Einarssonar að Þór Íþróttafélag Oddeyringa var stofnað. Boðað var til stofnfundar félagsins, sem haldinn var á heimili Friðriks að Strandgötu 45, þriðjudaginn 6. júní.

“

Boðað var til stofnfundar félagsins á heimili Friðriks að Strandgötu 45 þriðjudaginn 6. júní.

”

Dagskrá stofnfundar: Friðrik Sigurður Einarsson kjörinn formaður í einu hljóði og því næst kaus hann með sér þá Jörgen Hjaltalín féhirði og Jakob Thorarensen ritara.

Stofnfélagar voru alls 46 og þar af fjórar stúlkur.

Eftir formlega stofnun félagsins var 12 aðilum veitt innganga í félagið. Eftir inntöku nýrra félaga tók við kynning á fyrstu lögum félagsins, sem félagsmenn samþykktu. Í fyrstu grein laga hins nýstofnaða félags segir: „Fjelagið heitir Íþróttafélag Oddeyringa Þór.“ Enn fremur kemur fram að félagið væri fyrir ungmenni 10-15 ára en frá þessu gæti orðið undantekning sé umsóknin samþykkt á fundi.

Markmið félagsins var að efla allar íslenskar íþróttir og félagsmenn máttu ekki neyta tóbaks né áfengis.

Stofnfélagar Þórs - Íþróttafélags Oddeyringa

Formaður:

Friðrik Sigurður Einarsson

Ritari:

Jakob Thorarensen

Fjéhirðir:

Jörgen Hjaltalín

Varaformaður:

Egill R. Ólafsson

Vararitari:

Jakob Ásgrímsson

Varafjéhirðir:

Einar Olgeirsson

Gottfred Havstein

Hans Fritz Christensen

Eiður Thorarensen

Ingólfur Ásmundsson

Sverrir R. Ólafsson

Þuríður R. Ólafsson

Emma Betans

Matthías Sveinsson

Björn Magnússon

Niels Hartmann Kristjánsson

Steindór Hjaltalín

Arinbjörn Guðmundsson

Gestur Pálsson

Hulda Jensson

Sigurey Sigurðardóttir

Jónas Friðjónsson

Jakob Frímannsson

Svanbjörn Frímannsson

Lárus Lúðvíksson

Gunnar Pálsson

Lárus Hinriksson

Hallfreð Sigtryggsson

Björn Ólsen

Jón Hjaltalín

Lárus Ágústsson

Sveinn Sveinbjörnsson

Guðmundur Ásgrímsson

Steingrímur Guðmundsson

Bárður Ísleifsson

Agnar Gíslason

Georg Jónsson

Þorsteinn Björnsson

Sigurður Guðbjartsson

Ingimar Ólafsson

Albert Jónsson

Þorleifur Þorleifsson

Oddgeir Jónsson

Þorgrímur Þorsteinsson

Sigmar Björnsson

Jón Björnsson

Eftir formlega stofnun félagsins
var 12 aðilum veitt innganga í félagið.

G-jö-r-ð-a-b-ó-k.

fórn. -

Íþróttafélags-Óddeyringa

Árið 1915-16

Stjóri: Friðrik Einarsson form.
 Jak. Þorsteinsson ritari
 Jörgeir Halldórsson gæðker.

5.

X
1

1. Fundgerð & þingi 1915. (Stofnfundar
Dagbók)

2. Kosin Stjórn:

Fabíada - - - Jónen Hjaltalín.

Útari - - - Jakob Thorarensen.

Fundarstjóri varð kosinn Friðrik Einarsson.

Medlimum var veittinn tækis.

Þingin varu samþykkt óbreytt.

Friðrik Einarsson var kosinn formaður í
eina hljóði, og kofur hann menn í Stjórn með
sju, sem eru þjór ofan skráðir.

12 meðlimum var veitt inntaka á fundin-
um.

Medlimirnir samþykktu lögin óbreytt.

samþykkt. Þórnason **Alþingi** þ. 6/6 1915.

Jakob Thorarensen.
Útari.

1
X

l. e. e. e.

Fyrstu lög félagsins

1. gr. Fjlagið heitir „Íþróttafélag Oddeyringa“ „Þór“
2. gr. Inngöngu í fjlagið fá aðeins þeir, sem eru 10-15 ára. Undantekning verður veitt ef það er samþykkt á fundi.
3. gr. Mark fjelagsins er að efla allar íslenskar íþróttir.
4. gr. Þeir sem ganga í fjlagið meiga ekki neyta tóbaks nje áfengis.
5. gr. Þeir sem brjóta þrisvar, svo komist upp eru burtreknir úr fjlaginu.
6. gr. Þeir sem hylma með þeim fjelagsmanni sem brýtur eru jafnsekir.
7. gr. Fjelagsmenn eru beðnir að leggja niður blót og vera stilltir á fundum.
8. gr. Fjelagsmenn verða að sækja fundi vel.
9. gr. Inngangseyrr í fjlagið er 25 aur og árstíllag 50 aurar.
10. gr. Fjelagsmenn geta ekki gengið úr fjlaginu nema á aðalfund, sem er í janúar, og verða þá að mæta sjálfir eða senda skriflega úrsögn.
11. gr. Þeir sem ganga í fjlagið verða haldá þessi lög eða það getur valdið burtreknri úr fjlaginu.
12. gr. Fjlagið er þriggja manna stjórn: Formaður var kosinn af meiri hluta fjelagsmanna, og formaður kaus svo menn með sjér í nefndina.
13. gr. Fyrsta brot 0,10 kr. annað brot 0,15 kr, þriðja brot 0,25 og 4. brot burtrekstur.
14. gr. Stjórnin er kosin til árs í senn.
15. gr. Þeir sem að hafa brotið fjórum sinnum og eru burtrækir eftir 13. gr. fá aftur inngöngu í fjlagið aftur ef þeir beiðast þess, en ef þeir brjóta tvisvar eftir það, eru þeir algjörlega útilokaðir.
16. gr. Tilögur fjelagsmanna má ekki samþykkja nema 10 fjelagsmenn sitji fundinn.
17. gr. Nægilegt er að ef að tveir fjelagsmenn sjá fjelagsmann reykja þá geta þeir klagáð hann.

Þeim sem brytu af sér yrði vísað úr féluginu eftir þriðja brot, og að auki ef félagsmaður var uppvís að því að hylma yfir með brotlegum félaga kallaðist hann jafnsekur. Einnig var þess getið að ekki þyrfti nema tvo félagsmenn, sem vitni til að klagá félagsmann sjái þeir viðkomandi reykja.

Við fyrsta brot skyldi félagsmaður greiða 10 aura í sekt, 15 aura við annað brot og 25 aura og burtrekstur við fjórða brot. Inngangseyrir í fjlagið var 25 aurar og

árstíllag 50 aurar. Félagið nýstofnaða átti augljóslega að vera mannbætandi í hvívetna því samkvæmt lögum voru menn beðnir að leggja niður allt blót og vera stilltir á fundum og sækja fundi vel. Lögin kváðu á um að ef félagsmenn héldu ekki lögin gæti það kallað á burtreknri (burtrækni).

Þuríður fyrsta konan kosin í nefnd hjá félaginu

Þann 13. júní var kosið í eftirlitsnefnd til að fylgjast með hvort félagar gerðust brotlegir og tekið við ábendingum félaga þar um. Eftirlitsnefndina skipuðu: Jakob Frímansson, Matthías Sveinsson, Þuríður R. Ólafsson og Steindór Hjaltalín. Og því ljóst að Þuríður R. var fyrst kvenna kjörin til trúnaðarstarfa fyrir félagið. Á sama fundi voru kosnir tveir foringjar í fótbolta þeir Friðrik Einarsson og Jörgen Hjaltalín. Varaforingjar þeir Egill R. Ólafsson og Jakob Frímansson.

Hið nýstofnaða félag komst á mikið skrið strax fyrsta árið og þótti það undrun sæta með svo ungt fólk í fararbroddi. Félagsstarfið var afar blómlegt, sem sést best á því að á fyrsta ári félagsins, sem spannaði ekki nema hálf tveimur árum voru haldnir sextán fundir. Þá voru gefin út fjögur handskrifuð blöð (alls 19). Þessi blöð voru Jónsbók, Gellir, Ísland og Fjölnir.

Til er eitt eintak af Jónsbók, sem vitað er um en í því blaði kemur fram að það sé framhald af fyrra blaði. Um hin þrjú blöðin er lítið vitað. Á hverjum fundi var lesið upp úr einu eða fleiri blöðum og

“

Þuríður R. Ólafsson var fyrst kvenna kjörin til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

”

einnig kosið í skemmtinefnd fyrir næsta fund.

Skemmtinefndirnar mættu svo með hinar ýmsu skemmtanir á fundi t.d. voru fyrsta árið æfðir og sýndir sjö sjónleikir, sumir þeirra frumsamdir. Á fundum voru hin ýmsu mál tekin fyrir og rædd mismikið. Fyrsta árið voru tekin fyrir 20 málefni. Þarna voru t.a.m. þessi mál rædd:

- Reykingar (tvisvar)
- Að hverju styðja þessi samfélög helst?
- Hegðun félagsmanna á fundum
- Hvað viltu helst vera þegar þú verður stór?
- Aðflutningsbannið
- Glímur og málfarið.

En þegar glímur og málfarið var rætt segir í fundagerðabók: „Þá bar svo við að ekkert var hægt að ræða um það mál vegna kjaftæðis í félagsmönnum.“



Í júní var kosið í lið í fótbolta

Foringi:

Friðrik Sigurður Einarsson

Varaforingi:

Egill R. Ólafsson

Gestur Pálsson

Steindór Hjaltalín

Hartmann Kristjánsson

Matthías Sveinsson

Hans F. Cristiensen

Svanbjörn Frímansson

Ingólfur Ásgrímsson

Sverrir R. Ólafsson

Þuríður R. Ólafsson

Gunnar Pálsson

Emma Beben

Björn Magnússon

Foringi:

Jørgen Hjaltalín

Varaforingi:

Jakob Frímansson

Lárus Lúdvíksson

Lárus Hinriksson

Arinbjörn Guðmundsson

Jakob Thorarensen

Einar Olgeirsson

Jakob Ásgrímsson

Jónas Jensson

Gottfred Havsteen

Eiður Thorarensen

Hallfred Sigtryggsson

Hulda Jensson

Sigurveig Sigurðardóttir

Íþróttanefnd sú fyrsta og fyrsta mótið

Strax á fyrsta starfsárinu var starfandi íþróttanefnd, sem hafði það að verkefni að koma á stökkum og fara í lautartúra. Enn fremur kom þessi nefnd á keppni í íþróttum, sem fram fór á Gránubalanum miðvikudaginn 21. júlí. Þá hafði félagið einungis starfað í 45 daga. Er þetta án efa fyrsta mótið/íþróttageinin, sem félagið stóð fyrir. Þetta var svo sannarlega til marks um framsækni þessara ungmenna.

Fyrsti fótbolti félagsins

Fyrsta fótboltann eignaðist Þór þann 1. ágúst og þann 29. sama mánaðar var ákveðið að kjósa í kapplið til að þreyta sig í knattspyrnu við önnur félög á Akureyri. Til gamans má geta þess að á fundi var tekin umræða um hvort sé réttara að tala um „Knattspyrnu“ eða „Fótbolta“. Voru Þórsarar sammála um að það væri meira í anda tungumálsins að tala um knattspyrnu.

Áformað var að í fyrsta kappleikinn yrði skorað á Akureyri og færi leikurinn fram sunnudaginn 5. september. Ekki hefur enn fundist neitt um fyrirhugaðan leik, eða hvort hann fór fram og eða gegn hverjum né úrslit.

“

Jakob Thorarensen átti að koma með umræðu efni á fund 20. júní 1915 hann spurði „hvaða húsdýr er nytsamlegast, lítið var rætt um þetta mál en þó var Hesturinn tekinn fram yfir önnur húsdýr“

”

Þann 12. september lauk fyrsta starfsári félagsins og þar var ákveðið að framvegis skyldi aðalfundur félagsins haldinn að hausti. Þar var einnig öll stjórnin endurkjörin. Þetta voru þeir Friðrik Einarsson formaður, Jörgen Hjaltalín féhirðir og Jakob Thorarensen ritari.

“

Jakob Frímansson las upp „Eiginmaðurinn afbrýðisami“ var það mjög gaman að heyra þá sögu enda voru fjelagsmenn stilltir á meðan.

”

Fyrsta kapplið Þórs í knattspyrnu

Fyrsta kapplið Þórs í knattspyrnu var þannig skipað:

Tveir foringjar:

Friðrik Einarsson

og Jörgen Hjaltalín framspilari

Niels Kristjánsson
framspilari

Steindór Hjaltalín
framspilari

Sigurður Guðbjartsson
framspilari

Jakob Thorarensen
forstoppari í miðju

Steingrímur Guðmundsson
forstoppari í miðju

Sveinn Sigurbjörnsson
forstoppari í miðju

Jakob Frímannsson
bakstoppari

Egill R. Ólafsson
bakstoppari

Hallfreður Sigtryggsson
(hafnarmaður/markmaður).

Fyrsta kapplið Þórs í fimleikum

Eftirtaldir voru kosnir
í kapplið undir forystu
Lárusar J. Rist:

Steindór Hjaltalín

Þorleifur Þorleifsson

Herbert Kristjánsson

Jörgen Hjaltalín

Lárus Hinriksson

Ingimar Ólafsson


Sveinn Sveinbjörnsson

Hans Fr. Christensen

Gestur Pálsson

Agnar Gíslason

Oddgeir Jónsson



Fimleikar. Leikfimiflokkur Þórs.

Fimleikar á fyrsta ári félagsins

Um haustið var ákveðið að stofna til æfinga í leikfimi og fimleikum og var sá háttur hafður á að kosið var í lið.

Jólasímskeyti

Á fundi stjórnar þann 14. desember var samþykkt tillaga frá Jakobi Thorarensen að félagið myndi senda Friðriki Sigurði Einarssyni símskeyti með jólakveðju frá félaginu. Var listi látinn ganga þar, sem menn, sem vildu gefa fimm aura til þessa málefnis gætu skráð nöfn sín á.

Fyrsta verðlaunaafhendingin

Fyrsta verðlaunaafhending félagsins fór fram 19. desember en þá voru verðlaun veitt fyrir íþróttanámskeið, sem haldið var þann 21. júní þar sem var stökkið langstökk. 1. verðlaun hlaut Steindór

Hjaltalín, Myndarammi með íslenska fálkanum, 2. verðlaun hlaut Hans Christensen – Glansmyndaalbúm.

Sannarlega glæsileg byrjun hins nýja félags, sem um áramótin 1915-1916 hafði einungis starfað í hálf ár.

Á öllum fundum stjórnar var kallað eftir því hvort einhver hefði gerst brotlegur þ.e. neytt tóbaks eða áfengis frá síðasta fundi enda bannað samkvæmt 4. gr. laga félagsins. Til að geta afgreitt þau mál ef til kom urðu ákærði og vitni að vera viðstödd á fundi til að hægt væri að afgreiða málin. Talsvert var um klögur þar sem sum málin voru til lykta leidd en önnur felld niður af ýmsum ástæðum.

Eins og kemur fram í lögum félagsins var sektum og burtrekstrum beitt þegar hægt var og allt fært til bókar samviskusamlega.



Glímukappar Þórs 1916. Sjá nöfn á bls. 21.

1916

Á fyrsta fundi Þórs þann 2. janúar 1916 las Jakob Thorarensen upp símskeyti, sem var nýárskveðja frá Friðriki Sigurði Einarssyni formanni, sem dvaldi þá í Reykjavík. Jakob upplýsti enn fremur að afgangur af þeim peningi, sem safnaðist til að senda Friðriki jólakveðju í símskeyti upp á eina krónu og fimm aura. Ákveðið var að félagið skyldi eiga afganginn.

Árið 1916 starfaði Þór mjög vel og líflegt allt í kringum starfið. Alls voru haldnir 24 fundir á árinu, sem hlýtur að teljast bara gott.

Æfðir og leiknir voru sjö sjónleikir (sumir frumsamdir) og alls voru flutt og rædd 46 mál, m.a. þessi: Glímur, knattspyrna, skíðaferðir, hegðun félagsmanna á götum úti, hlutabréfakaup í Eimskipafélagi Íslands og niður með blótið og hvað veldur slæmri fundasókn?

Líkt og á fyrsta starfsárinu var gjarnan lesið upp úr fundablöðunum fjórum, Jónsbók, Gelli, Íslandi og Fjölni. Öll þessi blöð voru handskrifuð alls 38.

“

Jakob Thorarensen ritari: Hnifur, sem fannst á glímuæfingu, sem Agnar Gíslason helgaði sjer, en þurfti um leið að biðja ritarann um fyrirgefningu á því að hann þjófkenndi hann á fundinum.

31. janúar 1916

”

Glímuflokkki komið á fót

Í janúar setur félagið á fót glímuflokk, sem myndi glíma opinberlega. Ákveðið var að þeir, sem ætluðu að glíma opinberlega fyrir Þór skyldu iðka glímu 2-3 í viku og félagið ætti að greiða helming af húsaleigunni en félagsmenn sem glímdu áttu að greiða hinn helminginn á móti. Þetta fyrirkomulag samþykktu félagsmenn möglunarlaust. Já, snemma kom í ljós hugarfar hins sanna Þórsara, sem lagði hart að sér við iðkun sinna íþróttar og hugsunin var frekar: „Hvað get ég gert fyrir félagið?“ en: „Hvað getur félagið gert fyrir mig?“

Tveir menn voru kosnir til að sjá algerlega um undirbúning og framkvæmd glímunnar, Jörgen Hjaltalín og Jakob Thorarensen. Fyrstu glímumenn Þórs sem kjörnir voru: Jörgen Hjaltalín, Jakob Thorarensen, Þorleifur Þorleifsson, Jón R. Ásgrímsson, Sveinn Sigurbjörnsson, Agnar Gíslason, Lárus Lúðvíksson, Lárus Hinriksson, Níels H. Kristjánsson og Egill R. Ólafsson.



Glimukappar 1916.

Frá vinstri: Garðar Jónsson, Steindór Hjaltalín, Jóhann Aðalsteinsson, Stefán Hinriksson, Friðþór Jakobsson. Sitjandi: Axel Kristjánsson.

Fyrstu glímumenn Þórs sem kjörnir voru:

Jörgen Hjaltalín
Jakob Thorarensen
Þorleifur Þorleifsson
Jón R. Ásgrímsson
Sveinn Sigurbjörnsson
Agnar Gíslason
Lárus Lúðvíksson
Lárus Hinriksson
Niels H. Kristjánsson
Egill R. Ólafsson

Kattarsláttur

Í febrúar var kötturinn sleginn úr tunnunni og ákvað félagið að engir nema félagsmenn fengju að slá. Eftir sláttinn væri boðið til dansleiks í Gamla bíó en því miður kemur ekkert fram um það hvar kattarslátturinn fór fram eða hvernig til tókst.

Skíðaæfingar hófust

Jón R. Ásgrímsson ræddi skíðaæfingar á fundi 13. febrúar og var ákveðið að hafa skíðaæfingu sunnudaginn 20. febrúar. Þeir, sem hugðust taka þátt mættu klukkan 17 upp að húsi Vald Th. (Thorarensen). Nefnd var kosin til að undirbúa þessa framkvæmd: Þorleifur Þ., Jörgen Hjaltalín, Steindór Hjaltalín, Egill R. Ólafsson og Jakob Thorarensen.

Hlutabréfakaup

„Steindór Hjaltalín, hlutafj-brjef í E.F.Í. Var þetta mál fallega valið frá Steindórs hendi: hann vill að fjelagsmenn eða rjettara sagt fjelagið geri samskot innan fjelagsins og kaupi. Á fundi í mars hlutabrfjef í Eimskipafjelagi Íslands. Jakob Thorarensen bað Steindór að koma með þetta mál í sumar því þá mundu fjelagsmenn hafa peninga, og Steindór því samþykkur.“

Mál:
 Jörgen Hjaltalín. Knattspíman. Gjörði hann
 f.m. þunnugt, sem formaður Knatt-
 spímannar @ nýla ætti fötloft á
 þessum tímum.

Samfundögum	M. 1-3.
Gjöldfisdögum	M. 8½-10
Fimmtudögum	M. 8½-10
Laugardögum	M. 8½-10

Mái 1916.

Leikfélag stofnað innan Þórs

Á fundi 2. apríl var talsvert rætt um hvort stofna ætti leikfélag innan Þórs, sem myndi sjá um leiki innan félagsins, t.d. á fundum. Eftir umræður var ákveðið að stofna leikfélag innan félagsins og í því voru þessir: formaður kaus þann fyrsta, Jakob Thorarensen, en aðrir voru Jörgen Hjaltalín, Þorleifur Þorleifsson, Emma H. Betans, Egill R. Ólafsson, Sveinn Sigurbjörnsson, Þuríður B. Ólafsson, Svava, Hulda Jensson, Hans Kristjánsson, Anna, Gestur Bjarnason, Einar Olgeirsson. Formaður leikfélagsins var svo kjörinn Jörgen Hjaltalín og féhirðir Jakob Thorarensen.

Enn fremur var stofnaður sjóður í leikfélagið, og gáfu þeir gjafir í hann á

“

Steindór Hjaltalín: „Þegnskylduvinnan.“
 Nokkrir fjelagsmenn hafi verið því samþykkir að málið væri of háfleygt fyrir oss fjelagsmenn.

7. maí 1916.

”

fundinum; Þorgrímur Þorsteinsson 0,10 kr., Níels Kristjánsson 0,10 kr., Agnar 0,05 kr. Þá var ákveðið að ganga skyldi með skjal milli manna til að afla fjárstyrks og bauðst Níels Kr. til að sjá um þá framkvæmd. Einnig var rætt um þann möguleika að leika opinberlega og voru Jakob Th. og Þorgrímur kosnir til að koma því í framkvæmd.

Gripið til skíðanna

Jakob Thorarensen mælti fyrir því að nú gripi menn til skíðanna meðan færi og veður leyfði og „Þór“ hefði þar af leiðandi skíðahlaup og veitti verðlaun fyrir. Nefnd til að koma þessu í framkvæmd var og er: Þorleifur Þ., Jörgen Hjaltalín, Steindór Hjaltalín, Egill R. Ólafsson og Jakob Thorarensen.

Fjárdráttur?

Á fundi stjórnar þann 28. maí kom upp leiðindamál en þá gerði Jakob Thorarensen félagsmönnum grein fyrir því að Þorleifur Þorleifsson, fyrrverandi féhirðir, væri farinn úr bænum, til Siglufjarðar, með alla peninga félagsins, sem voru um 9-10 krónur eftir frá-sögn Þorleifs sjálfs. Var ákveðið af öllum félagsmönnum að fela þeim Jörgen Hjaltalín og Jakob Thorarensen að fara vestur (á Siglufjörð) og hafa upp á Þorleifi. Þeir voru kosnir skriflega. Þar sem þetta unga félag var ekki svo vel statt peningalega var einnig ákveðið að félagið stæði fyrir samskoti til ferðarinnar og myndi félagið borga

“

*Hvert er betra að vera
liðugur og ónýtur
eða vera stírdur og sterkur?
Egill R. Ólafsson 1916.*

”

helming fararinnar, en þeir Jakob og Jörgen sæju sjálfir fyrir hinum helmingnum. Ekkert kemur fram meira um þetta leiðindamál. Þorleifur virðist hafa verið í félaginu fram að aðalfundi, sem haldinn var 15. október en þá sagði hann sig úr félaginu.

Félagsmenn ákváðu að standa fyrir hlaupi sunnudaginn 4. júní, en því miður var ekkert greint frá því hvaða hlaup þetta var né frá úrslitum.

Breyting á lögum

Á stjórnarfundi í Þór þann 30. júlí ákveður fundurinn að hafa fótbolta á hverjum sunnudegi kl. 16 en fundi þriðja hvern sunnudag. Þá var á sama fundi ákveðin eftirfarandi breyting á lögum félagsins: „Tillögur fjelagsmanna má ekki samþykkja á fundi nema minnst 10 fjelagsmenn sitji fundinn. Þetta er 16. gr. laga. Þessi grein öðlast gildi fyrir næsta fund.“

Á aðalfundi 15. október 1916 var kosin ný stjórn.

Formaður Friðrik Einarsson

Ritari Jakob Thorarensen

Gjaldkeri Steindór Hjaltalín

Varastjórn:

Varaformaður Jörgen Hjaltalín

Varaféhirðir Egill R. Ólafsson

Gjaldkeri Þuríður R. Ólafsson

Dyravörður á fundum: Kristján Magnússon og til vara Jón Hjaltalín.

Stjórn leikfélagsins:

Formaður Friðrik Einarsson

Féhirðir Egill R. Ólafsson

Ritari Steindór Hjaltalín

Endurskoðendur reikninga: Jakob Thorarensen og Friðrik Einarsson.

Undir liðnum önnur mál fór fram nokkur umræða þar, sem þeirri spurningu var varpað fram „Hvert er betra að vera ríkur eða fátækur?“ Athyglisverð umræða en ekkert kemur fram hvort menn hafi komist að einhverri niðurstöðu eður ei, en engu að síður athyglisvert

“

*Ég fer þess á leyt við fjelagsmenn að þeir hegði sér vel á götum úti.
Þorleifur Þorleifsson, maí 1916.*

”

umræðuefni. Þá var enn fremur samþykkt tillaga Friðriks Einarssonar að áfram yrðu reykingar bannaðar meðal félagsmanna. Strax eftir að aðalfundi lauk var fundur í leikfélaginu og þar var ákveðið að leika á næsta fundi „Þórólfur í Grísarströnd“ og þrileikinn „Kníta hnefann“ opinberlega fyrir félagsmenn og utanfélagsmenn.

Félagsmenn ákváðu að æfa kappliðið (fótbolti) og láta það keppa við Akureyringa sunnudaginn 29. október. Um leið og ákvörðunin lá fyrir voru kosnir menn til þess að laga staurana á fótboltasvæðinu.

“

*Ódugnaður varaformannsins. Jakob Thorarensen var settur frá með 11 atkvæðum gegn 5, hann rauk þegar út í óleyfi og rauf um leið 16. grein laga vorra.
13. febrúar 1916.*

”

Reykingar í brennidepli

Allt frá stofnun félagsins höfðu reykingar verið stranglega bannaðar og vel fylgst með mönnum, sem voru sektaðir fyrir brot og þegar öll sund voru lokuð voru menn reknir úr félaginu. Þessu þurfti að fylgja eftir með ákveðnum hætti og á fundi 5. nóvember var ákveðið að kjósa eftirlitsmenn með reykingum. Og til þeirra ábyrgðarstarfa voru þessir kjörnir í eftirlitsnefnd: Steindór Hjaltalín, Jón Hjaltalín, Lúðvík Einarsson og Egill R. Ólafsson kjörnir til þeirra starfa. Já ekki bara íþróttafélag.

Ýmis mál rædd á fundum

Buxur eða pils og er karl eða kona betri, sem ritara? Eins og svo oft áður voru hin ýmsu mál tekin fyrir á fundum, mál, sem komu íþróttum kannski ekkert við, eða hvað? T.a.m. var á fundi í nóvember þessi tvö mál tekin fyrir, Friðrik Einarsson spurði „hvort væri betra að vera í buxum eða pilsum?“ Flestir þeirra, sem viðstaddir voru umræðuna voru á því máli að betra væri að ganga í buxum. Hitt málið fékk ekki mikla umræðu, kom frá Jóni Hjaltalín þar sem hann velti því fyrir sér hvort betra sé að hafa kvenmann eða

karlmann sem ritara. Viðkvæmt mál sem menn voru kannski ragir við að ræða.

Skíðaferðir

Greinilegt er að félagsmenn voru þarna orðnir áhugasamir um iðkun á skíðum og í nóvember voru fimm menn kosnir í nefnd til þess að skipuleggja og koma á skíðaferðum um veturinn.

“

Félagið þarf að skaffa sjér bréfsefni til að skrifa fundarboð á og í fleiri þarfir fjelagsins.

Var það samþykkt að hann fengi fjé hjá gjaldkera til að kaupa pappír.

Jakob Thorarensen 1916.

”

Hryggbrotið

Eins og áður hefur komið fram var það ekki óalgengt að félagar æfðu og léku leikþætti á fundum eftir hina ýmsu höfunda og stundum frumsamda. Það gerðist m.a. í desember að byrjað var að leika „Hryggbrotið“ eftir þá Friðrik Einarsson og Jakob Hjaltalín.


Áfram skyldi haldið að leika

Vangaveltur um að hætta leika var tekin upp hvort ekki væri best að leggja af þann sið að vera með æfða leiki á fundum. Þessi umræða var tekin upp af beiðni Jóns Hjaltalín. En ákveðið var á fundi að kjósa skyldi nefnd til hvers fundar og sú nefnd ætti að útvega húspláss til að æfa í og koma með leikrit til hvers fundar.

Læra leikfimi

Á fundi í lok nóvember var kosið í „kapplið“ til að læra leikfimi hjá Lárusi J. Rist þeir voru: Steindór Hjaltalín, Þ. Þorleifsson, H. Kristjánsson, Egill R. Ólafsson, J. E. B. Hjaltalín, Lárus Hinriksson, Ingimar Ólafsson, Sveinn Sveinbjörnsson, Hans Frits C., Gestur Pálsson, Agnar Gíslason og Oddgeir Jónsson.

Milli jóla og nýárs var haldin brenna og dansleikur fyrir félagana. Á fundi 3. desember var kosin nefnd til að sjá um undirbúning og framkvæmd brennunnar. Brennan fór svo fram á gamlárskvöld og sagt er frá því í Jónsbók að margir hafi gefið mikið af rusli til brennunnar.



Tryggvi Helgason gaf staur og 50 aura fyrir olíu. „Það var vel gert af privatmanni“. Þegar verið var reisa brennuna á Gamlársdag segir Jón Hjaltalín: „Brennan hefur aldrei verið jafn há eða 13 m upp úr jörðu. Það er okkur að þakka. Í fyrra höfðum við staur sem við keyptum hjá Ásgeiri en í hitti fyrra höfðum við rána af Túliníusi – Bravó“. Fjörugu starfsári lokið og ljóst að félagar voru áhugasamir og lögðu hjarta sitt og sál í þetta unga félag.

Á fyrsta fundi ársins kom fram að „skemmtun“ sú, sem félagið hafði staðið fyrir milli jóla og nýárs hafi tekist vel en því miður hafi verið undirbalance á henni. Tóku þá sig til þuríður R. Ólafsson og Gunnar Benediktsson og gáfu félaginu 2 krónur til að bæta tapið að nokkru leyti og þótti mönnum þetta fallega gert.

Er betra að eiga unga konu en gamla? Meðal hinna ýmsu mála, sem tekin voru fyrir á fundum og rædd, sum þeirra alls óskyld markmiðum félagsins, en engu að síður rædd.

Þar má nefna þessi skondnu dæmi

- „Hvernig ætti að verja æskuárunum?“ (þetta var og er enn þarft umræðuefni)
- „Hvert er betra að vera síldarmatsmaður eða fjósakarl?“
- „Hvert er betra að vera með silkiklút eða ljéreftsklút í vasanum?“

Og að endingu mál sem væri varasamt að taka upp í dag:

- „Hvert er betra að eiga unga konu eða gamla?“

Þeir sem hafa brotið af sér árið 1916

Fyrsta brot

<i>Gunnar Pálsson</i>	Braut og borgaði	0,10 kr.
<i>Georg Jónsson</i>	Braut og borgaði	0,10 kr.
<i>Jakob Thorarensen</i>	Braut og borgaði	0,10 kr.
<i>Lárus Ágústsson</i>	Braut og borgaði	0,10 kr.
<i>Gottfred Havsteen</i>	Braut og borgaði	0,10 kr.
<i>Guðmundur Ásgrímsson</i>	Braut og borgaði	0,10 kr.
<i>Jóhann Kristjánsson</i>	Braut	
<i>Gísli Sigurjónsson</i>	Braut	

Annað brot

<i>Sveinn Sveinbjörnsson</i>	Braut og borgaði	0,15 kr.
<i>Gestur Pálsson</i>	Braut og borgaði	0,15 kr.
<i>Agnar Gíslason</i>	Braut og borgaði	0,15 kr.
<i>Gunnar Pálsson</i>	Braut og borgaði	0,15 kr.
<i>Niels Hartmann Kristjánsson</i>	Braut og borgaði	0,15 kr.
<i>Lárus Ágústsson</i>	Braut	
<i>Jakob Thorarensen</i>	Braut og borgaði	0,15 kr.
<i>Guðmundur Ásgrímsson</i>	Braut	
<i>Jóhann Kristjánsson</i>	Braut	
<i>Gísli Sigurjónsson</i>	Braut	

Þriðja brot

<i>Agnar Gíslason</i>	Braut og borgaði	0,25 kr.
-----------------------	------------------	----------

<i>Sveinn Sigurbjörnsson</i>		
------------------------------	--	--

<i>Lárus Hinriksson</i>		
-------------------------	--	--

<i>Niels Hartmann Kristjánsson</i>	Braut	
------------------------------------	-------	--

<i>Guðmundur Ásgrímsson</i>	Braut	
-----------------------------	-------	--

<i>Jakob Thorarensen</i>		
--------------------------	--	--

Burtreknir 1916

<i>Egill R. Ólafsson</i>		
--------------------------	--	--

<i>Lárus Ágústsson</i>		
------------------------	--	--

<i>Niels Hartmann Kristjánsson</i>		
------------------------------------	--	--

<i>Steingrímur Guðmundsson</i>		
--------------------------------	--	--

<i>Guðmundur Ásgrímsson</i>		
-----------------------------	--	--

Of ungir til að geta eitthvað í íþróttum

Á 44. fundi stjórnar í apríl 1917 var talsvert deilt um hvort drengir yngri en 10 ára teldust fullgildir félagar í Þór eður ei. Í fundagerðarbók segir [Jakob Thorarensen [fj „Þór“ skírði hann frá því að „Þór“ ætti framtíð fyrir höndum, og að

kennarar fengjust til að kenna íþróttir]. Var all mikið rætt um þetta mál, en þá kom það í ljós að nokkrir, sem voru, væru of ungir og þess vegna gætu þeir ekki mikið hvað íþróttir snerti og vildi framsögumaður málsins láta það ganga til atkvæða „að þeir, sem væru innan 10 ára gætu ekki talist fjelagsmenn fyrr en þeir næðu þeim aldri“. En þá hóf Jón Hjaltalín hér raustina og mælti [„að mási (umrenningur) væri engu síður verri fjelagsmaður en framsögu- maðurinn væri og fór hann mörgum ærumeiðandi orðum um J.Th. svo hann neyddist til að taka málið út af dagskrá þegar hann sá hvað skilningur Jóns á máli þessu var snauður“].

Jörgen Hjaltalín, kom þegar með sama mál og fór kosning fram á þriggja manna nefnd til að íhuga málið. Jakob Thorarensen tók þá til máls og mælti að það væri ekki til neins að kjósa sig, því að hann því hann neitaði kosningu þegar fundurinn hefði lýst óánægju sinni á sjér gagnvart fjelaginu.

Kosning fór þó þannig fram: Jakob Thorarensen 10 atkvæði, Jörgen Hjaltalín 11 atkvæði, Steindór Hjaltalín 11 atkvæði og Egill R. Ólafsson 4 atkvæði.

Þegar hér er komið sögu hjá félaginu eru menn enn að lesa upp úr eftirfarandi blöðum á fundum Þórs, Jónsbók Gellir og Víkingi. En snemma á árinu varð félagið fyrir fullt og allt að sjá á bak sínum ötula formanni, Friðriki Einarssyni (sem fór til náms í Reykjavík). Við það hnignar starfseminni mjög mikið. Þó, voru haldnir 8 fundir það ár og út voru gefin þrjú blöð, alls ellefu sinnum. Aftur á móti var ekki leikinn nema einn leikur, en Friðrik Einarsson hafði verið formaður leikfélagsins frá byrjun var þá fjarri góðu gamni. Alls voru flutt 15 mál, m.a. þessi: skíðahlaup, aðflutningsbannið, lygi, járnbrautin og hvernig á að verja æskuárunum?

Aðalfundur var haldinn 18. nóvember og var sá fundur haldinn í húsi Kristínar Eggertsdóttur (Verkó). Fundinum stýrði Steindór Hjaltalín.

Kosið í stjórn Þórs

Formaður	Steindór Jónas Hjaltalín
Ritari	Egill Ragnarsson
Gjaldkeri	Gunnar Pálsson

Hallfreður Sigtryggsson var kosinn ritari en baðst undan og fór svo að í hans stað kom Egill Ragnarsson.

Varastjórn:

Varaformaður	Kristján Magnússon
Varaféhirðir	Gestur Bjarnason
Gjaldkeri	Sveinn R. Ólafsson

Endurskoðendur reikninga: Sigurður Þorsteinsson og Jón Hjaltalín.

“

Fundur haldinn þ. 7-11-1917. Fundurinn var haldinn í þeim tilgangi til að nema í burtu reglur þær, sem hafa verið í fjelaginu síðan að Fr. E. (Friðrik Einarsson) fór. Voru mjög miklar þrætur út af þessu.

”

Með lykilinn úti í bæ

Fundargerð aðalfundar lesin upp sökum þess að hún var eigi lesin upp á síðasta fundi af þeirri ástæðu að ritari gat eigi náð henni úr skrifborði föður síns, sem hún var lokuð í en hann var með lyklana á sér út í bæ. Fundargerð síðasta fundar ekki lesin upp vegna þess að hún var eigi innfærð í fundargerðarbókina.

Væringjafélag

Jón Norðfjörð kom með það mál hvort „Þór“ ætti að ganga í Væringjafélag Akureyrar. (Væringi var blað sem gefið var út til stuðnings Skátahreyfingunni á Akureyri).

En vegna þess hve fundurinn var fámennur var engin ákvörðun tekin í þessu máli og virðist sem svo að þetta hafi ekki borið á góma aftur.

Síðasti fundur þessa tímabils í sögu félagsins var haldinn 30. desember í húsi því, sem Bogi Daniélsson (veitingamaður og trésmiður) átti þá (Hafnarstræti 64).



Fundarstjóri þess fundar var Jón Norðfjörð. Þarna lagðist félagið í hálfis árs dvala þegar sorgin knúði dyra hjá félaginu á vordögum. En sorgin þjappaði mönnum saman og blés félagsmönnum baráttuanda í brjóst og Þór hélt velli.

M - 2 - 7 - 1

Númer	Nafn	Stærð
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22

Fundagerðarbækur frá
fyrstu áratugum í starfsemi
Þórs eru varðveittar á
Héraðsskjalasafninu á
Akureyri.

Máttur i Hrafnspilum

Númer	Nafn	Stærð
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40
41
42
43
44
45
46

Hér til vinstri eru
skjámyndir af þremur
opnum úr Gjörðabók Þórs,
Íþróttafélags Oddeyrar, fyrir
árin 1915-16.

Máttur i Hrafnspilum

Númer	Nafn	Stærð
47
48
49
50
51
52
53
54
55
56
57
58
59
60



1918

Sorgin knýr dyra

Lítið ber á starfi í Þór frá síðasta fundi, sem haldinn var í desember 1917, en félagið varð fyrir miklu áfalli á vordögum þegar Friðrik Sigurður Einarsson, stofnandi og fyrsti formaður félagsins, lést þann 23. mars. Friðrik var þá á átjándu aldursári. Friðrik hafði stundað nám syðra og var orðin stúdent og hugðist fara í nám læknisfræði haustið 1918. Í kringum 20. mars fékk Friðrik lungnabólgu vegna ofkælingar og lést hann 23. mars á heilsuhælinu á Vífilsstöðum.

Sorgin knýr dyra

Í maímánuði skutu nokkrir drengir á fund í forstofu hússins við Norðurgötu 15 og þar ákváðu þeir að hleypa nýju fjöri í Þór, Íþróttafélag Oddeyringa. Í framhaldinu var svo boðað til löglegs fundar, sem haldinn var í Gamla-Bíó. Þar var Garðar Jónsson kosinn formaður, en Garðar var síðar gerður að heiðursfélaga í Þór, sá fyrsti í sögu félagsins. Garðar átti eftir að láta mikið til sín taka, einnig eftir að hvarf frá félaginu. Hann lét sig miklu

“

Í blaðinu Íslendingi frá 27. mars 1918 segir orðrétt: „Friðrik Einarsson stud. art. er nýlega látinn á heilsuhælinu á Vífilstöðum. Friðrik heitinn var sonur Einars Einarssonar, verslunarmanns hjer í bæ. Hann var hinn efnilegasti piltur og einkar vel látinn.“

”

varða um hag félagsins. Ritari var kjörinn Hallgrímur Jónsson og gjaldkeri Björn Einarsson. Peningar, sem félagið hafði þegar það hóf starfsemi sína á ný þetta vorið, voru kr. 7,50, sem drengirnir auruðu saman, en svo voru drengir teknir inn utan funda fyrir 50 aura gjald og vænkaðist þá fljótt fjárhagurinn.

Hvar voru stúlkurnar

Allt frá stofnun félagsins höfðu stúlkur verið virkar í starfi Þórs en eftir þessa endurreisn skiluðu stúlkurnar sér ekki aftur fyrr en árið 1934, að því verður komið síðar. Á árinu voru haldnir nokkrir reglulegir fundir í sæmilegum húsakynnum, en ekkert lét félagið til sín taka opinberlega. En mestu um vert að félagið lognaðist ekki út af, hjartað sló enn, hélt áfram þótt heldur hafi farið lítið fyrir félaginu.

1919

Hljótt um íþróttahreyfinguna

Fátt er að segja af íþróttahreyfingunni á Akureyri í heild þetta árið og var þór í engu áberandi, frekar en önnur félög í bænum.

Formaður félagsins frá 1919-1921 var Hallgrímur Jónsson.

1920

Vallarleysið vandamál Þórsara

Enn var hljótt um Þór á árinu 1920 og þeirra helsta vandamál var vallarleysið. „Þórsararnir“ voru alveg útilokaðir frá íþróttavellinum í bænum og flestir litu þá hornauga. Þórsarar urðu því að bjarga sér sjálfir, sem best þeir gátu.

Snemma fékk Þór augastað á Gleráreyrum, sem hentugum stað fyrir vallarstæði og ákváðu menn þá að byggja þar íþróttavöll. Vinna hófst um sumarið og unnu meðlimir félagsins það starf í þegnskyldu, þegar þeir höfðu lokið venjulegum dagstörfum.

Já það kom snemma í ljós hve duglegir Þórsarar eru og hafa verið allar götur síðan við að vinna og leggja sínu liði lið.



1921

Á árinu 1921 tekur Steindór Hjaltalín við formennsku í Þór og situr í því embætti til ársins 1924. Þór vinnur til verðlauna á árinu, gullverðlauna.

Á árinu 1921 kemur Þór fyrst til keppni opinberlega, á skíðamóti sem haldið var 20. mars og átti félagið tvo keppendur. Þarna var keppt um tvönn verðlaun, önnur fyrir kappgöngu og hin standa í brekku þar, sem hengja var á leiðinni. Í brekkunni reyndu sig 12 keppendur. Sigurvegari varð Vilhjálmur Hjartarson frá Siglufirði. Í kappgöngunni voru gengnir 10 km og sigurvegari varð Sigursveinn Árnason úr Siglufirði. Keppnin fór fram skammt frá Rangárvöllum.

Þórsari vinnur

Akureyrarskjöldinn

Í apríl fór fram glímukeppni þar sem keppt var um Akureyrar-skjöldinn og átti Þór þar fimm keppendur af tíu, þeir voru. Garðar Jónsson, Jóhannes Jónatansson, Stefán Hinriksson og Steindór Hjaltalín og Guðmundur Ásgrímsson. Garðar vann Skjöldinn nú í annað sinn en hafði áður unnið hann undir merkjum U.M.F.A.

Gullpeninginn (unglingaverðlaun) vann Alfreð Steinþórsson (Mjölni 1908-19?) og Silfurpeninginn (drengrjaverðlaun) vann Guðmundur Ásgrímsson (Þór). Má því velta því fyrir sér að þetta hafi verið fyrstu sigrar Þórs.

Tímamót: Þór gengur í ÍSÍ og fær nýjan keppnisbúning

Það urðu merk tímamót í sögu félagsins þegar Þór gekk í Í.S.Í þann 26. maí. Enn fremur fékk Þór staðfestan sinn fyrsta íþróttabúning. Hvítar peysur, svartar buxur og svartir sokkar með tveimur hvítum röndum í uppabroti.

Á 17. júní átti Þór einn keppanda í fimm íþróttagreinum af sjö, sem keppt var í. Þarna unnu Þórsarar fjögur „gull“. Steindór Hjaltalín sigraði í hástökki, 100 m. spretthlaupi fullorðinna, 800 m. spretthlaup þá varð Garðar Jónsson í 1. sæti í kappglímu og fegurðarglímu. Auk þess vann sveit frá Þór reiptogið.

“

Íþróttafélagið Þór hér í bænum hefur undanfarið æft flokk ungra manna í ýmsum íþróttum, sérstaklega hefir félagið lagt stund á, að æfa íslenzku glímuna. Er þetta lofsverður áhugi hjá félaginu, þar sem að undanfögnu hefir hvílt mjög mikil deysð yfir öllu íþróttalífi hér í bæ. – Félagið hefir ákveðið að halda kvöldskemmtun n.k. sunnudag, 11. þ.m., og verður þar meðal annars sýnd íslenzka glíman af nokkrum vöskum mönnum. Færi vel að, sem flestir sæktu þessa samkomu, því ágóðanum af henni verður varið til þess, að efla íþróttir hér. – það er alviðurkennt, að framför í íþróttalífi hvers lands er einn sterkasti þáttur til að ala upp hrausta, drenglynda, hugaða og framsækna þjóð.

”

Fyrsta knattspyrnumótið hjá Þór

Nú tók Þór í fyrsta sinn, þátt í Knattspyrnumóti Norðlendingafjórðungs. Þór og U.M.F.A urðu jöfn að stigum, á undan Magna og Mjölni. Í úrslitum tapaði svo Þór 4:3 gegn U.M.F.A. Um haustið var svo haldinn kvöldskemmtun. Var þar erindi flutt, glímt og leikinn gamanleikur og var aðsókn mjög góð.

Lofsverður áhugi hjá félaginu

Þann 9. desember birtir blaðið Íslendingur grein eftir „Íþróttavin“ sem fer fögrum orðum um félagið í grein hann skrifaði.

„Líta á Björn sem pólítískan sjúkling“

Blaðið Dagur 17. desember sagði svo frá kvöldskemmtun einni er Þór hélt. „Kvöldskemmtun hélt Íþróttafélagið Þór s.l. sunnudagskvöld. Björn Líndal, lögmaður flutti erindi. Leikinn var gamanleikur í einum þætti „Kvöldið fyrir kóngsbænadaginn“. Síðan glímdu nokkrir menn og að lokum var dansað. Kvöldskemmtun þessi þótti mönnum all góð. Erindi Björns Líndals var að ýmsu leyti gott og margt vel sagt. Hann talaði einkum um Íslenzku glímuna. Taldi hana fremsta af íþróttum okkar og svo vinsæla

Sjá útdreginn texta efst á síðunni.

og lífseiga gegnum alla þrengingatíma þjóðarinnar, vegna þess að hún geri allra íþróttastar kröfur til drengskapar. Hvatti unga menn til að glíma jafnan drengilega, ekki einungis íslenzku glímuna heldur og sjálfa lífsins glímu, en það taldi hann vera íþróttina mestu. Þetta var grunntónninn í ræðunni og verður ekki sagt um það annað en gott. En galli var á þessari drengskaparprédikun Björns. Fylgjan hans rak upp höfuðið, þessi óstjórnlega ástríða að úthúða foringjum samvinnumanna við hvert tækifæri.

Hann helgaði þeim því sérstakan kafla í ræðu sinni á þann hátt, sem honum var eiginlegt. Smekkvísari mönnum en Björn er, og jafnvel hans fylgismönnum þótti leitt að honum skyldi ekki endast drengskapur, til þess að láta þetta ógert við þetta tækifæri, þar sem enginn samvinnumaður var til varnar. Samvinnumenn taka sér ekki nærri aðköst úr þessari átt, þau eru svo alvanaleg og sjálfsögð. Þeir líta meira og meira á Björn sem pólitískan sjúkling, sem þurfi að meðhöndla á alveg sérstakan hátt.“

Kvöldskemmtun hélt íþróttafélagið »Þór« s. l. sunnudagskvöld. Björn Línadal, lögmaður flutti erindi. Leikinn var gamanleikur í einum þætti: »Kvöldið fyrir kongsbænadaginn.« Síðan glímdu nokkrir menn og að lokum var dansað. Kvöldskemmtun þessi þótti mönnum allgóð.

Erindi Björns Línadal var að ýmsu leyti gott og margt vel sagt. Hann talaði einkum um íslenzku glímuna. Taldi þana fremsta af íþróttum okkar og svo vinsæla og lífseiga gegnum alla þrengingatíma þjóðarinnar, vegna þess að hún geri í allra íþróttastar kröfur til drengskapar. Hvatti unga menn til að glíma jafnan drengilega, ekki einungis íslenzku glímuna heldur og sjálfa lífsins glímu, en það taldi hann vera íþróttina mestu. Þetta var grunntónninn í ræðunni og verður ekki sagt um það annað en gott. En galli var á þessari drengskaparprédikun Björns. Fylgjan hans rak upp höfuðið, þessi óstjórnlega ástríða að úthúða foringjum samvinnumanna við hvert tækifæri. Hann helgaði þeim því sérstakan kafla í ræðu sinni á þann hátt sem honum var eiginlegt. Smekkvísari mönnum, en Björn er, og jafnvel hans fylgismönnum þótti leitt að honum skyldi ekki endast drengskapur, til þess að láta þetta ógert við þetta tækifæri, þar sem enginn samvinnumaður var til varnar. Samvinnumenn taka sér ekki nærri aðköst úr þessari átt, þau eru svo alvanaleg og sjálfsögð. Þeir líta meira og meira á Björn sem pólitískan sjúkling, sem þurfi að meðhöndla á alveg sérstakan hátt.

Viðavangshlaup íþróttafélagsins »Þór« á Oddeyri fór fram eins og auglýst hafði verið á sumardaginn fyrsta. Alls tóku þátt í hlaupinu 22 menn, og voru 8 frá U. M. F. Gagnfræðaskólans, 6 frá íþróttafélaginu »Mjólnir« Akureyri og 8 frá »Þór«.

Úrslit hlaupsins urðu þau að íþróttafélögin »Mjólnir« og »Þór« urðu jöfn, fengu sín 37 stig hvort, en U. M. F. G. tapaði með 54 stigum.

Fyrstu verðlaun hlaut Karl Pétursson U. M. F. G. er rann skeiðið á enda á 13 mín. 25 sek., 2. verðlaun Steingr. Kristjánsson (»Mjólnir«) 13 mín. 25³/₈ sek. og 3. verðl. Steindór Hjaltalín (»Þór«) 13 mín. 25⁴/₈ sek. Vegalengdin var 3550 metrar.

Til úrslita keppa sveitirnar úr Mjólnir og Þór aftur n. k. sunnudag kl. 2. e. h. á sama stað.

Úrklippa úr Íslendingi,

17. tbl., 21.04.1922, bls. 65 (timarit.is).


1922

Í febrúar skrifar Þór sambandsfélögum Í.S.Í. í Norðlendingafjórðungi og boðar til víðavangshlaups á Akureyri sumardaginn fyrsta. Þátttakendur voru 22 frá þremur félögum: 6 úr Mjölni, 8 úr U.M.F.A, 8 frá Þór. Mjölirnir og Þór urðu fyrst, jöfn að stigum eða 37 hvort, en í úrslitakeppni vann Mjölirnir 31:24.

Árið 1922 var mjög gott starfsár og eitt hið tilþrifamesta í sögu félagsins til þessa. Þjálfari félagsins um þær mundir var Axel Kristjánsson og kenndi hann glímu, knattspyrnu og hnefaleika. Axel var svo gerður að heiðursfélaga í Þór.

Gestirnir höfðu samúð fólksins

Mörgum bæjarbúum þótti Þór færast full mikið í fang, er hann bauð til keppni í glímu, fimm Reykdælingum. Fór glíman fram 10. febrúar í Samkomuhúsi bæjarins. Frá Reykdælum glímdu: Áskell Sigurjónsson, Ásvaldur Þorbergsson, Jón Stefánsson, Jörgen Þorbergsson og Sigurður Helgason. Frá Þór glímdu: Friðþór Jakobsson, Garðar Jónsson, Jóhannes Jónatansson, Stefán Hinriksson og Steindór Hjaltalín. Lauk glímunni með sigri Þórs 17:8 vinningum. Flesta vinninga hlaut Jóhannes Jónatansson og felldi hann Reykdæling-



Úrklippa úr *Degi*,
10. tbl., 09.03.1922, bls. 38 (timarit.is).

ana alla. Næstir urðu þeir Garðar Jónsson og Jörgen Þorbergsson. Var glíma þessi báðum hlutaðeigendum til sóma og höfðu Reykdælingar engu síður samúð fólksins sín megin.

Akureyrar-skjöldurinn

Næsti viðburður þessa árs var kappglíman um Akureyrar-skjöldinn. Var nú talsvert mikið undir því Garðar Jónsson hafði unnið skjöldinn tvö síðustu ár og gat nú unnið hann til eignar. Það gerði Garðar með glæsibrag og Akureyrar-skjöldurinn var hans. Fegurðarverðlaun hlaut Konráð Jóhannsson, Gullpeninginn (unglingaverðlaun) vann Óskar Antonsson og Silfurpeninginn (drengjaverðlaun) Guðmundur Ásgrímsson. Allir þessir menn voru úr Þór.

Sögulegur knattspyrnuleikur

Hátíðarhöldin 17. júní voru heldur lágstemmd þetta árið. Keppt var í fjórum íþróttagreinum og átti Þór einn mann í tveimur þeirra en tvo í þremur.

Í tengslum við hátíðarhöldin mættust Þór og Mjöltnir í sögulegum knattspyrnuleik. Einn af keppendum Mjöltnis meiddist í byrjun seinni hálfleiks og varð að ganga úr leik. Fór þá fyrsti varamaður Mjöltnis inn á völlinn og tilkynnti að hann ætlaði að leika í stað þess er meiddist.

Dómarinn Axel Kristjánsson hvað það með öllu ólög vera, og neitaði varamanni um að ganga inn í leikinn. All harðar deilur milli dómarans og Mjöltnis urðu út af þessu, en lauk svo að Mjöltnir lét undan þar er Þór hafi einnig mótmælt því að varamaður gengi inn í leikinn.

Mjöltnismenn leituðu upplýsinga hjá Agli Jacobsen formanni knattspyrnuráðs Íslands. Sagði Egill að almenn regla sé að ef leikmaður yfirgefur völlinn í tilfelli af meiðslum má annar koma í staðinn með samþykki sveitarforingja mót flokksins, og væri það ávallt leyft, að neita, þætti ekki sæma.

Þórsarar sammála

Í kjölfarið svaraði Þór að öllum mætti vera ljóst að dómarinn hafi ekki þekkt reglurnar og því ekki verið hæfur til að gegna þessu embætti. Þórsarar sögðu

enn fremur lítt sæmandi að æðsti dómari leikmóts ráðist að einum þátttakanda, með ástæðulausum niðrunarorðum í uppsagnarræðu mótsins. Slíkt er ekki vel til fallið, til að hvetja menn til þátttöku á íþróttamóti.

Þann 1. júlí fór félagið til Dalvíkur og keppti í knattspyrnu og 6. ágúst fór það vestur á Þelamörk og keppti við Hörgdæli. Ekki er vitað um úrslit þeirra leikja.

Þór vinnur Silfurknöttinn

Þór vinnur Silfurknöttinn í knattspyrnu í fyrsta sinn en keppt var um hann daganna 9. og 10. september.

Úrslit leikja urðu þessi:

Magni - Mjöltnir	10:0
Þór - UMFA	5:0
Magni - Þór	3:1
Mjöltnir - UMFA	0:0
UMFA - Magni	3:1
Þór - Mjöltnir	7:1

Þór lauk keppni með 4 stig, Magni 4 UMFA 3 og Mjöltnir 1. Þar, sem Magni og

Þór hlutu jafnmörg stig urðu liðin að mætast öðru sinni í hreinum úrslitaleik.

Sigurinn kostaði sitt

Það var svo þann 15. október að Þór og Magni mættust í hreinum úrslitaleik um Silfurknöttinn og hafði Þór betur 2:1.

Þennan sama dag hélt félagið hlutaveltu til ágóða fyrir Sjúkrasjóð sinn, sem tókst mjög vel. Þótti mönnum það tímabært enda fast sparkað í þá daga t.d. kostaði þessi sigur Þórs um Silfurknöttinn tvo féлага fótbrotna. Þetta árið lék Þór átta knattspyrnuleiki og vann Þór sjö þeirra en tapaði einum. Þór skoraði 35 mörk en fékk á sig aðeins sex.

Knattspyrnumót var háð hér á Akureyri s. l. laugardag og sunnudag. Kept var um verðlaunagrip, sem er silfraður íótknöttur í fullri stærð, gefinn af »U. M. F. Akureyrar« og Íþróttafélaginu »Magni« í Höfðahverfi fyrir þremur árum síðan. Tvisvar hefir áður verið kept um gripinn, árið 1919 vann »Magni« hann og 1921 »U. M. F. A.« og var það því handhafi hans nú.

Úrklippa úr *Degi*

37. tbl., 14.09.1922, bls. 120 (timarit.is).

-í. S. í.

Knattspyrnumót

í. S. í

fyrir Eyjafjarðar og Suður-Pingeyjarsýslu hefist á Akureyri 21. maí næst komandi. Kept verður um verðlaunagrip, sem er silfurbúinn hnöttur, eign U. M. F. A. og Knattspyrnufél. „Magni“ Höfðahverfi. Væntanlegir þátt-takendur gefi sig fram fyrir 15. maí n. k. til einhvers undirritaðs.

Hermann Stefánsson, Höfðahverfi.

Gunnar Sigurgeirsson, Óli Hertervig, Akureyri,

Úrklippa úr Degi

16. tbl., 20.04.1923, bls. 57 (timarit.is).

1923

Úrklippa úr Degi

16. tbl., 20.04.1923, bls. 57 (timarit.is).

Viðavangshlaup það er íþróttafélagið »Þór« gekst fyrir í gær reyndist fremur tilkomulítið. Voru þátttakendur 16 talsins frá tveimur félögum aðeins, »Þór« og »Mjólnir« og unnu Mjólnismenn frægan sigur, hlutu 21 mark á móti 34. Fljótastastur á hlaupinu var Snæbjörn Þorleifsson, Steingrímur Kristjánsson annar og Þorst-einn Benediktsson þriðji í röðinni, allir úr »Mjólnir«.

Rólegt í íþróttalífinu

Heilt yfir var heldur rólegt yfir íþróttalífinu á Akureyri þetta árið. Þór stóð fyrir víðavangshlaupi sumardaginn fyrsta og voru þátttakendur 19, það voru sjö frá Mjólni, sjö frá U.M.F.A og fimm frá Þór. Mjólnir vann hlaupið.

Þór vinnur Silfurknöttinn í annað sinn

Sú staðreynd að Þór hafi unnið Silfurknöttinn á síðasta ári í fyrsta sinn var án efa mikil hvatning til þeirra áfram til góðra verka. Keppt var um Silfurknöttinn í knattspyrnu og fór keppnin fram dagana 21.-23. maí. Þar stóð Þór uppi sem sigurvegari annað árið í röð.

Úrslit leikja voru eftirfarandi:

Þór - UMFA	8:2
Þór - Mjólnir	2:2
Þór - Magni	2:0

Þór hlaut 5 stig, Magni 4, Mjólnir 3 og UMFA 0.

Alls spilaði Þór fimm knattspyrnuleiki á árinu og vann þar fjóra leiki og gerði eitt jafntefli. Þór setti 20 mörk en fékk á sig sex.



Lið Þórs 1924. Sjá nöfn á bls. 52.

1924

Þessir skipuðu lið Þórs.

Efsta röð f.v.: Aðalsteinn Jónsson, Einar Malmquist Einarsson, Gestur Pálsson og Garðar Jónsson. Miðröð f.v.: Stefán Hinriksson, Steindór Hjaltalín og Frids Hansen. Neðsta röð f.v.: Vilhjálmur Jónsson, Jón Hinriksson og Eggert Stefánsson. Varamenn: Lárus Hinriksson og Jakob Ólsen.



Formaður Þórs þetta starfsárið var Steindór Hjaltalín.

Alls tóku 19 þátttakendur frá þremur félögum þátt í víðavangshlaupinu þetta árið, sjö frá Mjölni sjö frá U.M.F.A og fimm frá Þór. Mjölismenn sigruðu.

Þann 22. júní fór knattspyrnuflokkur frá félaginu til Húsavíkur og fengu Þórsarar þar prýðilegar móttökur.

Silfurknötturinn unninn til eignar

Norðurlendingamótið í knattspyrnu fór fram dagana 12.-15. október. Þór sigraði Mjölni 6:0 og U.M.F.A 4:1. Þór vann því mótið þriðja árið í röð og vann Silfurknöttinn til eignar.

Þetta árið háði félagið ekki nema fjóra knattspyrnuleiki og vann þá alla með markatölunni 24:4.

Fréttir.

Bæjarstjórnarkosningin Úraltin urðu þau, að C-listinn hlaut 516 atkvæði og kom að tveimur mánnum, B-listinn hlaut 306 atkv. og kom að einum, A-listinn hlaut 233 og kom ekki að manni. Kosningu hlutu:

Ragnar Ólafsson með 504 atkv.

Sg. Ein Hildar — 350 —

Halld. Friðjónsson — 305 —

Tveir hlutir fyrstaefndu eru endurkosnir, en Halldór Friðjónsson kemur í stað Þorsteins Þorsteinssonar, sem fór gengur. Heðr Þorsteinn getið sér góðan orðstíyr, en gaf ekki kost á sér til endurkjóra. Þó bæjarbóar gerðu sér þá skömm og skaða að halna Böðvari Bjarkan, er hann gaf kost á sér, var þó fylgi A-listans mikið, þegar á það er litið, að það fylgi er að mestu bundið við persónu Bjarkans, en ekki uppást af flokksþita. Viðar hafa farið fram bæjarstjórnarkosningar um þessar mundir. Á íslendi báru jalnað-

frést um annan skaða af völdum þessa vofurs.

Kaldalónsbankar III heitir nýtt-komið lag eftir Sigv. Kaldalóna, útsett fyrir harmonlum. Er lag þetta mjög þýtt og fallegt eins og flest lög Kaldalóna.

»Verkamaðurinn« hefur breytt um form nú um ársnótin og kemur sú dt í svipuðu formi og Alþýðublaðið. Er sú breyting til bóta.

Álfadans og brenna fóru fram á Gleisreyrum á sunnudagskvöldið. Stóð «Íþróttalegrið Þóru» fyrir honum. Var þar saman kominn mikill fjöldi manna.

Þingmálafundur. Alþm. Bernharð Stefánsson að Þverá hélt þingmálafund á mánudeginn í hinu nýja þinghúsi Hrafnagilshrepps. Alþm. Einar Árnason á Eyrarlandi gat ekki komið á fundinn vegna lasheika. Fjóruger umræður urðu á fundinum og allmargar tillögur samþykktar. Men Dagur síðar geta be'rtu þeirra. Einar gamli á

dýrust í skóverzlun Hvannbergsbræðra.

sára harmi að missa barn af slysförum. Enn er látni í fyrriðótt á heimili sínu hér í bænum hósfurð Helga Einaradóttir, kona Steingrims Pálssonar beykis, en systir Állheiðar, konu Halldórs Friðjónssonar ritstjóra, 54 ára gömul.

Nefndarkosningar í bæjarstjórninni fara fram eins og venja er til eftir bæjarstjórnarkosningar. Bæjarfulltrúi Ingimar Eydal flutti erindi um kosningar nefnda á bæjarstjórnarfund 13. þ. m. Lagði hann það til, að nefndir yrðu kosnar hlutfallkosningu á sama hátt og bæjarfulltrúarnir eru kosnir af kjósendum í bænum. Þessi regla er nú tekið upp í Kvík, Halnarfirði og víðar og er lögfest í nefndum bæjum. Er þetta gert til þess að tryggja minni hlutanum tiltölulega þátttöku í bæjarmálum, sem getur að öðrum kosti orðið heittr fullu óríki meiri hlutans.

Úrklippa úr Degi

2. tbl., 15.01.1925, bls. 7 (timarit.is).

1925

Úrklippa úr Degi

25. tbl., 18.06.1925, bls. 98 timarit.is).

Hátíðahald var hér í bænum í gær, 17. júní. Fór skemtunin fram úti á Oddeyrartúnum. Þorsteinn M. Jónsson hélt þar snjalla ræðu fyrir minni Jóns Sigurðssonar. Björn Lindal alþm. mælti fyrir minni Heilsuhælistélagssins og Jón bæjarstjóri fyrir minni Akureyrar. Auk þess fór fram lúðrablástur, íþróttir og dans. Veitingar voru seldar á staðnum. Allur ágóðinn af hátíðahaldi þessu rennur í Heilsuhælistélagssjóðinn.

Formaður Þórs árin 1925-1930 var Einar Malmquist Einarsson.

Álfadans og brenna

Álfadans og brenna. Þór stóð fyrir álfadansi og brennu sunnudagskvöldið 11. janúar. Brennan og álfadansinn fór fram á Gleráreyrum og var þar mikil fjöldi saman kominn.

Takmarkinu náð!

Þetta ár var mjög erfitt starfsár og lágu til þess ýmsar orsakir. Eftir að Knötturinn (Silfurknötturinn) var unninn, var „takmarkinu“ náð, og þess ekki gætt að setja félaginu ný markmið. Þó mun hitt hafa ráðið meiru um, að atkvæðamestu

félagarnir hverfa burt úr bænum, en þá voru ekki skipulagðar æfingar hjá yngri flokkum.

Samkvæmt heimildum er enga sigra að finna á skrá og virðist svo sem engin keppni hafi farið fram í bænum þetta árið. Þó var 17. júní haldinn hátíðlegur á „Péturstúni“ (Oddeyrartúnum skv. Degi 18. júní 1925) og fóru þar fram íþróttasýningar en félagakeppni engin þetta ár.

Ofurlítill lífsvottur var það að félagið æfði álfadans um veturinn, en veður hindraði að hægt væri að halda hann á Gamlárskvöld og var honum því frestað um óákveðinn tíma.

Ípróttafélagið „Pór“ heldur árshátíð sína
í kvöld.

1926

Fjölsóttur álfadans, en fátt segir af öðru

Á Þrettándanum voru álfadansinn og brennan haldin á Eyrunum við gífurlega aðsókn og ánægju bæjarbúa.

Annað tengt starfsemi Þórs er ekki að finna í skrá þetta árið.

Í Verkamanninum 16. febrúar er sagt frá því að Íþróttafélagið Þór haldi árshátíð sína það kvöld.

1927

Valsmenn í heimsókn

U.M.F.A gekkst fyrir veglegu íþróttamóti og bauð hingað Knattspyrnufélaginu Val úr Reykjavík. Þór tók þátt í þessu móti og átti þar tvo keppendur í kúluvarpi. Gestur Pálsson varð í 1. sæti, kastaði 9,90 metra og Friðþór Jakobsson í 2. sæti, kastaði 9,22 metra. Þá varð Gestur í 2. sæti í spjótkaсти, kastaði 35,88 metra.

Í knattspyrnu gerði Valur jafntefli við U.M.F.A. 4:4 en vann síðan Þór með 4:0 kvöldið eftir.

Nýr farandgripur gefinn

Að skilnaði gaf Valur félögnum á Akureyri farandgrip til keppni í knattspyrnu. Var það vandaður silfurbíkar, sem nefndur var Vals-bíkarinn, en þá hafði enginn gripur verið til að keppa um síðan 1924 að Þór vann Silfurknöttinn til eignar.

Úrklippa úr Degi

31. tbl., 21.07.1927. bls. 118 (timarit.is).

Íþróttamót

var hald hár á Akureyri Fíftudag og Laugardag, 17. og 18. Júní. Var mótið ungfist fyrir Bubur-Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýsla, en þátttahn varð engin frá Þingeyjarsýslu og aðrir einn maður frá Eyjafjarðarsýslu utan Akureyrar. Á mótiinu sfnadu einnig nokkrir Þeykvikingar Íþróttir, en tóku ekki þátt í verðlaunakeppni. Eru það meðlimir í knattspyrnuvælt knattspyrnufélaginu »Valur«, sem kom með Íslandinu 16. Júní hingað til hejarins og drakk hár þar til »Novas frá endur.

Þar hár 4 oflir skýrsla um heitsu úrslit Íþróttta þeirra, sem frun fóru á mótiinu:

Stökkkepp. Keptu sveitir frá U. M. F. A. og »Valur« og sigraði U. M. F. A. með 24½ sek. »Valur« 20 sek.

Stangarskið: Friðrik Jónson (Valur) stókk 2.95 m. Þorsteinn Tr. Þorsteinsson (Umfa.) stókk 2.36 m.

Hástíðir: Svanbjörn P. Jónsson (Umfa.) stókk 1.47 m. Karl Pétursson (Umfa.) 1.47 m. Konráð Glásson (Valur) 1.37 m.

Langstíðir: Karl Pétursson (Umfa.) stókk 5.87 m. Konráð Glásson (Valur) 5.78 m. Samundur Samundsson (Valur) 5.46 m. Gunnar Þorareason (Umfa.) 5.09 m.

100 metra hlæp. Konráð Glásson (Valur) rann skíðlið á 12 1/2 sek. Gunnar Þorareason (Umfa.) 13 sek. og Samundur Samundsson (Valur) 13 sek.

400 metra hlæp: Karl Pétursson (Umfa.) 2 mín. 14½ sek. Svafulr Friðriksson (Umfa.) 2 mín. 23 sek.

6000 metra hlæp: Karl Pétursson (Umfa.) 16 mín. 43½ sek. Svafulr Friðriksson (Umfa.) 16 mín. 51 sek. Kjartan Ólafsson (Umfa.) 16 mín. 36½ sek.

Kúluvarp: Gestur Pálsson (Þór) kastaði 9.90 m. Friðþór Jakobsson (Þór) 9.22 m. Steorri Jónsson (Valur) 8.54 m.

Kringlaust: Friðrik Jónson (Valur) kastaði 30.74 m. Eðvarð Sigurgeirsson (Umfa.) 25.25 m. Steorri Jónsson (Valur) 24.96 m.

Spjótkaust: Friðrik Jónson (Valur) 37.69 m. Gestur Pálsson (Þór) 35.88 m. Kjartan Ólafsson (Umfa.) 33.57 m.

Einframar keptu félligin í knattspyrnu. Fyrri kvöldið kepti »Valur« og U. M. F. A. og gerðu jafntefli með 4 mörkun hjá hvoru félagi. Seinni kvöldið keptu »Valur« og »Þór« og sigraði »Valur« með 4 mörkun móti 0.

Í. S. Í.

2. meistaramót Í. S. Í.

verður háð á Akureyri 14. og 15. júl. n. k. Hefir stjórn Í. S. Í. falið Ungmannafél. Akureyrar og Íþróttafélaginu »Þór« að halda þetta meistaramót Í. S. Í. sameiginlega.

Kept verður að öllu leyti eftir hinum nýju Leikreglum Í. S. Í. um meistaramót í Íþróttagreinunum nr: 1 til 16 (sbr: Leikreglurnar), og skulu keppendur gefa sig fram fyrir 1. júlí n. k. Umsóknir skulu sendar til formanns Íþróttaráðs Akureyrar, hr. Axelís Kristjánssonar, pósthólf: 146. Akureyri. — Þrenn verðlaun verða veitt í hverri íþrótt og sérslök verðlaun fyrir met.

Úrklippa úr Íþróttablaðinu

4. tbl., 01.04.1928, bls. 2 (timarit.is).

1928

Snemma árs er Þór falið, af Í.S.Í., að standa fyrir meistaramóti í frjálsum íþróttum á Akureyri 7. og 8. júlí. Það fór þó svo að ekkert varð af mótshaldinu á Akureyri sökum ónógrar þátttöku norðanmanna. Mótið fór svo fram í Reykjavík í ágúst í umsjón K.R.

Móti þessu var ætlað að hefja vakningu í íþróttalífinu norðanlands. Óskaði forstöðunefndin eftir því að Norðlendingar sendu glímumenn, auk þátttakenda í frjálsum íþróttum, til mótsins, en glíman var þá í hnignum hér.

Sameiginlegar æfingar

Í aprílmánuði ráða því félögin U.M.F.A og Þór í sameiningu Garðar S. Gíslason sem þjálfara og hófust sameiginlegar æfingar þessara félaga 26. apríl á leikvelli U.M.F.A.

Nýtt íþróttasvæði

Í ágústmánuði fékk stjórn Þórs fast leyfi bæjarstjórnarinnar fyrir íþróttavellinum á Gleráreyrum og landspildu að auki og var samsumars byggð hlaupabraut umhverfis völlinn.

Hugað að byggingu heitrar sundlaugar

Þetta ár ákvað sundnefnd Akureyrarbæjar að láta framkvæma rannsókn á laugunum í Glerárgiljum, með byggingu heitrar sundlaugar í huga, af því að stjórn U.M.F.A. hafði heitið málinu fullu fylgi og ríflegum fjárstyrk.

1929

Allt starf lá niðri

Allt starf hjá Þór lá niðri á þessu ári að heita má en hvað olli því er ekki gott að segja. Getur verið að 6. janúar árið áður hafi haft þessi áhrif á félagið þegar K.A. var stofnað? Ekki gott að segja en Þór reis upp aftur og hélt göngu sinni áfram, landi og þjóð til heilla.



1930

Endurlífgun

Í marsmánuði ákváðu nokkrir ungir menn að blása nýju lífi í Þór, en félagið hafði lítið sem ekkert starfað síðan í byrjun árs 1929. Þar sem ekki var um formlega endurreisn að ræða varð samkvæmt lögum að boða til aðalfundar, sem haldinn var í lðnskólahúsinu (Lundargötu 12) föstudaginn 9. maí. Þar mætti fráfarandi stjórn ásamt ungu drengjunum sem vildu blása lífi í Þór. Þar sagði stjórnin af sér og ný stjórn kosin.

Ný stjórn Þórs var þannig skipuð:

Formaður	Karl Eggertsson
Varaformaður	Jósef Sigurðsson
Ritari	Vigfús Einarsson
Gjaldkeri	Friðrik Hjaltalín

Hlaupið undir bagga

Ný félagslög voru samþykkt á fundi 9. maí, að greiða skuli vangoldin árgjöld félagsins til Í.S.Í. frá 1923-1930. Erfiðast var fjárleysið fyrst í stað, því að strax varð að útvega búninga og íþróttahöld fyrir um 800 krónur. Til þess að þetta gengi upp var gripið til þess ráðs að félagsmenn greiddu sjálfir fyrir búningana, en sú fyrirframgreiðsla hrökk



lðnskólahúsið að Lundargötu 12.

skammt. Hlupu þá oft góðir menn undir bagga og fyrstu fótkenntina eignaðist félagið fyrir samskot félagsmannanna sjálfra. Axel Kristjánsson lagði til kr. 30, Halldór Halldórsson söðlasmiður kr. 25, Steingrímur Björnsson kr. 50 og aðrir minna, en þegar saman kom tókst þetta allt giftusamlega. Til gamans má þess geta að íþróttapeysan kostaði kr. 7,50, buxur kr. 3,50 og sokkar kr. 2,50 eða samtals 13,50. Þá kostaði leikfimbólur kr. 2,50.

Búið við þröngan kost

Á það er svo að líta, að þá bjó allur almenningur við svo þröngan kost að forráðamenn félagsins neyddust til þess að veita sumum gjaldfrest á andvirði seldra búninga er frá leið og þess má líka finna dæmi, að þeir hafi freistast til að lána aðgöngumiða að afmælishófum, sem kostuðu þó ekki nema kr. 3.00 stykkið.



*Karl Eggertsson var formaður Þórs í 31 dag árið 1930,
en hann lést úr blóðeitrun eftir slys á bifhjóli.*

Nýr kafli

Fyrstu æfingar félagsins fóru fram á Gleráreyrum, síðar vestan við grasvöllinn góða, sem var arfur frá gamla Þór, en völlurinn var ekki tekinn í notkun fyrr en 1931.

Aftur knýr sorgin dyra hjá Þór.

Á hvítasunnudag varð Þór fyrir miklu áfalli, en þá lést formaður félagsins, Karl Eggertsson, og var mikil eftirsjá í honum. Við störfum hans tók varaformaður félagsins, Jósef Sigurðsson.



Úrklippa úr *Norðlingi*

106. tbl., 10.06.1930, bls. 1 (timarit.is).

Karl hafði fallið af bifhjóli og slasaðist talsvert við fallið en var talinn á batavegi þegar hann fékk blóðeitrun og henni fylgdi stífkrampi, sem varð honum að bana.

Karl Eggertsson var á 21. aldursári þegar hann lést og hafði einungis setið í stóli formanns í 31 dag. Fráfall hans var öllum mikil harmur. Þegar Karl var til grafar borinn voru fjölmargir Þórsarar viðstaddir og þeir höfðu skotið saman í veglegan krans við þetta tækifæri.

“

Um vorið hafði Karl Eggertsson formaður gert ráðstafanir til að útvega ýmsa hluti, sem félaginu vanhagaði um s.s. áhöld og búninga og hafði hann pantað þetta hjá H. Árnasyni Rvík. Fyrstu sendingarnar komu síðast í apríl, í rauninni áður en félagið var almennilega komi á fætur. Fyrstu peysurnar komu 11. júní. Til að útleysa búningana var sú aðferð höfð að félagar borguðu þá fyrirfram, en þar sem þetta hrökk ekki til fengum við lán t.d. lánaði Steingrímur Aðalsteinsson kr. 50 til að hægt væri að útleysa peysurnar. Fótboltana eignuðumst við fyrst á þann hátt að félagsmenn skutu saman fé fyrir þá.

”

Víðavangshlaup fór fram í gær, 3800 metrar. Í því tóku þátt Knattspyrnufélag Akureyr- ar og Íþróttafélagið Þór. Vann hið fyrnefnda með 22 stigum móti 33. Fljótastur varð Jónas Jónsson, K. A., á 12,20 mín.

Úrklippa úr Vísi. 129. tbl., 13.05.1930, (timarit.is).

Þann 11. maí stofnaði K.A. til víðavangshlaups og tók Þór þátt í því. En víðavangshlaup hafði ekki farið fram í bænum síðan 1924. K.A. hlaut 22 stig en Þór 33. Vegalengdin var 3.800 metrar og fyrstur varð Jónas Jónsson KA og annar varð Karl Grant úr Þór.

Fyrsti knattspyrnuleikurinn gegn KA

Félagið eignaðist góðan drengjaflokk í knattspyrnu og sigraði hann jafnan K.A. og U.M.F.A. en ver gekk í 1. fokki.

Þann 13. maí keppti Þór einn sinn fyrsta kappleik við KA. Var þá keppt um „Norris“ bolta, sem verslun Norðurlands gaf og hafði KA betur 5:3. Háði hann marga kappleiki um vorið og sumarið, en bar skarðan hlut frá borði, en sjálfsagt þótti þó alltaf að keppa.

Fyrstu æfingarnar voru á eyrunum við Glerá, utan og ofan við Þórsvöllinn. Mörk voru sett upp vestan við völlinn en ekki leikið á vellinum fyrr en hann var orðinn þurr, þá voru sett upp ný mörk og völlurinn girtur.

“

Fiskiskúrar K.E.A.

Um vorið hélt Hermann Stefánsson námskeið í frjálsum íþróttum á Þórsvelli. Var það afar vel sótt af Þórsmönnum auk þess sóttu aðrir úr öðrum félögum námskeiðið sem fór fram á kvöldin og höfðu menn fiskiskúr K.E.A. sem búningsklefa. Margir höfðu þann sið að baða sig í Glerá að loknum æfingum. Námskeiðið fór þó út í veður og vind áður en því var lokið þar sem Hermann fór suður á Alþingishátíðina áður en því var að fullu lokið. Námskeiðsgjaldið var kr. 10.00.

”

Í Haustmótinu í knattspyrnu, sem fram fór 4. og 5. október, tapaði Þór báðum sínum leikjum, gegn K.A. 5:2 og gegn Magna 2:1. K.A. vann svo Magna 4:1.

Hlutaveltu hélt Þór 11. október og urðu margir eldri félagar til að styrkja það myndarlega.

Um veturinn stunduðu all margir félagar leikfimi í L.F.A. og voru mjög hvattir til af forgöngumönnum félagsins, annars var aðalstarfið falið í fundahöldum.

Um veturinn fór formaðurinn Jósef Sigurðsson til Ísafjarðar og var þar um tíma, í fjarveru hans tók Tryggi Þorsteinsson við félagstjórn.

Alls voru haldnir níu félagsfundir á árinu og voru þeir flestir haldnir á Hótel Gullfossi eða Hótel Akureyri. Í fundargerðabók segir að margir klíkufundir hafi verið haldnir á heimili formannsins Jósefs Sigurðssonar. Þór hélt hlutaveltu þann 14. september.

“

Í nóvember er fyrst rætt um félagsmerki. Í nefnd voru kjörnir, Ingólfur Kristjánsson, Tryggvi Þorsteinsson og Georg Karlsson. Hvort þetta hafi verið frumútgáfa eða hvað er ekki gott að segja. Það er svo ekki fyrr en í nóvember 1932, sem næst er rætt er um félagsmerki.

”

“

Baldur Arngrímsson 1920-2015 gekk í Þór 1931. Af hverju Þór?

„Það var eiginlega þannig að við vorum með klúbb þarna á Eyrunum rétt sunnan við Bótina og við fengum stundum stráka sunnan af Eyrinni (Þórsara) til að spila við okkur. Þetta byrjaði eiginlega þannig. Þá fórum við að kynnast strákum þaðan og svo fórum við stundum inn eftir og spiluðum við þá og þá þurfti alltaf að vera einn fullorðin með til að færa inn úrslit.“

”

1931

Á aðalfundi sunnudaginn 18. janúar, sem haldinn var á Hótel Gullfossi var eftirfarandi stjórn kosin:

Formaður	Jósef Sigurðsson
Ritari	Leó Sigurðsson
Gjaldkeri	Ingólfur Kristinsson

Afmælisfagnaður

Afmælisfagnaður var nú haldinn í fyrsta sinn á Hótel Akureyri með um 60 þátttakendum. Kvöldskemmtun var haldin 8. mars og hlutavelta 6. september, sem tókst allvel. Var ákveðið að halda í þetta fyrirkomulag framvegis. En tap á þessum viðburðum var 118 krónur.

Fyrsti sigur á 1. flokki K.A.

Um vorið tók félagið þátt í íþróttamóti, sem K.A. gekkst fyrir 17. júní. Á þessu móti heppnaðist Þór í fyrsta sinn að sigra 1. flokk K.A. í knattspyrnu og lyftust heldur en ekki brúnir sumra við þennan sigur og töldu menn Þór nú vera að ná sér á strik. En brátt komust menn að raun um að það eru ekki alltaf jólin.

Frjálsar íþróttir voru talsvert æfðar hjá Þór og það voru þeir Tryggvi Þorsteinson, Ingólfur Kristinsson og Páll Friðfinnsson, sem sáu um þessar æfingar. Þátttakendur voru flestir þeir sömu og á námskeiðinu hjá Hermanni Stefánssyni vorið 1930, en nokkrir nýir bættust í hópinn.

KR-ingar í heimsókn

Síðar í mánuðinum, eða þann 25. júní, kom hingað íþróttaflokkur frá K.R. í heimsókn. Unnu þeir m.a. Þór 10:1 í knattspyrnu. En það voru ekki bara knattspyrnumenn í hópnum, aukinheldur var einnig fimleikaflokkur kvenna, hlauparar, glímumenn og handknattleiksflokkur. Um móttökur sá K.A.

“

Í sigurliði Þórs voru: Jensen, Eggert Stefánsson, Stefán Halldórsson, Jósef Sigurðsson, Jón Kristjánsson, Karl Aðalsteinsson, Tryggvi Þorsteinson, Ari Guðmundsson, Georg Karlsson, Vernharður Jónsson og Ingólfur Kristinsson.

”

“

*Baldur Arngrímsson 1920-2015 gekk í Þór 1931. Af hverju Þór?
„Það var eiginlega þannig að við vorum með klúbb þarna á Eyrinum rétt sunnan við Bótina og við fengum stundum stráka sunnan af Eyrinni (Þórsara) til að spila við okkur. Þetta byrjaði eiginlega þannig. Þá fórum við að kynnast strákum þaðan og svo fórum við stundum inn eftir og spiluðum við þá og þá þurfti alltaf að vera einn fullorðin með til að færa inn úrslit.“*

”

Á Héraðsmóti Svarfdælinga

Þetta sumar fór knattspyrnuflokkur frá félaginu til Dalvíkur til keppni á Héraðsmót Svarfdælinga og bar þar sigur úr bítum.

Enn og aftur tapaði Þór Haust-mótinu í knattspyrnu, því miður.

Búningaskýlið byggt

Fram að þessu hafði ekkert búningaskýli verið við íþróttavöllinn en vorið 1931 tóku félagar þá ákvörðun að byggja búningaskýli. Skýli þetta var svo síðar oftast kallað „Þórsskúrinn“. Hafði félagið marga sérfræðinga í þessari grein og lögðu flestir gjörva hönd á plóginn.

„Ef ég man rétt“ var Páll Friðfinnsson yfirmsmiður en Guðmundur Árnason undirtylla, aðrir þrælur voru „legis“.

“

Þegar Páll Friðfinnsson smiður sagði frá og vildi leggja áherslu á mál sitt þá sagði hann gjarnan „ef ég man rétt þá...“.

”



Staðið við Þórsskúrinn, búningaskýlið sem byggt var 1931. Myndin er tekin 1933.

*Frá vinstri: Ágúst Halblaub, Sigmundur Björnsson,
Jón Pétur Hallgrímsson, Gísli Magnússon og Jónas Traustason.*

Var unnið kappsamlega við skúrinn „og ef ég man rétt“ voru þar mörg orð í „tíma“ og „ótíma“ töluð, eins og við er að búast, þar sem Stefán Halldórsson var með auk allra annarra legáta. Skúrvinnan var á við góða skemmtifundi, og ef svo færi að fjalirnar fengju einhvertíma mál, og segðu frá því sem þær heyrðu við Þórsvöllinn, þá rifnuðu margir alvörumenn af hlátri.

Völlurinn í góðu standi

Þetta vor var stökkgryfjan fyrir sunnan suðurmarkið einnig löguð til og sömuleiðis markið sjálft, sem var rétt í vallarkantinum. Völlurinn var sagður í góðu standi en heldur stuttur og voru þá miklar umræður um að lengja hann til norðurs.

Ekki voru haldnir nema þrjár félagsfundir á árinu 1931.



Afmælisskemmtun í Samkomuhúsinu á 4. áratug 20. aldar.

1932

Á aðalfundi 31. janúar voru eftirtaldir kosnir í stjórn Þórs:

Formaður	Jósef Sigurðsson
Ritari	Tryggvi Þorsteinsson
Gjaldkeri	Leó Sigurðsson
Varaformaður	Stefán Halldórsson
Vararitari	Vernharð Sveinsson
Varagjaldkeri	Karl Grant

Fundurinn var mjög vel sóttur en hann sátu 90 manns. Jósef var kjörinn formaður með 29 atkvæðum, Tryggvi Þorsteinsson fékk 26 í sæti ritara og Leó 27 í sæti gjaldkera.

Tryggvi Þorsteinsson var fjarverandi á aðalfundinum og dvaldi í Reykjavík mestan hluta ársins og gat því ekki sinnt stjórnarstörfum.

Kosið var í nefndir:

Knattspyrnunefnd: Stefán Halldórsson, Guðmundur Halldórsson og Karl Grant.
Til vara: Stefán Aðalsteinsson.

Íþróttanefnd: Páll Friðfinnson, Karl Aðalsteinsson og Hans Hansen.
Til vara: Stefán Aðalsteinsson.

Vallarnefnd: Stefán Reykjalin, Stefán Stefánsson og Jón Ingimarsson.
Til vara: Guðmundur Árnason.

Slysatryggingarnefnd: Jón Hinriksson og Friðrik Hjaltalín.

Knattspyrna, 2. flokkur: Stefán Stefánsson, Þórhallur Gunnlaugsson og Kári Sigurjónsson.

Til vara: Jónas Hallgrímsson.

Knattspyrna, 3. flokkur: Björn Karlsson, Kjartan Eggertsson og Jón Egilsson.
Til vara: Ólafur Þorbjarnarson.

Félagið stóð fyrir afmælisfagnaði 23. janúar og voru þátttakendur 90 og svo kvöldskemmtun 3. apríl.

Skipt í starfsflokka

Reynt var að skipta félaginu í fjóra starfsflokka og gafst það heldur vel. Fyrirkomulag var með þeim hætti að skipaður var flokksforingi yfir hvern flokk og var þriggja manna dómnefnd kosin. Hlutverk þeirra var að fylgjast með hvernig félagar stunduðu æfingar og skyldi a.m.k. einn dómnefndarmanna vera á hverri æfingu.

Mánaðarlega skyldu flokkarnir keppa innbyrðis í knattspyrnu og frjálsum íþróttum og félagið veitti þeim einstaklingi verðlaun, sem flest stig á að baki. Flokkstjóri hvers flokks skyldi leggja áherslu á að menn iðkuðu íþróttina rétta

“

Í umræðum um vallarmál félagsins hélt Garðar Jónsson ræðu, sem lauk þannig.

„Garðar sagði að við skyldum ekki bera ösku ofan í völlinn þar, sem við vissum ekki hvernig það reyndist, heldur skyldum við gera tilraun með blett utan vallar. Hann sagði að við þyrftum að gera svo margt t.d. að setja net í hliðin, og kvaðst hann verða okkur hjálplegur við það, líka þyrftum við að lengja völlinn svo hann væri löggiltur fyrir kappleiki innan Í.S.Í. Sagði Garðar okkur frá milli landa kappleiknum milli Norðmanna og Dana, og dáðist hann mjög mikið að einum manni 38 ára gömlum, var hann með annan fótinn tvíbrottinn en hinn þríbrottinn. Í lok þessarar góðu ræðu sinnar kvaddi hann okkur, og um leið og hann gekk út úr dyrunum, dundi við ferfalt húrra hróp fyrir Garðari.“

”

og fagra og vera prúðir í öllum leikjum og framkomu. Mæta ávallt stundvíslega og ekki vera með hávaða og rifrildi og allslags hróp og köll, heldur byrja hverja æfingu með söng. Enn fremur skal dómnefnd athuga hvernig hver flokkur sækir vinnu við völlinn, viðvíkjandi því, sem félagið lætur gera í sumar. Skulu þeir þrír flokkar sem ósigur bíða gefa þeim flokki sem sigrar kaffi að loknu starfi. Kosið var svo í þriggja manna dómnefnd. Þeir sem voru kjörnir voru: Ingólfur Kristinsson, Páll Friðfinnsson og Stefán Halldórsson.

Þór lagði Bretana

Miðvikudagskvöldið 25. maí keppti Þór við flokk manna af enska eftirlitsskipinu „Cherwell“ og höfðu okkar menn betur 4:2. Þeir bresku léku daginn áður við KA og lutu þeir bresku í gras 3:0.

Frjálsar íþróttir voru allvel æfðar um vorið og tók félagið þátt í íþróttamóti K.A., sem haldið var dagana 16. og 17. júní. Einnig tók félagið þátt í 1. maí víðavangshlaupi og sá K.A. einnig um það mót. Lítið sem ekkert hefur fundist af afrekum á þeim mótum í dagblöðum frá þessum tíma.

Tekið var til þess ráðs að greiða Jóni Ingimarssyni kr. 10,00 fyrir hlaup á 17. júní og jafna þannig út skuld hans við félagið, þ.e. skuld vegna tveggja ára árstíllaga.

Sterkir Valsmenn

Þann 9. júní kom 2. flokkur Vals úr Reykjavík í heimsókn til Akureyrar og spilaði knattspyrnu við bæði Þór og K.A. Valsmenn byrjuðu á því að leggja 2. flokk

Þórs í knattspyrnu 6:0. Valsmenn mættu síðan 1. flokki karla úr K.A og skildu liðin jöfn. Um Valsmenn var sagt að þeir hafi verið svo sterkir að þeir hafi meira að segja gert jafntefli við 1. flokk K.A.

Valsmenn færðu Akureyringum skjöld að gjöf til verðlauna í knattspyrnumóti Norðlendingafjórðungs. Skjöldurinn var kallaður Valsskjöldurinn.

Þann 5. ágúst fór 1. flokkur Þórs til Sauðárkróks til knattspyrnukeppni og um haustið var svo keppt um Valsskjöldinn í fyrsta sinn. Lið Völsungs frá Húsavík hreppti skjöldinn. Völsungur vann bæði Þór og K.A 3:1. Í 3. flokki sigraði Þór K.A. og í 1. flokki varð Þór í 3. sæti á eftir K.A. og Magna, K.S. varð í 4. sæti.

Vestramenn sóttu Akureyringa heim í ágúst og sigruðu þeir Þór, 3:0. „Móttökur á Akureyri voru hinar höfðinglegustu, og róma Vestramenn mjög, hve dengilegur leikur Akureyringanna hafi verið,“ segir umfjöllun Skutuls 10. september 1932.

Müllers-æfingar og glíma

Í nóvember var ákveðið að efla fimleika, Mullers æfingar og glímu. Leó Sigurðsson samdi við Jakob Frímannsson um notkun á Müllers stofunni í Skjaldborg. Leiga á mánuði kr. 25 og innfalið í því verði var rafmagn, hiti og aðgangur að baði. „Í dag

segja menn Mullers æfingar einskonar forvera nútíma jóga.“ Um veturinn æfðu um 20 félagar „Müller“.

Hver er uppruni merkis Þórs?

Þegar hér er komið sögu hefur enn ekkert komið fram hver hannaði Þórsmerkið né heldur hvenær það varð til. En í nóvember 1930 var rætt um félagsmerki og í nefnd voru kjörnir, Ingólfur Kristjánsson. Tryggvi Þorsteins og Georg Karlsson. En hvert tilefnið var kemur ekki fram í bókun stjórnar, né dagbók formanns.

Félagsmerki í peysuna

Sunnudaginn 20. nóvember 1932 var í fyrsta sinn bókun varðandi félagsmerki Þórs. Stefán Halldórsson sagði á stjórnarfundi að sér hafi verið sýnt merki er festa skyldi í peysuna, og sér myndist það mjög fallett. Vildi Stefán að fundurinn samþykkti það, sem félagsmerki, einnig merki, sem flestir hefðu verið með í vor. Karl Grant kom með peysu með merkinu í og fannst öllum það mikil prýði á búningum. Var stjórninni falið að koma breytingunni í gegn.

Tuttugu félagsfundir voru haldnir á árinu.



Dórsarar 1933. Sjá nöfn á bls. 8o.

1933

Eru Müllersæfingar að leggjast af?

Eru Müllersæfingar að leggjast af? Í upphafi árs hafði formaður félagsins af því miklar áhyggjur að hinar margrómuðu Müllersæfingar væru að leggjast af. Þegar best lét í upphafi vetrar hafi um og yfir 20 tekið þátt í þeim en í dag vart meir en 10-12. Félagsmenn voru sammála að snúa þessari óheillaþróun við.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var á Hótel Gullfossi 29. janúar, var kjörið í stjórn.

Formaður	Leó Sigurðsson
Ritari	Vernharður Sveinsson
Gjaldkeri	Stefán Halldórsson

Í fastar nefndir voru skipaðir eftirtaldir:

Knattspyrnufnd: Jósef Sigurðsson, Georg Karlsson og Hjalti Svanlaugsson. Til vara: Kári Sigurjónsson.

Íþróttanefnd: Páll Friðfinnsson, Stefán Aðalsteinsson og Ingólfur Kristinsson.

Slysatryggingarnefnd: Arinbjörn Guðmundsson, Jón Kristinsson og Gísli Magnússon.

Endurskoðendur: Jón Hinriksson og Friðrik Hjaltalín. Til vara: Stefán Aðalsteinsson.

Félagið hélt sinn afmælisfangað að Hótel Herðubreið 4. febrúar með um 90 þátttakendum. Þann 25. sama mánaðar var haldin kvöldskemmtun og 1. apríl opinber dansleikur.

Þórsvöllur stækkaður

Stjórn Þórs sendi bæjarstjórn bréf þann 25. apríl og óskaði þess að fá full afnot af svæðinu vestan við íþróttavöll félagsins, allt að fiskþurrkunarreit K.E.A.

Bæjarstjórn varð við þessari beiðni. Um vorið unnu félagsmenn svo að því að lengja knattspyrnavöll félagsins, en til þess tíma hafði hann verið alltof stuttur.

Heitur sigur

Í maímánuði birtist í blöðum bæjarins ávarp frá fulltrúum íþróttafélaganna, um að hrinda í framkvæmd laugarveitunni úr Glerárgljúfrum.

Þann 12. ágúst var sigurinn unninn og rann þá heita vatnið í sundstæðið (Sundpollinn). Markaði þetta ár greinilega tímamót í sögu sundíþróttarinnar á Akureyri. Átti Þór eftir að láta mikið að sér kveða í sundíþróttinni innan fárra ára.

konur. Sundpollur Akureyrar er einnig opinn og baðklefar reistir austanvert við hann. Á þessu ári fékk þessi sundpollur ágæta endurbót við það, að 39 gráða heitu laugarvatni var veitt í pípum alla leið (ca. 5 kílómetra) ofan úr Glerárgljúfrum og blandað köldu vatni úr bæjarvatnsveitunni. Hefir vatnið í pollinum verið frá 15—21 gráða heitt eftir tíðarfarinu. Stormar kæla einkum vatnið. Heita vatnið er einnig notað (eins og á Laugalandi) til að hita með baðklefana. Það hefir til þessa gefizt mjög vel að hafa nefndar sundlaugar opnar. Það er aðeins í sérlega köldu hriðarveðri, sem menn hafa kinokað sér við að nota laugarnar. Annars er aðsókn mikil á degi hverjum. Þó að Akureyrarpollurinn hafi verið afarmikið notaður (einkum af skólafólki) hefir ekki borið á neinum smitandi kvillum, sem kenna mætti heita vatninu, líkt og komið hefir fyrir við hinar yfirbyggðu sundlaugar. Um vatn er skipt í Akureyrarpollinum á vikufresti, og botninn (sem er aðeins mölborinn) hreinsaður. Ráðgert er að steinsteypa botninn, og verður þá ræstingin auðveldari.

Úrklippa úr Heilbrigðisráðgjörslum 01.12.1933, bls. 122 (timarit.is)

Í Heilbrigðisráðgjörslum 1933, sem samdar voru af landlækni eftir skýrslum héraðslækna og öðrum heimildum, er fjallað um Sundpollinn á Akureyri.

Á íþróttamótinu 17. júní tókst 1. flokki Þórs loks að gera jafntefli við K.A. í knattspyrnu og þótti það viðburður á þeim árum.

Íþróttafélagið Fram úr Reykjavík kom í heimsókn 21. júní og sigraði 1. flokk Þórs 5:1.

Vegleg sundsýning var haldin 26. ágúst og rann allur ágóði hennar til laugarveitunnar.

Á haustmótinu kom K.S. í fyrsta sinn með 3. flokk og gerðu þeir jafntefli við Þór, 2:2, en töpuðu fyrir K.A.

Félagar stunduðu Müllersæfingar af kappi á árinu.

Aðeins þrjár félagsfundir voru haldnir þetta árið.



Æfing á Þórsvelli 1933.

Aftast frá vinstri: Jóhann Guðmundsson, Bragi Magnússon, Kári Sigurjónsson, Gísli Magnússon og Bragi Brynjólfsson. Fyrir miðju: Þorvaldur Stefánsson og Ágúst Halblaub. Fremst frá vinstri: Þór Sigþórsson, Sigtryggur Júlíusson og Baldur Sveinsson.



Aftast frá vinstri: Jónas Traustason, Kári Sigurjónsson og Gísli Magnússon. Miðröð frá vinstri: Arinbjörn Guðmundsson og Sigmundur Björnsson. Fremst frá vinstri: Ágúst Halblaub, (vantar nafn) og Hjalti Svanlaugsson.



Handboltakonur í Þór á 4. áratug 20. aldar. Sjá nöfn á bls. 88.

1934

Þór hélt aðalfund félagsins á Hótel Gullfossi þann 14. janúar og voru eftirtaldir kjörnir í stjórn, atkvæðafjöldi í sviga:

Formaður	Ingólfur Kristinsson (41)
Ritari	Valdemar Haraldsson (32)
Féhirðir	Stefán Stefánsson (25)

Til vara: Reimar Þórðarson formaður, Stefán Aðalsteinsson féhirðir og Rannveig Ingimarsdóttir ritari.

Endurskoðendur reikninga: Jósef Sigurðsson og Leó Sigurðsson.

Kosið var í nefndir.

Íþróttanefnd: Hafliði Guðmundsson formaður, Jón Ingimarsson og Jónas Hallgrímsson. Til vara: Lára Halldórsdóttir.

Knattspyrnunefnd: 1. og 2. flokkur: Gísli Magnússon formaður, Kári Sigurjónsson og Ágúst Halblaub. Til vara: Þorvaldur Stefánsson.

Vallarnefnd: Guðmundur Árnason formaður, Jón Hallgrímsson og Sigtryggur Júlíusson.

Slysatryggingarnefnd: Rannveig Ingimarsdóttir formaður, Vernharður Sveinsson og Hjalti Svanlaugsson.

Knattspyrnunefnd 3. flokkur: Snorri Sigfússon og Stefán Aðalsteinsson.

Á fundinum var kjörin fimm manna nefnd til undirbúnings kvöldskemmtunar um veturinn. Formaður var Gísli Magnússon og með honum Rannveig Ingimarsdóttir, Lára Halldórsdóttir, Reimar Þórðarson og Guðmundur Halldórsson. Þá var rætt um afmælisfagnað félagsins og var stjórninni falið að annast undirbúning.

Söguleg tímamót

Sá sögulegi atburður gerðist á fundinum að fimm stúlkur gengu í félagið og voru þá liðin 17 ár að engin stúlka hafði talist félagi í Þór. Fleiri stúlkur fylgdu brátt á eftir og þótti þetta merkisviðburður í sögu Þórs.

Þessar fimm konur voru: Lára Halldórsdóttir, Margrét Þorleifsdóttir, Rannveig Ingimarsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Þórunn Kristjánsdóttir.

Á fundinum var stjórninni falið að undirbúa stofnun sundklúbbs innan félagsins.

Akureyringum finnist lítið til um slíka skussa

Á fundinum var tekin umræða um hvort þeir sem æfa glímu ættu að sýna opinberlega eða ekki. Eftir miklar umræður sagði Gísli Magnússon, sem hafði verið einn af þeirra pílta sem æft höfðu, að ekki kæmi til greina að þeir sýndu opinberlega á þessum vetri. Færði hann þau rök fyrir því að Akureyringar væru svo vanir að horfa á fallega glímu að þeim myndi lítið finnast til um slíka skussa, sem þeir væru, en hins vegar kvaðst hann því mjög fylgjandi að haldið yrði áfram að æfa, hvað sem öllum sýningum liði. En fundurinn ályktaði svo að æfingum skyldi haldið áfram.

Mættir voru 47 atkvæðisbærir félagsmenn.

Fleiri konur bætast í hópinn

Viku eftir aðalfundinn eða þann 21. janúar gengu átta konur til viðbótar í félagið og voru því orðnar 13.

Þessar átta bættust í hópinn: Sigurlaug Stefánsdóttir, Eva Hjálmarsdóttir, Elín Brynjólfsdóttir, Ester Benediksdóttir, Rebekka Jónsdóttir, Friðný Baldvinsdóttir, Þyrí Eydal og Steinunn Snorradóttir.

Afmælisfagnaður Þórs var haldinn í Skjaldborg laugardaginn 3. febrúar, með um hundrað þátttakendum. Þá var stofnaður sundflokkur, seinni hluta vetrar byrjuðu svo stúlkurnar að læra leikfimi hjá Ármanni Dalmannssyni íþróttakennara og strax um vorið tóku þær að æfa handknattleik hjá sama kennara.

Frumleg tilraun

Gísli Magnússon kom með skemmtilega tillögu um hvernig hægt væri að lífga upp á fundi. Tillaga Gísla, sem var samþykkt, var í meginráttum þessi.

Eftir hvern fund skrifuðu félagar ýmsar skemmtilegar spurningar á miða, sem settir yrðu í kassa. Þegar allir hefðu skilað af sér yrði kassinn opnaður og spurningarnar lesnar upp. Mættu félagar svara þeim ef þeir vildu.

Blaðamanni leiddist

Sunnudaginn 11. mars hélt félagið kvöldskemmtun í Samkomuhúsinu. Þar var meðal annars á dagskránni hin íslenska glíma. Svo virtist sem blaðamanni blaðsins Dags eða „áhorfanda“ sem skrifaði um skemmtunina í Dag 15. mars hafi fundist heldur lítið til

dagskrárinnar koma, að glímunnar undanskilinni.

„Var meðal annars þar á skemmtiskrá hin þjóðlega íþrótt, Íslenska glíman. Þetta eina atriði á skemmtiskránni kom mér til að dvelja þar um kvöldið. Ég fagnaði yfir því, að ennþá væru þó til hraustir drengir, sem þyrðu að koma í eina bröndótta.“

Íþróttafélagið Þór.

A sunnudagskvöldið 11. þ. m. hélt íþróttafélagið Þór kvöldskemmtun í samkomuhúsi bæjarins.

Var meðal annars þar á skemmtiskrá hin þjóðlega íþrótt, Íslenska glíman.

Þetta eina atriði á skemmtiskránni kom mér til að dvelja þar um kvöldið. Eg fagnaði yfir því, að ennþá væru þó til hraustir drengir, sem þyrðu að koma í eina »bröndótta».

Glímumennirnir voru átta talsins: Karl Aðalsteinsson, Guðmundur Árnason, Hafliði Guðmundsson, Ágúst Halblaub, Jónas Hallgrímsson, Þorvaldur Stefánsson, Gísli Magnússon og Jón Ingimarsson. Veitt voru tvenn verðlaun, fyrir flesta vinninga og fegurðarglímu. Bæði verðlaunin hlaut Guðmundur Árnason.

Blaðamaður Dags segir enn fremur í sinni frásögn:

Blaðamaður Dags segir enn fremur í sinni frásögn: „Það sem einkenndi glímu þessara ungu manna var, hvað þeir glímdu yfirleitt drengilega, aldrei brá fyrir minnstu tilraun að níða mótstöðumanninn niður.“

Æft með K.A.

Sunnudaginn 4. júní voru æfðar frjálsar íþróttir þar sem fáir mættu til æfinga enda var hvassviðri mikið. „Nokkrir æfðu hlaup og aðrir köstuðu.“ Ennfremur mættu nokkrar stúlkur til æfinga í handbolta og á sama tíma hófst æfing í knattspyrnu.

“

Í dagbók Gísla Magnússonar segir: „einungis 9 mættu á knattspyrnu-æfinguna, sem var fyrir 1. og 2. flokk. Fór svo að lokum að þeir félagar fóru suður á K.A. völl þar sem skipt var með þeim og úr var fjörug æfing.“

”

Gáfu tvo silfurbikara

Í júnímánuði gaf Þór tvo silfurbikara til keppni í 2. og 3. flokki í knattspyrnu. Var þessi keppni upphaf árlegra vormóta og í þetta sinn vann K.A. í 3. flokki og Þór í 2. flokki.

Óbrotin en mikið löskuð

Sunnudaginn 10. júní hófst knattspyrnu-
mót 2. og 3. flokks, sem Þór stóð fyrir.
Óhætt er að segja að menn hafi talsvert
þurft að hafa fyrir því að knýja fram úrslit
í 3. flokki. Eftir jafnan leik og framleng-
ingu var staðan jöfn, 1:1. Var ákveðið að
liðin mættust að nýju þriðjudaginn 12.
júní. Þennan sama dag, þ.e. 10. júní,
mættust Þór og K.A. í 2. flokki og hafði
Þór betur, 3:1. Nokkuð af vönum
mönnum vantaði í Þórslíðið, sem þó vann
örugglega 3:1 í leik sem var sagður ójafn.

Úrslitaleikur?

3. flokkur Þórs og K.A. mættust öðru
sinni en fyrri leiknum lauk með 1:1
jafntefli og nú skyldi leikið til þrautar. En
eftir jafnan og spennandi leik var staðan
jöfn 3:3 og var leikurinn framlengdur um
2x10 mínútur. En viti menn enn og aftur
var jafnt og var ákveðið að liðin mættust
í þriðja sinn fimmtudaginn 14. júní og þá
skildi leikið til þrautar.

“

Höndin óbrotin en marín og illa löskuð. Um leikinn segir í dagbók Gísla J. Magg.

*„Afskaplegur spenningur var í áhorfendum, svo að varla hefir sést hér annað eins.
Leikurinn var mjög fjörugur og var oft knappt að ekki yrði mark. Þór spilaði
auðsjáanlega betur, hafði meira samspil, en K.A. hafði mikið stærri stráka og gaf
stærri spörk. Þeir, sem báru af hjá Þór voru Tryggvi og Óli. Olgeir Jóhannsson
miðvörður í K.A. sparkaði í hönd á Hilmari Ásgrímssyni hægri framverði í Þór að
hann varð að fara til læknis. Læknirinn hélt að höndin væri brotin, en svo reyndist þó
ekki þegar tekin var mynd af hendinni daginn eftir, heldur marín og mikið löskuð.“*

”

Hafgola en líka logn

Fimmtudagurinn 14. júní rann upp og nú skyldi reyna enn og aftur að knýja fram úrslit í vormóti 3. flokks í knattspyrnu. Þegar leikurinn hófst var talsverð hafgola og ákváðu Þórsarar að leika á móti vindi í fyrri hálfleik og treystu á að vindinn lægði í þeim síðari, fengju þeir valið um mark. Það gekk eftir og spiluðu Þórsarar gegn vindinum í fyrri hálfleik en til allrar óhamingju gerði K.A. þrjú mörk í hálfleiknum en Þór ekkert. En í síðari hálfleiknum datt allur vindur niður og úr varð blankalogn. Í síðari hálfleiknum skoraði Þór 2 mörk en K.A. eitt og hafði því betur í þessari viðureign 4:2.

Við ofurefli að etja

Keppt var í frjálsum íþróttum og boðsundi í tengslum við 17. júní hátíðarhöldin. Skemmst er frá því að segja að KA hafði mikla yfirburði og átti efstu menn í flestum greinum.

Þó átti Þór einn verðlaunahafa í 70 metra boðsundi en þar varð Kári Sigurjónsson í 3. sæti.

Auk Þórs og KA þá áttu U.M.F. Geisli og U.M.F. Efling keppendur, sem náðu mjög góðum árangri.

Allt blautt og templarnarnir líka

Þann 5. júlí fór fram knattspyrnuleikur milli Þórs (2. fl.) og Góðtemplara. Lið templaranna var styrkt með nokkrum úr Þór og að auki voru aðeins tíu leikmenn í liði Þórs. Veður var gott en talsverð rigning hafði verið skömmu fyrir leikinn svo völlurinn var rennandi blautur, sem og boltinn sem var þungur og sleipur og illt að spila honum. Eftir dauflegan og leiðinlegan leik hafði Þór betur, 3:2.

Sundmeistaramót Í.S.Í fór fram á Akureyri dagana 8.-11. júlí. Keppendur voru 20 frá sex félögum, sem voru þessi: Sundfélagið Ægir, Knattspyrnufélag Reykjavíkur, Glímufélagið Ármann, Þór, KA og U.M.F. Efling Reykjadal.

Tóku gestirnir að sunnan allflest verðlaun á mótinu. Var keppt um tvo bikara sem Smjörlikisgerð Akureyrar og Axel Kristjánsson kaupmaður gáfu.

Sigur í boðsundi

Þór átti nokkra keppendur í Sundmóti Norðlendingafjórðungs og átti ágætu gengi að fagna. Þór vann 10x35 m boðsund karla og K.A. kom á eftir í 2. sæti.

Á haustmótið kom svo K.S. með 3. flokk og var sú keppni mjög skemmtileg.

K.S. - K.A. 2:2

K.A. - Þór 2:2

K.S. - Þór 1:0

Í 2. flokki sigraði Þór og í 1. flokki KA.

Dagur á Dalvík

Í september fóru knattspyrnumenn úr Þór til Dalvíkur til að spila gegn heimamönnum. Dalvíkingar höfðu beðist þess að spila við þá. Heldur brösuglega gekk að fá menn til að fara út eftir til Dalvíkur en hafðist að lokum. Hópurinn hélt til Dalvíkur á sunnudeginum 9. september og þegar þangað var komið var sest að kaffidrykkju. Knattspyrnuleikurinn hófst svo klukkan 15 og um það leyti sem leikurinn hófst gerði rigningu og norðan hvassviðri og hélst svo út leikinn. Leikurinn var sagður fjörugur og vel spilaður sérstaklega af Þórsurum.

Boðhlaup eftir leik

Eftir að knattspyrnuleiknum lauk báðu Dalvíkingar Þórsara að hlaupa með þeim boðhlaup, sem þeir og gerðu. Þeir sem hlupu fyrir Þór voru Gorri, Dúddi, Maggi og Bragi.

Dans í dagslok

Eftir knattspyrnuleikinn og boðhlaupið var aftur sest við kaffidrykkju og síðan var slegið upp balli og stigin dans í klukkutíma eða þar til menn héldu heim á leið.

Eftirminnileg ferð og um hana var ort kvæði „Dalvíkurför“, sem sjá má aftast í kaflanum 1915-1940.

Á haustdögum var efnt „krónuveltu“ innanfélags og fengust með því allnokkrar tekjur. Þann 30. nóvember var haldinn innanfélagsdansleikur.

Um haustið samdist svo með L.F.A. og Þór að félögin sæktu saman þá fáu og óhentugu tíma, sem þeim höfðu verið úthlutaðir í leikfimi húsi Menntaskólans. Kennari var Magnús Pétursson.

Þennan vetur var gerð tilraun með glímukennslu innan félagsins og kenndi Konráð Jóhannsson undirstöðuatriði glímunnar.

Alls voru átta félagsfundir haldnir þetta árið.



*Handboltakonur á 4. áratug 20. aldar fyrir framan Þórsskúrinn.
Ella Brynjólfsdóttir, Lára Halldórsdóttir, Alfa Hjálmarsdóttir, Stefanía Kristinsdóttir,
Auður Aðalsteinsdóttir, (nafn ekki vitað) og Arnfríður Ingimarsdóttir.*



*Leikfímiflokkur Þórs
á 4. áratug 20. aldar.*



1. flokkur Þórs í knattspyrnu 1935. Sjá nöfn á blx. 158.

1935

Á árinu samþykkir ÍSÍ nýjan félagsbúning Þórs.

Farið daglega „úti“

Veturinn 1934-1935 keppti Þór í þrígang við K.A. í sundi og hafði betur í öll skiptin. Á fyrst tveimur mótunum kepptu átta manna sveitir en á síðasta mótinu kepptu 15 manna sveitir. Ekki er vitað í hvaða sundgreinum menn kepptu en í dagbók var sagt að margir strákanna hafi verið duglegir að æfa og farið daglega „úti“.

Þór og K.M.A. (knattspyrnulið Menntaskólans) áttust við í knattspyrnuleik sem fram fór sunnudaginn 20. janúar. Leikurinn hófst klukkan 10 að morgni og þótti afar skemmtilegur og vel leikinn. Snemma í fyrri hálfleik gerði Þór tvö mörk og var annað þeirra sagt „undurfagurt“. K.M.A. náði að minnka leikinn en Þór bætti svo við tveimur mörkum í fyrri hálfleik. Ekkert var skorað í þeim síðari svo Þór vann leikinn 4:1.

Fjölgað í stjórn

Á aðalfundi Þórs sem haldinn var í Skjaldborg 30. janúar var lögum félagsins breytt á þá leið að nú var kosin fimm manna stjórn í stað þriggja áður. Þessir

hlutu kosningu:

Formaður	Sigmundur Björnsson
Ritari	Kári Sigurjónsson
Gjaldkeri	Stefán Stefánsson
Bréfitari	Jón Pétur Hallgrímsson
Féhirðir	Gísli Magnússon

Til vara: Magnús Guðmundsson, varaformaður, Jónas Hallgrímsson vararitari og Stefán Aðalsteinsson varagjaldkeri.

Á fundinum var samþykkt samhljóða stofnum sundklúbbs/sundflokks.

Formaður félagsins upplýsti að hann hafi átt tal við Ólaf Magnússon sundkennara, sem kvaðst myndi útvega flokknum tíma í hverri viku, en aðeins félagar Þórs sætu fyrir er varðar aðgang að sundlauginni.

Karлакór innan Þórs?

Reimari Þórðarsyni var falið að kanna möguleika á því að stofna karlakór innan félagsins.

Þór vann en Glerárþorpsbúar töpuðu. Sunnudaginn 20. janúar léku Glerárþorpsbúar knattspyrnuleik gegn KA, þorpsbúar töpuðu leiknum 3:0. Þá mættust einnig lið Þórs og lið Menntaskólans, Þór vann leikinn 3:1.

Á framhaldsaðalfundi, sem haldinn var í Skjaldborg 17. febrúar, lagði formaður félagsins fram nýja vinnureglu, sem stjórnin hafði samþykkt 10. þ.m. til að ná sem besta skipulagi á hverjum stjórnarfundum.

Fundareglan hljóðaði svo:

1. gr. Reykingar stranglega bannaðar.
2. gr. Allur óþarfa umgangur og hávaði bannaður.
3. gr. Að formaður skipi dyravörð í byrjun hvers fundar, sem hindri gagnslaust ráp um dyrnar.
4. gr. Að fundastjóri og ritari sitji andspænis fundamönnum og öðrum stjórnarmeðlimum.

Fjórar fastanefndir

Á þessum tíma voru fjórar fastanefndir starfræktar í Þór; íþróttanefnd, knattspyrnunefnd, vallarnefnd og slysatrygginganefnd. Þrjár aðilar skipuðu hverja nefnd og einn til vara. Formaður nefndi fyrsta mann sem formann hvers nefndar, sá nefndi annan mann og annar þann þriðja. Síðan valdi formaður hvers nefndar sér varamann.

Íþróttanefnd: Stefán Aðalsteinsson formaður, Magnús Guðnason og Lára Halldórsdóttir. Jón Ingimarsson til vara.

Knattspyrnunefnd: Jón Kristinsson formaður, Bragi Brynjólfsson og Gústaf Júlíusson. Sigtryggur Júlíusson til vara.

Vallarnefnd: Hjalti Svanlaugsson formaður, Jónas Hallgrímsson og Karl Aðalsteinsson. Reimar Þórðarson til vara.

Slysatrygginganefnd: Ágúst Halblaub formaður, Jón Egilsson og Arinbjörn Guðmundsson. Þorvaldur Stefánsson til vara.

Nýr búningur samþykktur

Nýr búningur Þórs var samþykktur á framhaldsaðalfundi félagsins. Formaður félagsins, Sigmundur Björnsson, greindi frá því að allnokkrir félagsmenn vildu skipta um félagsbúning. Höfðu félagarnir fengið lánaða peysu hjá Eiríki Kristjánssyni, peysu með gulum og svörtum langröndum, gulum kraga og líningum. Svartar buxur höfðu þeir látið leggja tveim gulum langröndum utan á skálmunum og tveimur gulum þverröndum neðst á skálmarnar og einni þverrönd efst á buxunum. Sokkana höfðu menn hugsað sér svarta með gulum þverröndum í uppabroti.

Flutningsmenn að þessari tillögu, Reimar Þórðarson og Gísli Magnússon, sögðu



Þórslíð í nýja búningi félagsins sem samþykktur var 1935. Myndin er tekin fyrir framan Þórsskúrinum einhvern tíma á árunum 1935-1940.

gamla búninginn, hvíta peysu og svartar buxur, sem hingað til hafi verið notaður, óheppilegan að mörgu leyti, að flestir byrjendur og aðrir sem íþróttir stunda hefðu slíka búninga og enn fremur væru fjögur eða fimm önnur félög í landinu að nota sama búning að félagsmerkinu undanskildu. Einnig bentu þeir á þá staðreynd að á æfingar mættu margir íþróttamenn ekki í búningi félagsins og jafnvel ekki í kappleiki og ætti slíkt ekki að líðast. Búningurinn hjá Eiríki myndi kosta kr. 7,50 hver peysa og eftir stærð pöntunar gæti hann gefið 10% afslátt. En svo fór að Jakob Frímannsson sagðist geta útvegað búninginn í gegnum K.E.A á 7-8 krónur settið. Félagsmenn yrðu að greiða fjórðung til helming verðsins við pöntun og það sem eftir standi við afhendingu. Lögð var fram tillaga þess efnis að gamli búningurinn yrði felldur úr gildi og var sá nýi samþykktur með 24 atkvæðum gegn þremur. Félagið fékk svo bréf frá Í.S.Í þar sem tilkynnt var að

sambandið hafi á fundi 13. mars staðfest nýjan búning Þórs.

Glíma og leikfimi

Í janúar og febrúar æfði félagið áfram leikfimi með L.F.A., alls 33 tíma. Kennari var M. Pétursson. Þá var glíma kennd í 20 tíma og kennari var Sigurður Helgason.

Afmælisfagnað hélt Þór í Skjaldborg laugardaginn 2. febrúar með um 100 þátttakendum. Þann 10. mars stóð svo félagið fyrir fimleikasýningu með 12 drengjum og átta fullorðnum. Annan páskadag sýndu 14 drengir leikfimi og sjö fullorðnir íslenska glímu.

Þann 17. mars fór fram boðsundskeppni í sundlauginni milli K.A. og Þórs, 8x40 metra og hafði Þór betur. Þann 26. maí var aftur keppt við K.A. í 15x35 metra boðsundi og hafði Þór aftur betur. jafntefli 3:3.

Nýi búningurinn staðfestur

Í apríl staðfestir Í.S.Í. nýjan búning Þórs, sem félagið hafði ákveðið. Nýi búningurinn er þannig: Peysan með gulum og svörtum langröndum, buxur svartar með gulum leggingum og sokkar svartir með gulum röndum í uppabroti.

Um haustið samdi félagið enn við L.F.A. um sameiginlega leikfimi, en nú kenndi eldri flokknum Þórir Björnsson og þeim yngri Sigmundur Björnsson.

Reginhneyksli hve klúr hann Palli er

Þór og K.A. mættust í 3. flokks mótinu í knattspyrnu á annan í hvítasunnu, 9. júní. Leikurinn var sagður afar fjörugur þrátt fyrir mikla rigningu. Bestir hjá Þór voru Dúlli og Snorri Sigfús og sögðu menn að Snorri hafi verið alveg framúrskarandi. K.A. menn voru einnig sagðir góðir í leiknum en Páll (K.A. maður) svo klúr og fantalegur að það hafi verið alveg reginhneyksli.

Sparkaði Sveini inn í markið

Eitt sinn í leiknum þegar staðan var 2:1 Þór í vil skaut Palli að marki Þórs og

Eitt sinn í leiknum þegar staðan var 2:1 Þór í vil skaut Palli að marki Þórs og Sveinn markvörður greip boltann. Fylgdi Palli þessu eftir að miklu offorsi og sparkaði Sveini inn í markið – yfir línuna með boltann í fanginu.

Æstir áhorfendur

Við þetta atvik urðu áhorfendur mjög æstir og hlupu inn á völlinn og heimtuðu þetta ógilt mark. En dómariinn dæmdi mark og við það stóð. Páll var ekki hættur því þegar 15 mínútur lifðu leiks sparkaði Páll svo hressilega í Óla (Þórsara) að hann varð að ganga af leik. Þessum sögufræga leik lauk með jafntefli, 3:3.

Vormótin í knattspyrnu unnust öll að þessu sinni. Í 1. flokki var keppt um nýjan bikar sem K.A. gaf. Þór lauk keppni með 3 stig, K.A. 2 og Völsungur 1 stig. Í 2. flokki kepptu Þór og K.A. til úrslita en þar er keppt um Þórsbikarinn sem Þór gaf á síðasta ári. Þór lagði K.A. 4:2 og vann bikarinn annað árið í röð.

Þór stóð fyrir sundmóti Norðlendinga-fjórðungs 7., 8. og 9. september. Keppt var m.a. í 50 og 100 m sundi (frjáls aðferð) fyrir drengi, 200 m bringusundi

karla, 100 m sundi kvenna (frjáls aðferð), 400 m sundi karla (frjáls aðferð). Að lokum var keppt í 4x50 m boðsundi og þar öttu kappi lið frá Þór og K.A. Sundið var sagt afar spennandi en Þór vann boðsundið á tímanum 2 mín. 19,4 sekúndur. Þessir kepptu fyrir Þór: Jón Egils, Kári Sigurjónsson, Sigmundur Björnsson og Magnús.

K.A. hlaut flest stig á mótinu. Ágóði af móti þessu var krónur 216,91 og rann til sundlaugarinnar.

Lesið lögreglusamþykkt Akureyrarkaupstaðar!

Á fundi stjórnar í september var lesið upp erindi frá lögreglunni. Þar skorar Aðalsteinn Bergdal á formann félagsins að félagið áminnti og leiðbeindi sérstaklega yngri strákunum, að halda sig á réttum kanti götunnar og gangstéttarinnar og reyna skapa þar keppni milli strákanna, um að hegða sér vel á götum og bera af öðrum drengjum hvað hegðun og umferðarreglur snerti. Las formaðurinn nokkra kafla úr lögreglusamþykkt Akureyrarkaupstaðar og benti drengjunum á, að þessa samþykkt gætu þeir fengið á lögreglustöðinni og lesið hana.

Höfðu verið í sveit og ekki snert bolta

Síðari hluta septembermánaðar fór fram 3. flokks mótið í knattspyrnu. Í fyrsta leik vann K.S. lið Þórs 7:0. Að sögn var ekki við öðru að búast þar sem strákarnir höfðu ekki haft samæfingu og flestir verið í sveit um sumarið og ekki snert bolta. Í öðrum leik lagði K.S. lið K.A. manna 3:1 og varð þar með sigurvegarar mótsins. Í lokaleiknum lagði Þór lið K.A. 3:2 en sá leikur fór fram 7. október.

Í 2. flokki þar sem keppt var um Valsbikarinn mættu aðeins Þór og K.A. til leiks en Húsvíkingar, sem kærðu mótið 1934, mættu ekki. Voru því öll úrslit þess móts gerð ónýt. En Þór og K.A. þurftu að mætast í tvígang, fyrri leiknum lauk með jafntefli 3:3 en Þór hafði betur í öðrum leik, 6:1.

1. flokks mótið var haldið á Grenivík í byrjun nóvember og er óhætt að segja að framkvæmd þess var miður góð og illa gekk að koma liðunum saman í sátt um leikjaniðurröðun, sem hefði átt að vera lokið. Þar sem Magni hafði unnið árið áður var mótið haldið á Grenivík. En á þessu móti var keppt um Valsbikarinn. Þórsarar mættu í mótið snemma

laugardags en þeir voru ferjaðir með m/b Bergþóri. Þegar á Grenivík var komið voru móttökurnar afar fátæklegar eða nánast engar. Þó hafi þeir sem á bryggjunni voru verið fálátir og sögðu að Hermann Stefánsson hafi sagt að Þór hafi hætt við þátttöku. Magni hafði þegar unnið K.S. þegar á Grenivík var komið, lokatölur 3:2.

Siglfirðingar gestrisnir

Þórsarar héldu upp í skólahús þar sem Siglfirðingar héldu til og fengu þar kaffi og hlýjar móttökur.

Þórsarar og K.S.ingar héldu upp á völl að sparka, sem endaði með því að liðin tóku klukkutíma leik en lengur var ekki hægt að spila sökum myrkurs. Þegar leik var hætt var staðan 4:1 Þór í vil. Þegar þarna var komið sögu var ákveðið að Þór og Magni myndu mætast á sunnudagsmorgni kl. 10.

Múður og mas

K.S. og Magni sögðu leik Þórs og K.S. ólögmetan og leikinn yrði að spila aftur. Þetta tóku Þórsarar ekki í mál og eftir talsvert múður og mas var ákveðið að Þór og K.S. spiluðu hálf tíma leik og mörkin frá kvöldinu áður myndu standa

Að þessu búnu mættust Þór og Magni í afar föstum leik og vægði hvorugur. Þór vann leikinn 4:3.

Þegar til kom að Þór og K.S. áttu að klára leikinn fór svo að Siglfirðingarnir gáfu leikinn. Þarna hafði K.A. unnið bæði K.S. og Magna og stigin stóðu þannig að Þór og K.A. voru með 4 stig, Magni 2 og K.S. án stiga. Úrslitaleikur Þórs og K.A. fór fram á Akureyri 13. október. Veður var ágætt sólskinslaust og hlýtt í veðri. K.A. vann úrslitaleikinn 3:1.

Þennan sama dag var síðasti leikur 3. flokks mótsins milli Þórs og K.A. og höfðu okkar menn betur 3:1. Fór svo að K.S. vann mótið með 4 stig, Þór 2 og K.A. var án stiga. 3. flokkur K.A. skoraði á jafnaldra sína úr Þór í knattspyrnuleik, sem fram fór 20. október. Þór hafði betur í leiknum 3:1. Þriðji flokkur karla lék tvo æfingaleiki gegn M.A. í nóvember. Fyrri leikurinn var gegn fyrstu bekkjum og hafði Þór betur, 3:2, en seinni leikurinn var gegn 2. bekkjum og lauk þeim leik með markalausum jafntefli.

Ófremdarástand

Á fundi í nóvember vakti Tryggvi Þorsteinsson máls á því ófremdarástandi, sem ríkti varðandi vetraræfingar í fimleikum. Sagði Tryggvi að til að geta hafið æfingar í leikfimi vantaði félagið sárlega húsnæði. Benti Tryggvi á að aðeins einn húsræfill, sem notaður væri til fimleika og væri það fimleikahús Menntaskólans, en það hús uppfyllti ekki þau skilyrði sem slík hús eiga að gera.

Öllum þeim litlu áhöldum sem þar eru til er illa haldið við, rúður í gluggunum víða brotnar svo að þar snjóar inn á vetrum, ekkert heitt það og ofninn í húsinu ekki í góðu lagi, reykti hann svo að dimmt væri af reyk í húsinu og hurðir í mesta ólagi. Utan þess sem Menntaskólinn notaði ekki húsið hefðu íþróttafélög bæjarins og Hermann Stefánsson fengið þar tíma til fimleikaiðkunar.

Afgangstímar handa íþróttafélögunum

En Hermann Stefánsson, sem mikil umráð hefur með húsinu og mikið með það að gera, hefur tekið þar tíma fyrir sig og sína flokka og látið svo hina flokkana hafa afganginn, sem bæði eru fáiir og óhentugir tímar. Benti Tryggvi á, að Þór þyrfti að senda bæjarstjórninni bréf og

krefjast þess, að hún sæi íþróttafélögunum hér fyrir því að Menntaskólahúsið fengist í vetur til fimleikaæfinga, endurgjaldslaust og því skipt jafnt milli félaganna. Ennfremur að öllum áhöldum, baði og öðru væri komið í lag.

Eina leiðin

Fundarmenn voru sammála um að þetta væri eina leiðin, til þess að geta haldið uppi leikfimi í vetur, því félagið gæti ekki haldið uppi og borið þann kostnað, sem af því leiddi, sökum fjárskorts.


Samið við L.F.A.

Þór samdi við L.F.A. um æfingar í leikfimi í nóvember og desember. Þórir Björnsson (L.F.A.) kenndi eldri félögum og Sigmundur Björnsson (Þór) þeim yngri. Hvor flokkur æfði tvær æfingar á viku en einnig voru knattspyrnuæfingar inni tvisvar í viku.

Þetta ár vann Þór knattspyrnumót í fyrsta sinn frá 1930 en það var vormót gegn K.A. og Völsungi frá Húsavík. Þann 15. september keppti Þór í fyrsta sinn í nýja búningnum gegn K.A. og tapaði Þór 8:2. Sama dag lék Þór sundknattleik við K.A. og tapaði honum 1:0.

Stjórnarfundir á árinu voru 5.

1936



Opna úr fundargerðabók Þórs 1930-1965, aðalfundur 12. janúar 1936

Sameinað knattspyrnulið Akureyrar leikur gegn Reykdælum og fékk lið Akureyringa nafnið „Þór/KA“ og spurning hvort þetta sé í fyrsta sinn að þetta nafn beri á góma?

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í Verslunarmannafélagshúsinu þann 12. janúar voru eftirfarandi kjörnir í stjórn:

Formaður	Sigmundur Björnsson
Ritari	Kári Sigurjónsson
Gjaldkeri	Stefán Stefánsson
Bréfritari	Jón Pétur Hallgrímsson
Féhirðir	Gísli Magnússon

Fyrsti varamaður: Magnús Guðmundsson

Annar varamaður: Stefán Hallgrímsson

Þriðji varamaður: Reimar Þórðarson.

Þá voru þau Lára Halldórsdóttir og Stefán Aðalsteinsson kjörin endurskoðendur.

Alþekkt nafn dugar

Innan Þórs hafði verið um langt skeið sú venja í stjórnarkosningum að ekki væri skylt að setja skírnarnafn viðkomandi – alþekkt nafn dugar. Dæmi um þetta: skírnarnafn *Stefán Halldórsson* en alþekkt nafn hans *Bibbi Halldórs*.

Áhaldaverðir á fundinum

Í fyrsta sinn voru nú kjörnir tveir áhaldaverðir en slíkt hafði ekki þekkt í Þór. Áhaldaverðir eiga að varðveita þau

Í fyrsta sinn voru nú kjörnir tveir áhaldaverðir en slíkt hafði ekki þekkt í Þór. Áhaldaverðir eiga að varðveita þau íþróttaáhöld er félagið á, auk íþrótta-vallar og búningaskýlis; sem sagt koma í stað þeirra nefnda, er niður voru felldar. Áhaldaverðir voru kjörnir Hjalti Svanlaugsson með 11 atkvæðum og Jón Kristinsson með átta atkvæðum.

Húsið ónýtt og því lokað

Eins og kom fram á haustdögum ríkti ófremdarástand varðandi aðstöðu eða öllu heldur aðstöðuleysi varðandi æfingar innanhúss. Ástand á íþróttahúsi Menntaskólans var vægast sagt dapurt og að dómi margra ætti að vera búið að loka því. Þórsarar æfðu leikfimi, glímu og knattspyrnu í nóvember og desember og fyrirhugaðar voru æfingar til vors. En í byrjun árs var tilkynnt að húsinu yrði lokað í lok janúar. Þar með var ekkert starfhæft íþróttahús til á Akureyri. Voru gerðar tilraunir til þess að ýta við bæjarstjórn í þessu máli, en ekkert gekk.

Ýmislegt reynt

Í þessu ófremdarástandi leituðu félögin ýmissa ráða en ekkert gekk. Var t.d. rætt um að breyta Caroline Rest í íþróttahús

en af því að svo margir voru á móti hesthúsinu varð enn ekkert íþróttahús í bænum. Enn fremur var lokið við að setja gólf í búningaskýlið.

Afmælisfagnaður

Afmælisfagnaður félagsins var haldinn í Skjaldborg 1. febrúar og sóttu 150 félagar samkomuna. Annan dag páska var haldinn opinber dansleikur og var svo góður hagnaður af honum, að félagsmenn réðust í að girða íþróttasvæðið sitt af um vorið og ný marknet voru riðin í mörkin.

Fimmtudaginn 9. apríl (skírdagur) kepptu Þór og M.A. í 10x40 m boðsundi. K.A. vann 1. flokks vormótið í knattspyrnu eftir framlengdan leik, 4:3, en Dalvíkingar unnu 2. flokk og Þór 3. flokk.

“

Í dagbók Gísla Magnússonar frá 21. maí 1936.

„Kepptu úrvalslið úr Þór og K.A. gegn ruslinu úr félögunum og nokkrum úr K.A.

Ruslið vann 6:2“

”

Júní- og Þórsbikarinn

Þór og K.A. mættust í fyrsta flokks mótinu í júní þar sem keppt var um júní-bikarinn. Jafnt var 3:3 í leikslok svo framlengja varð leikinn og þar skoraði K.A. eitt mark en Þór ekkert svo K.A. vann júní-bikarinn. Sama dag mættust sömu félög í 3. flokki. Leiknum lauk með jafntefli 1:1 svo liðin þurftu að mætast öðru sinni tveim dögum síðar. Þá hafði Þór betur 1:0 og vann þar með Þórsbikarinn.

Dalvíkingar komu, sáu og sigruðu

Dalvíkingar komu, sáu og sigruðu í 2. flokks mótinu í knattspyrnu og fóru ósigraðir heim með Þórsbikarinn, sem Þór hafði unnið tvö árin þar á undan. Dalvíkingar byrjuðu á því að leggja Þór 2:1 og því næst lögðu þeir K.A. að velli 2:1. Af einhverjum ástæðum mættust ekki Þór og K.A. í þessu móti.

KR-ingar í heimsókn

K.R. heimsótti Akureyri um byrjun júlí en þar voru á ferðinni knattspyrnumenn í fyrsta flokki. Öttu þeir kappi gegn Þór og K.A. og höfðu gestirnir betur 4:3 gegn K.A. en leikinn gegn Þór unnu þeir 9:0.

Eyjamenn í heimsókn

Knattspyrnufélag Vestmannaeyinga kom í heimsókn til Akureyrar 10. júní og mætti Þór og K.A. í fótbolta. Leiknum gegn K.A. lauk með 3:3 jafntefli. Þann 14. júní léku Eyjamenn gegn Þór og höfðu gestirnir betur, 7:0. Þór og K.A. fóru með gestina í Vaglaskóg en eftir leikinn gegn Þór fóru Þórsarar með gestina fram í Grund í Eyjafirði.

Lá veikur heima

Þetta ár hlaut félagið jafnmörg stig og K.A. í Sundmóti Norðlendingafjórðungs en Þór sendi 11 þátttakendur til leiks. Þá sendi Þór tvo keppendur á Sundmeistaramót Íslands á Álfafossi, þá Magnús Guðmundsson og Jón Egilsson. Til stóð að Kári Sigurjónsson færi einnig en hann komst ekki vegna veikinda. Ferðin gekk vel en lítið var um vinningana.

Norskur knattspyrnukennari

Reidar Sörensen hinn Norski knattspyrnukennari kom til Akureyrar í júlí og var hann við kennslu hjá Þór og K.A. Félögin sáu um ferðakostnað og upphald en Í.S.Í. greiddi laun hans kr. 300, sem var styrkur til félaganna, Þórs og K.A.

Fridthor Nensen

Í lok júlí keppti Þór við skipsmenn af Norska eftirlits skipinu Fridthor Nensen og hafði Þór betur 2:0.

Þór/KA í fyrsta sinn?

Í byrjun ágúst kom beiðni frá knattspyrnuliði Reykdæla að Þór kæmi austur og léki gegn Reykdælum. Leikurinn skyldi fara fram 2. ágúst. Þá hagaði því þannig til að nokkrir félagar úr Þór ásamt nokkrum KA mönnum voru staddir á þeim tíma á skemmtisamkomu á Breiðumýri þannig að samblanda Þórs og KA manna mættu í þennan leik. Sameinaða lið Akureyrar var nefnt Þór/KA og unnu þeir lið Reykdæla með einu marki.

Sörensen kvaddur

Knattspyrnumenn frá Akureyri drukku kaffi með Reidar Sörensen á Hótel Gullfoss kvöldið áður en hann fór. Líkaði mönnum hið prýðilegasta við hann og höfðu haft gott og gagn af kennslu hans, þó mönnum hafi þótt alltof fáir hafi nýtt sér þessa kennslu.

Þór lék þó nokkra æfingaleiki í ágúst m.a. gegn starfsmönnum Gefjunar í þrígang og Fridthjof Nansen. Þór vann þrjá af

þessum leikjum en mátti þola tap gegn starfsmönnum Gefjunar í seinasta leiknum. Í lið Þórs vantaði fjölmarga af lykilmönnum.

“

Eftir tap leikinn gegn Gefjun kvað Páll Friðfinnsson (Þingvalla Palli):

*Átök voru æði stór,
ýmsir hlutu skeinu.*

*Frækin Gefjun felldi Þór,
með fjórum á móti einum.*

”

Félagið hélt hlutaveltu þennan sama dag og voru drættirnir 1.135. Um kvöldið var svo haldinn dansleikur.

K.A. vann haustmótið í knattspyrnu í 1. flokki, Þór varð í 2. sæti og K.S. í 3. sæti. Þór vann mótið og Valsskjöldin í annað sinn í 2. flokki er liðið sigraði K.S. 3:0 og K.A. 4:2. K.S. frá Siglufirði vann svo mótið í 3. flokki.

Á hálum ís

Um haustið tók félagið á leigu tún Sverris Ragnars, sunnan við Gránufélagsgötu, og lagt var í mikinn kostnað við tilraunir til þess að koma upp skautasvelli, en veður var svo óhagstætt að svellið nýttist ekki sem skyldi.

Caroline Rest, nei, takk

Í byrjun desember fékk félagið bréf frá Ungmennastúkunni Akurliljunnni á þá leið að félagið kysi þriggja manna nefnd til undirbúnings, og að hrinda í framkvæmd, byggingu nýs íþróttahúss. Eftir umræður voru þeir Sigmundur Björnsson, Kári Sigurjónsson og Jón Egilsson kjörnir í þá nefnd. Fundurinn sendi svohljóðandi tillögu með nefndarmönnum: „Fundur haldinn í Íþr.Þór sunnudaginn 6. desember 1936 mótmælir eindregið að Caroline Rest verði breytt í íþróttahús heldur verði byggt nýtt og fullkomið

íþróttahús með nýttu áhöldum, baði o.s.frv.“ Tillöguna fluttu þeir Sigmundur Björnsson og Kári Sigurjónsson.

Batnandi fjárhagur

Batnandi fjárhagur var staðreynd þrátt fyrir að árgjöld skiluðu sér illa.

Reksturinn var þó mun betri en árið 1935. Má þar þakka tekjur sem fengnar voru með hlutaveltu og dansleikjum en innheimta árstíllaga gekk afar illa og aðeins 13 félagar stóðu í skilum.

Félagar í árslok 1936 voru 137 og fjórir félagsfundir haldnir.



Fimleikaflokkur 1937-1940. Sjá nöfn á bls. 161

1937

Á aðalfundi Þórs, sem haldinn var á Hótel Akureyri þann 10. janúar voru eftirfarandi kosnir í stjórn:

Formaður	Kári Sigurjónsson
Ritari	Ásgrímur Stefánsson
Gjaldkeri	Stefán Stefánsson
Bréfitari	Jón Pétur Hallgrímsson
Féhirðir	Gísli Magnússon

Á liðnu ári hafði Þór séð að baki tveggja félaga sem höfðu látist, en það voru þær Alda Brynjólfsdóttir og Berta Ólafsdóttir. Fundamenn minntust þeirra með því að rísa úr sætum.

Á aðalfundinum var samþykkt með naumum meirihluta tillaga frá minnihluta stjórnar að gera tilraun til eins árs með því að lækka árgjöld félagsins þannig að karlar borgi þrjár krónur í stað fimm og konur fara úr 2,50 í tvær krónur. Þetta er gert vegna þess hve illa gengur að innheimta árgjöldin. Borið hafði á því að rígur væri á milli hins almenna félagsmanns og stjórnar og það varð til þess að Lilja Halblaub bað menn þess að þeir myndu laga þetta hið snarasta því félagið þrífist best ef allir stæðu saman sem einn maður, en ekki hver upp á móti öðrum.

Afmælisfagnaður félagsins var haldinn á Hótel Akureyri 6. febrúar og sóttu 150 manns hátíðina.

“

„Þá lá ekki fleira fyrir fundinum, svo honum var slitið klukkan tæplega 24, en þá var farið niður í skemmtisal hótelsins (Hótel Akureyri) og þar stigin dans eins og ákveðið hafði verið.“

Ásgrímur Stefánsson ritari janúar 1937

”



Jón Pétur Hallgrímsson og Kári Sigurjónsson, stjórnarmenn í Þór í áraradír.

Þórsarar minntust Davíðs Kristjánssonar, sem lést á sjúkrahúsi Akureyrar 9. febrúar eftir langa legu. Á fundi í mars risu fundamenn úr sætum og minntust látinn félagi síns.

Við útför Davíðs gaf félagið aðstandendum hans áletrað minningarspjald.

Íþróttahússmálið var enn og á dagskrá, en þrátt fyrir ítarlegar tilraunir Þórsara til að koma þessu máli áfram í samvinnu við önnur félög í bænum liðu enn tvö ár þangað til að björninn yrði unninn. Húsið var vígt árið 1944. Reynt var að sameinast um að halda svokallaðan íþróttadag, helst 17. júní, til ágóða fyrir byggingu væntanlegs íþróttahúss.

Æft á ís

Að æfa á ís væri í sjálfu sér afar eðlilegt ef um skautaiþrótt væri að ræða. Á skírdag fór hópur Þórsara yfir í Vaðlaheiði á skíði en á sama tíma var æfð knattspyrna á ísnum. Þá stóð félagið fyrir dansleik í Samkomuhúsinu og fyrir dansi lék hljómsveit af Hótel Akureyri. Á anna dag hvítasunnu, 17. maí, keppti Þór við K.A. í knattspyrnu og skildu liðin jöfn, 2:2.

Sundiþróttin fær byr undir báða vænti

Sundiþróttin fær byr undir báða vængi. Á vordögum þegar sett var saman æfingatafla sumarsins var að frumkvæði formannsins, sem sent hafi bæjarstjórn bréf og óskað þess að félagið fengi sérstaka tíma til sundiðkunar. Fór svo að félagið fékk tíma tvisvar í viku og þarna

má segja að grunnurinn að velgengni Þórs í sundiþróttinni hafi verið lagður. Þessar greinar voru á æfingatöflu sumarsins 1937: Frjálsar íþróttir, knattspyrna 1., 2. og 3. flokkur, handbolti karla og kvenna og sund. Mikill áhugi var á iðkun á skíðum og voru farnar nokkrar skíðaferðir, m.a. yfir í Vaðlaheiði. Um vorið var búningaskýli félagsins málað og farið var í að bera ofan í völlinn, sem og handboltavöllur útbúinn ásamt fleiri tilheyrandi framkvæmdum.

Unnu Þórsbikarinn til eignar

Vormótið í knattspyrnu fór þannig að K.A. vann 1. flokk og vann þá júní-bikarinn í annað sinn og í 2. flokki sigraði K.A. og vann Þórsbikarinn í fyrsta sinn. Þór vann í 3. flokki og unnu þar Þórsbikarinn til eignar. Var það vel við hæfi enda úrslitaleikurinn 6. júní, á afmælisdegi Þórs

Fyrsti kappleikur Þórskvenna í handbolta

Á 17. júní hátíðarhöldunum kepptu Þórsstúlkur í fyrsta sinn í handknattleik og töpuðu gegn K.A., 11:2. Þennan sama dag kepptu Þór og K.A. í 8x35 metra boðsundi og þar hafði K.A. betur.

Þór sendi sex sundmenn til boðsundskeppni á Héraðsmóti Svarfdæla og báru þeir sigur út bítum.

Þór gegn sjóliðum

Þriðjudaginn 21. júlí keppti Þór við sjóliða af rannsóknarskipinu Fridthjof Nansen og höfðu Þórsarar betur, 8:2. Liðin mættust svo aftur mánudaginn 9. ágúst og enn og aftur vann Þór, 5:2.

Síðari hluta júlímánaðar, eða 22. og 23. júlí, kom til Akureyrar sundflokkur frá Vestmannaeyjum í boði Þórs og K.A. Keppt var í alls níu sundgreinum. Af níu keppendum frá Akureyri átti Þór sjö. Akureyrarflokkurinn vann keppnina.

Þór skal greiða 25% fyrir afnot af sundlauginni

Formaður Þórs upplýsir á fundi 9. ágúst að félaginu hafi borist bréf frá bæjarstjóra þess efnis að ef félagið ætli sér að halda Sundmótið, sem hefst 21. ágúst, verði félagið að greiða bænum 25% af brúttótekjum mótsins, annars fengi félagið ekki afnot af sundlauginni.

Jafnframt kemur fram að félagið verði að skrifa bæjarstjóra erindi þegar í stað.

„Þar taka menn skíða-íþróttina alvarlega“

Þórsarar voru mjög spenntir fyrir því að fá Tryggva Þorsteinsson íþróttakennara til að kenna leikfimi þá um veturinn. Tryggvi hafði undanfarna vetur verið við kennslu á Ísafirði og kennt þar á skíði. Tryggvi upplýsti féлага sína að á Ísafirði tækju menn skíðaíþróttina alvarlega og æfðu af miklu kappi. Sagði hann bæjarbúa æfa af svo miklu kappi að vinnuveitendur þar í bæ gæfu til að mynda starfsfólki á skrifstofum og ver slunum frí frá vinnu hluta dags til að fara á skíði þegar færi væri gott. Tryggvi sagði að félagið ætti að stefna á að senda 3-4 féлага á skíðamót, sem haldið verður í Reykjavík síðla næsta vetur. Tryggvi er mjög áhugasamur að koma heim og kenna.



Frá Sundmóti Norðlendingafjórðungs 1937.

Knattvarp/handbolti

Í ágúst kom íþróttaflokkur frá K.R. til Akureyrar og dvaldi í bænum í nokkra daga og keppti við Þór og K.A. Keppt var í hlaupum og knattvarpi, auk þess sem íþróttafólkið sýndi köst og fimleika í Samkomuhúsinu. Kvennaflokkur K.R. keppti við bæði Þór og K.A.

“

Orðið Knattvarp kemur fyrir í frásögn í Íslendingi 20. ágúst 1937 þar er greint var frá heimsókn K.R. til Akureyrar.

”

Loks vann Þór

Dagana 21., 22. og 29. ágúst stóð Þór fyrir Sundmóti Norðlendingafjórðungs. Vann nú Þór mótið í fyrsta sinn. Þá sendi félagið tvo þátttakendur á Sundmeistararmót Íslands sem haldið var í Reykjavík 1. október. Annar þeirra, Kári Sigurjónsson, varð annar í 200 metra bringusundi, en þriðji í 400 metra bringusundi.

Hlutavelta og dans

Í byrjun september stóð Þór fyrir hlutaveltu í Samkomuhúsinu og var fjöldi

fágætra muna. Um kvöldið stóð svo félagið fyrir dansleik og fyrir dansi lék hljómsveit af Hótel Akureyri.

Unnu Valsskjöldinn til eignar

Þór vann Haustmótið í knattspyrnu í fyrsta sinn í 1. og 2. flokki. Þór vann þar Valsskjöldinn, hinn fræga og margumtalaða bikar til eignar, hafði unnið hann þrisvar í röð. Ekki var keppt í þriðja flokki þar sem enginn verðlaunagripur var til þess að keppa um, en mótið var aldrei auglýst.

K.A. vildi ekki keppa

Þórsarar vildu samt keppa enda var Þórslíðið talið afar sterkt, en K.A. menn kærðu sig ekki um að keppa utan móts svo ekkert varð úr leik.

Kári og Magnús á Sundmeistaramótið

Í október sendi Þór tvo keppendur til leiks á Sundmeistaramót Íslands, þá Kára Sigurjónsson og Magnús Guðmundsson. Magnús varð í 4. sæti í 100 m sundi með frjálsri aðferð og í 400 m með frjálsri aðferð varð hann í 7. sætinu. Kári varð í 2. sæti í 100 m bringusundi og 3. sæti í 200 m. bringusundi. Mótið var haldið í Reykjavík.

Nú skyldi láta kné fylgja kviði

Þórsarar voru afar bjartsýnir á framtíðina, sérstaklega í knattspyrnu, einkum vegna frábærs árangurs á árinu innan vallar sem utan. Því lagði Reimar Þórðarson fram tillögu á fundi 14. október að kallaður yrði saman vel auglýstur fundur hið bráðasta þar sem lagt yrði á ráðin með knattspyrnuæfingar í vetur með það að leiðarljósi að undirbúa suðurferð að vori ef mögulegt er. Þessi tillaga var samþykkt.

Fara á skíði og skauta


Í byrjun vetrar hvatti félagið félagsmenn að vera duglega að stunda skíði og skautaferðir þá um veturinn og nýta hvert skipti, sem tækifæri byðist. Voru þau, Jón Egilsson, Bragi Brynjólfsson, Júlíus B. Magnússon, Jón Kristinsson og Lára Halldórsdóttir kjörin í nefnd til að sjá um slíkar ferðir.


Lagt á ráðin

Um haustið var ákveðið að koma upp álfadansi og kosið í brennu-málanefnd og hófust æfingar að fullu 30. nóvember. Stefnt á að halda þessa viðburði á Þrettándanum. Sigmundur Björnsson lagði þá mikla áherslu á að félagið stæði

fyrir þessu en eigi hafi verið gert síðastliðin 10-15 ár. Ef þessi síður yrði tekin upp á ný myndi hróður félagsins vaxa mjög í álit hjá bæjarbúum, sem án efa myndu líta með meiri virðingu til félagsins, sem með mjög mikilli fyrirhöfn, berðist fyrir að halda uppi íþróttalífi bæjarins, sem á nú við svo mikla örðugleika að búa. Einnig væri það ómetanlegt ef félagið myndi gefa bæjarbúum færi á að sjá hina ungu og menn og konur.

Sumarið 1937 voru eftirfarandi íþróttagreinir æfðar reglulega: Frjálsar íþróttir, Knattspyrna 1., 2., og 3. flokkur, handbolti karla og kvenna og sund. Félagar í árslok voru 171 og fundir félagsins fimm talsins.





VIÐSKIFTABÓK

Nr.

454


við

Sparisjóð Akureyrar



Nafn

Kappróðra bálur, Þórís



Bók þessi, sem er að stærð 32 blaðsíður, löggild-
ist hér með til að vera viðskiftabók

Nr. 454

fyrir

Innstæðufé


Sparisjóði Akureyrar

Akureyri, hinn

5. febr.

1937

Stellgrímsson



Opna úr fundargerðabók Þórs 1930-1965, aðalfundur 16. janúía 1938.

1938

Steinunn Jóhannesdóttir setur Íslands-
met í 200 m bringusundi aðeins 13 ára
gömul. Þór stendur fyrir bíósýningu.
Lögreglustjóri bannar samkomu að
undirlægjuhætti KA manna.

Tímamót

Árið 1938 eða þann 7. janúar urðu
ákveðin tímamót hjá félaginu en þá var
endurvakinn sá gamli og góði siður að
Þór héldi álfadans og brennu á leikvelli
sínunum og tókst hvort tveggja ágætlega.
Alls tóku 45 þátt í dansinum. Tignarleg
sjón að sjá. Um álfadansinn og
skemmtunina skrifaði Gísli Magnússon:

*„Föstudaginn 7. janúar hafði Þór álfadans
og brennu á velli sínum. Var það hin
myndarlegasta sýning. Aldrei hefir sézt á
Akureyri eins stór og tilkomuleg brenna, og
þá var fjórum skiparakettum skotið. Var
það tignarleg sjón að sjá hvernig þær þutu
upp í heið-háloftin fyrst líkt og öfugt
stjörnuhrap og síðan tvístrast með braki og
brestum og skjóta gneistum vítt um geim.
Dansinn stigu 45 menn og meyjar í fögrum
glitklæðum og voru þau líkari himneskum
englum en jarðneskum álfum. Dansálfar
voru 36. 18 með kónginum og 18 með
prinsinum, ljósálfarnir voru 9. Kári
Sigurjónsson var kóngur og Guðrún*

*Stefánsdóttir drottning. Jón P.
Hallgrímsson var prins og Þórunn Franklín
prinsessa. Sigmundur Björnsson var
ljósálfakóngur. Aldrei hefir sézt á Akureyri
annar eins mannfjöldi og á vellinum þetta
kvöld. Líklegast hefir verið þar saman
komið hátt á annað þúsund manns. Á eftir
álfadansinum var farið inn í Skjaldborg og á
borð borið smurt brauð og mjólk og síðan
stigin dans til klukkan 03 um nóttina. Þetta
samsæti var aðeins fyrir álfana og
aðstoðarmenn, og félagið borgaði
brúsann.“*

Til gamans þá voru íbúar á Akureyri og
Glerárþorpi samtals 5.480 svo þarna
hefur verið saman kominn stór hluti
bæjarbúa.

Þann 16. janúar var haldinn aðalfundur
félagsins í Skjaldborg og eftirtaldir voru
kjörnir í stjórn.

Formaður	Kári Sigurjónsson
Ritari	Lára Halldórsdóttir
Gjaldkeri	Sigmundur Björnsson
Bréfitari	Jón Pétur Hallgrímsson
Féhirðir	Jón Egilsson

Fram kom á aðalfundi félagsins að
síðastliðið ár hafi verið afar gjöfult og
margir sigrar unnist og fullyrða menn að

starfið hafi verið það öflugasta til þessa. Velta félagsins var hálf tilmítt þúsund eða þúsund krónum meira en árið áður.

Fundurinn samþykkir að bæta við 9. gr. laga félagslaganna búiingi kvenna sem enn er ekki fullákveðinn.

Afmælisfagnaður

Afmælisfagnaður félagsins var haldinn á Hótel Skjaldborg laugardaginn 5. febrúar og tóku 160 manns þátt í gleðinni. Fagnaðurinn hófst með kaffidrykkju og á dagskránni var m.a. að Kári Sigurjónsson minntist sundsins, Jón P. Hallgrímsson minntist félagsins, Jón Kristinsson minntist knattspyrnunnar og Sigmundur Björnsson sagði ferðasögu til Ásbyrgis síðastliðið sumar. Einnig söng Sigmundur brag um álfadansinn og stjórn félagsins. Þá söng Gísli Magnússon brag um knattspyrnumenn félagsins úr fyrsta flokki. Að síðustu sungu þeir Sigmundur og Gísli „Í fögrum dal hjá fjalla háum straumi“. Á milli þessara atriða var sungið yfir söngskrá, sem var hjá hverjum bolla. Eftir borðhaldið var stiginn dans til klukkan 4:30. Fyrir dansi spilaði hljómsveit Árna Ingimars, Gulla, Dæja og Stjána en Haraldur harmonikkuleikari hvíldi þá.

“

Um árið 1937 sagði gjaldkeri félagsins á aðalfundinum að „hlutaveltan hafi verið hin mesta náma“.

”

Húsfyllir á kvöldskemmtun

Annan páskadag, 18. apríl, stóð félagið fyrir kvöldskemmtun í Gúttó. Meðal annars var á dagskrá að Snorri Sigfússon flutti ávarp, Smáarakvartettinn, Stefán Ágúst sagði brandara og sjónleikurinn „Upp til selja“. Síðan var stiginn dans. Húsfyllir varð bæði á skemmtunina sem og ballið og allt fór vel fram. Svo vel tókst til að skemmtunin var endurtekin sunnudaginn 24. apríl vegna fjölda áskorana.

Á félagsfundinum 27. apríl sýndi Tryggvi Þorsteinsson íþróttakennari skíðakvikmynd Í.R. og þann 2. maí sýndi félagið myndina opinberlega í Nýja Bíó.

Ógleymanlegar móttökur

Þá var ákveðin íþróttiferð Þórs og nýstofnaðs sundfélags, Grettis, til Vestmannaeyja þá um sumarið. Þann



Vestmannaeyjaferð Þórs og sundfélagsins Grettis sumarið 1938.

13. júní héldu þessi félög útiskemmtun við sundlaugina til ágóða fyrir væntanlega ferð og tókst hún mjög vel og skilaði góðum arði. Alls fóru 23 manna sund- og knattspyrnulfokkur. Frá Þór voru keppendur 19 og Sundfélaginu Gretti voru þeir fjórir. Tapaði knattspyrnuflokkurinn fyrir úrvalsliði Vestmannaeyja 4:1 og Þór úr Vestmannaeyjum 2:1, en norðanmenn unnu Tý 4:1. Sundkeppnina unnu Akureyringar. Var gestrisni Eyjaskeggja frábær og þátttakendum ógleymanleg í alla staði. Fararstjóri var Tryggvi Þorsteinsson. Bæjarstjórn Akureyrar veitti félögunum 300 króna styrk til fararinnar.

Íþróttahússmálið vindur upp á sig

Fulltrúi félagsins í Íþróttaráði Akureyrar (Í.R.A.) flutti þar tillögu þess efnis að ráðið beitti sér fyrir því að íþróttafélögin á Akureyri sameinuðust um 17. júní hátíðarhöld, til ágóða fyrir íþróttahússbygginguna. K.A. menn vildu ekkert samstarf. Þeir höfðu fengið leyfi fyrir íþróttamóti 17. júní og allur ágóðinn rynni í félagssjóð K.A. Þegar ráðið svo vísaði tillögunni frá, þá hófu félögin Þór og Grettir undirbúning hátíðahalda við sundlaugina 17. júní. Voru hátíðarhöldin auglýst í blöðum bæjarins og þar kom

fram að Karlakór Akureyrar opnaði dagskrána. Síðar ætti dagskráin að halda áfram upp við sundstæði bæjarins. Þar yrðu flutt ávörp og sungið og því næst sundkeppni milli Vestmanneyjafaranna í ýmsum vegalengdum og að lokum keppt í sundknattleik. Var þeim undirbúningi að mestu lokið þegar settur bæjarfógeti, að undirlægjuhætti við K.A., bannaði samkomuna.

Af þessu leiddi að greinargerð frá Gretti og Þór um málið var birt í öllum bæjarblöðunum. Og nú brá svo við að enginn treysti sér til þess að andmæla greinargerðinni opinberlega og strax næsta ár var 17. júní haldinn hátíðlegur, til ágóða fyrir íþróttahússbygginguna og hélst sá siður allt til lýðveldisársins 1944. Um þessar deilur má m.a. lesa í blaðinu Dagur 23. júní 1938.

Deilt um skipun dómara

Vormótið í knattspyrnu var ekki leikið að þessu sinni í fyrsta flokki sökum óánægju með dómaraskipun. Þórsarar mótmæltu skipun dómarans (Bert Jade?) með bréfi til Í.R.A. sem tók mótmælin ekki til greina. Þá tilkynnti Þór að félagið myndi ekki senda 1. flokk til leiks og var því K.A. dæmdur sigur. En keppt var í 2. og 3.

flokki og vann Þór í þeim báðum. Í 2. flokki í leik um Þórs-skjöldinn vann Þór 3:0 en liðin mættust á Þórsvellinum sunnudaginn 29. maí. Sömu sögu er að segja af 3. flokki, þar sem Þór lagði K.A. 6:0 og vann þar með Silfurskjöldinn.

Æfingaleikur fyrir Vestmannaeyjaför

Þann 19. júní lék Þór við 1. flokk Vals úr Reykjavík og fór svo að drengir síra Friðriks úr Val unnu leikinn 6:1. Var þessi leikur hluti af undirbúningi knattspyrnumanna fyrir heimsókn Þórs og Grettis til Vestmannaeyja.

Ævintýraför Þórs og Grettis

Sunnudaginn 26. júní hélt 23ja manna hópur frá Þór og Sundfélaginu Gretti til Vestmannaeyja til keppni í sundi og knattspyrnu í boði íþróttafélaganna þar, Þórs og Týs. Á þriðjudagskvöldinu lék Þór knattspyrnuleik gegn heimamönnum í Þór og höfðu „Þórarar“ betur 2:1.

Fótbolti, sund og skoðunarferð

Á miðvikudeginum var haldið í skoðunarferð út í Elliðaey. Eyjan var skoðuð og gestunum sýnd fuglaveiði með háfi,

en auk þess voru fleiri eyjar skoðaðar. Ferðin var í boði bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Um kvöldið var svo keppt í sundi.

Kept var í eftirfarandi greinum:

50 m frjáls aðferð

1. sæti - Vigfús Einarsson, Ve.
2. sæti - Jónas Einarsson, Ak.
3. sæti - Magnús Guðmundsson, Ak.

40 m baksund

1. sæti - Jón Sæmundsson, Ve.
2. sæti - Jónas Einarsson, Ak.
3. sæti - Erla Ísleifsdóttir, Ve.

100 m bringusund

1. sæti - Jónas Snorrason, Ak.
2. sæti - Kári Sigurjónsson, Ak.
3. sæti - Vigfús Jónsson, Ve.

4x40 m boðsund, frjáls aðferð

1. sæti - A-sveit Akureyrar
2. sæti - Vestmannaeyjar
3. sæti - B-sveit Akureyrar.

Fimmtudaginn 30. júní keppti Þór við Tý í knattspyrnu og var sá leikur sagður ekki jafn skemmtilegur og leikur Þórslíðanna. Meðan á leiknum stóð var allhvasst og mjög mikið sandrok á vellinum. Okkar Þórsarar unnu leikinn 2:1.

Föstudaginn 1. júlí bauð Íþróttaráð Vestmannaeyja Akureyringum í bílferð um Heimaey og einnig var farið í

gönguferðir. Skoðaðir voru merkir staðir, séðir í góðum sjónaukum yfir Suðurlandsundirlendið, þar sem skyggni var hið ákjósanlegasta.

Laugardaginn 2. júlí mættust lið Þórs og úrvalslið heimamanna. Veður var sæmilegt en samt nokkur rigning. Þórsarar lögðu leikinn upp með öðrum hætti en þá fyrri og hafði það áhrif á gang leiksins. Í hálfleik höfðu heimamenn skorað eitt mark en Þór ekkert en í síðari hálfleiknum skoraði Þór eitt mark en heimamenn þrjú og unnu þar með leikinn 4:1. Um kvöldið var Akureyringum haldið samsæti af heimamönnum, þar sem ræður voru fluttar, sungið og dansað. Flokkurinn kom heim til Akureyrar þriðjudaginn 5. júlí.

Þessir fóru frá Þór: *Baldur Arngrímsson, Baldur Sveinsson, Baldvin Ásgeirsson, Bragi Brynjólfsson, Brynjólfur Kristinsson, Hjalti Svanlaugsson, Jóhann Guðmundsson, Jóhann Kristinsson, Jón Egilsson, Jón Kristinsson, Kári Sigurjónsson, Magnús Guðmundsson, Ragnar Sigurðsson, Snorri Sigfússon, Stefán Stefánsson, Þór Sigþórsson, Þorvaldur Stefánsson og Tryggvi Þorsteinsson íþróttakennari og fararstjóri. Frá Gretti fóru: Björn Bjarmann, Jóhannes Snorrason, Jónas Einarsson og Snæbjörn Jónasson.*



Frá heimsókn Ísfirðinga sumarið 1938.

Vel tekið á móti Ísfirðingum

Vel var tekið á móti gestum frá Ísafirði, byggt á frásögn Tryggva Þorsteinssonar, sem birtist 28. júlí.

Um sumarið (laugardaginn 16. júlí) kom Knattspyrnufélagið Hörður frá Ísafirði í heimsókn í boði Þórs. Hópur Ísfirðinganna var alls 17 og var formaður Harðar, Sverrir Guðmundsson, fararstjóri þeirra. Þór og Hörður mættust í tvígang og fóru leikar svo að jafnt var í þeim báðum, 1:1

og 2:2. Þá lék Þór einn leik við K.A. og hafði betur, 3:1. Hörður lék svo gegn úrvalslíði Akureyrar sem hafði betur, 3:1,

Meira en bara íþróttir

hafði betur, 3:1. Hörður lék svo gegn úrvalslíði Akureyrar sem hafði betur, 3:1. Þann 16. júlí gerðu Þórsarar svo vel þegar þeir sýndu flokknum hið markverðasta í bænum, s.s. Gróðrarstöðina, Lystigarðinn og Skrúðgarðinn Kirkjuhvol (Kirkjuhvoll er hús Minjasafns Akureyrar)

og buðu til kaffidrykkju að Skjaldborg. Þann 17. júlí var farið í Vaglaskóg ásamt nokkrum félögum úr K.A. og þann dag lék Þór fyrri leikinn gegn Herði, sem lauk með jafntefli 1:1.

Mánudaginn 18. júlí var hópnum boðið inn í Eyjafjörð, að Grund, Saurbæ og Laugalandi, og greiddi Þór bifreiðakostnaðinn við ferðalagið. Þann 20. júlí var farið austur í Mývatnssveit og yfir Námaskarð, að brennisteins-hverunum. Í Mývatnssveit var stansað í Reykjahlíð, Dimmuborgum og víðar. Auk þess í Laugaskóla og við Goðafoss. Rafveita Akureyrar var svo skoðuð 21. júlí.

Lokadagur heimsóknarinnar

Laugardaginn 23. júlí fór fram síðari leikur Þórs og Harðar. Fyrir leik gengu keppendur fylktu liðið um bæinn, undir íslenskum fána. Leiknum lauk með 2:2 jafntefli. Um kvöldið hélt Þór keppendum samsæti að Skjaldborg. Voru þar fluttar ræður, sungið og rabbað saman. Við þetta tækifæri bauð Sverrir Guðmundsson, formaður Harðar, úrvalslíði Akureyrar í 2. flokki til knattspyrnu-samkeppni á Ísafirði á komandi hausti. Einnig bauð hann Íþróttafélaginu Þór heim til keppni í knattspyrnu og frjálsum íþróttum á næsta sumri.

Mögnuð kveðjustund

Gestirnir héldu svo heim á leið á laugardagskvöld með Dettifossi. Á bryggjunni kvöddust flokkarnir með húrrahrópum (Þórsarar hrópuðu ferfalt húrra fyrir Ísfirðingum). Þegar skipið lagði frá sungu Ísfirðingarnir átthagasöng sinn, „Í faðmi fjalla blárra“, og síðan knattspyrnusönginn „Fram Hörður, fram til dáða“ en síðast „Ég vil elska mitt land“, og tóku þá íþróttafélagar þeirra undir.

Að endingu sagði Tryggvi: „*Mér er nær að halda að vísan hafi ekki verið valin af handahófi, heldur vegna þess, að hún sagði frá vilja þessara hraustu reglusömu æsku manna, sem verja frístundum sínum til íþróttaiðkana. Þrátt fyrir allt á Íslands framtíð, meðan æskan syngur þetta ljóð af heilum hug.*“

Hlutdrægur dómari

Mánudagskvöldið 25. júní keppti Þór við Víking úr Reykjavík í leik sem fram fór á K.A. velliinum. Var leikurinn sagður afar harður og ljóst að Víkingar ætluðu sér að vinna leikinn með öllum ráðum. Staðan í hálfleik var jöfn, 2:2. Gestirnir að sunnan gerðu tvö mörk í síðari hálf-leiknum en Þór ekkert og því lauk leiknum með sigri Víkings 4:2. Leikinn dæmdi Guðjón

Einarsson og sögðu menn hann hafa verið afskaplega hlutdrægan, sérstaklega hvað varðar Þór. Deginum áður höfðu K.A. og Víkingur mæst og þeim leik lauk með jafntefli, 2:2.

Setti Íslandsmet 13 ára gömul

Steinunn Jóhannesdóttir setti Íslandsmet í 200 m bringusundi á sundmóti Norðlendingafjórðungs þann 14. ágúst. Tími Steinunnar var 3:33,4 mínútur og bætti hún eldra met, sem Jóhanna Erlingsdóttir úr Reykjavík átti, um 1,4 sekúndur. Steinunn var eini keppandinn í þessu sundi og hafði því engan til að keppa við, sem hefði verið betra. Steinunn var aðeins 13 ára gömul.

Árangur keppenda úr Þór var eftirfarandi:
Steinunn Jóhannesdóttir: Íslandsmet í 200 m bringusundi. Steinunn vann einnig 100 m bringusund og 100 m með frjálsri aðferð. Í 50 m baksundi átti Þór tvo keppendur, þá Magnús Guðmundsson og Jóhann Kristinsson. Magnús hafnaði í 2. sæti ásamt Jónasi Einarssyni úr Gretti, en Jónas fékk 2. sæti á hlutkesti. Í 50 m sundi drengja, 14 ára og yngri, með frjálsri aðferð varð Sveinbjörn Björnsson í 1. sæti og Hreinn Óskarsson í 2. sæti. Í 100 m sundi karla með frjálsri aðferð varð Magnús Guðmundsson í 2. sæti,



Steinunn Jóhannesdóttir, sunddrottning, Íslandsmetshafi og síðar Íslandsmeistari.

Jóhann Kristinsson í 3. sæti, Sigmundur Björnsson í 4. sæti og Sverrir Sigurjónsson í 5. sæti. Í 100 m sundi drengja, 17 ára og yngri, með frjálsri aðferð þar sem keppt var um Ólafsbikarinn lauk Sveinbjörn Björnsson keppni í 4. sæti. Kári Sigurjónsson var fyrstur í 400 m bringusundi, Ragnar Sigurðsson varð þriðji, Baldvin Ásgeirsson fjórði og Jón P. Hallgrímsson fimmti. Steinunn Jóhannesdóttir varð að gera sér annað sæti að góðu í 50 m sundi með frjálsri aðferð. Grettir hafði betur gegn Þór í stigum, 32 gegn 28 stigum Þórs.

Norðurlandsmót í knattspyrnu fór fram síðari hluta september en þá var keppt um Valsbikarinn sem Þór hafði unnið árið áður. Í meistaraflokki kepptu Þór, KA og KS. Fór svo að KA hlaut þrjú stig, KS tvö og Þór eitt. Í 2. flokki vann KA lið Þórs 6:1 en í 3. flokki mættust Þór og KA og lauk þeim leik 0:0 mættust liðin öðru sinni og þá hafði Þór betur 3:0.

K.A. skorar á Þór

Sunnudaginn 16. október mættust Þór og K.A. í 3. flokki í knattspyrnu en Þór fékk áskorun frá K.A. um leik. Leikurinn fór fram í rigningu og leiðindaveðri en það kom þó ekki í veg fyrir að Þór ynni leikinn 3:1.

Ekkert frost, ekkert svell

Um haustið unnu Þórsarar kappsamlega við að hlaða flóðgarða og girða af svæði til að koma upp skautasvelli, en ekki kom frostið og því ekkert skautasvell. Þessi framkvæmd Þórsara vakti nokkra athygli meðal bæjarbúa, sem horfðu á ungu mennina byrja daginn við að útbúa svell á Ragnarstúni, sem félagið fékk á leigu.

Þór opnar skrifstofu

Á árinu gerðust Þórsarar stórhuga þegar þeir opnuðu sína eigin skrifstofu í Brekkugötu 11 og hélst svo í nokkur ár.



Brekkugata 11, þar sem Þór starfrækti skrifstofu um nokkurra ára skeið.

Á að byggja hér tukthús?

Í blaðinu Degi 20. október 1938 er að finna skemmtilega frásögn höfundar sem nefnir sig „Árvakur“.

„Það vakti athygli nokkurra bæjarbúa næst síðasta sunnudag, er nokkrir ungir menn voru að flytja hnausa á bílum á Ragnarstúnið fyrir neðan Zion. Ég gekk þarna fram hjá þennan dag og spurði hvað ætti hér að gera, hvort ætti að byggja hér tukthús úr torfi!! Nei það var ekki ætlunin við erum að hugsa um að gera hér tilraun með skautasvell, var svarið. Ég hélt að hér væri verið að spauga og fór leiðar minnar.“

Þetta var þá ekki vitleysa. Árvakur heldur áfram og segir:

„En fyrir nokkrum dögum þurfti ég á fætur snemma morguns, um kl. 6 og gekk þarna niður götuna, sá ég þá þessa sömu menn önnum kafna við að aka mold og hnausum í hjólbörum, um þvert og endilangt túnið og aðra er voru að hlaða garð; ég vék mér að einum, er þarna vann, og spurði, hvort þetta væri alvara að hér ætti að gera skautasvell og hverjir stæðu fyrir þessu? Já sagði sá, er ég spurði, Íþróttafélagið Þór hefir fengið túnið á leigu hjá Sverri Ragnars og leyfi hans til að hlaða garð yfir túnið og upp með takmörkum þess að sunnan.


Verður þetta ekki mjög dýrt verk og hver kostar þetta? Spurði ég. Jú þetta verður nokkuð dýrt, svaraði þessi ungi maður, samt vinnum við þetta mest í sjálfboðavinnu; við byrjuðum fyrir hálfum mánuði og höfum byrjað flesta morgna um klukkan 6-7 og unnið til klukkan 9 er við þurftum að okkar daglegu störfum; fyrst fórum við upp í land nokkra morgna og stungum hnausa til að hlaða garðinn úr, síðan fluttum við efnið niður á túnið á bifreiðum og nú erum við að byrja að hlaða, nokkrir menn utan félagsins hafa styrkt okkur fjárhagslega bæði með peningagjöfum og vinnu og kunnum við þeim beztu þakkir fyrir. Hvað verður þetta stór skautavöllur? Spurði ég. Hann verður um 400 fermetrar; garðurinn, sem við hlöðum, er um 130 metrar að lengd og víðast hvar 70-90 cm. hár, hann er hlaðinn tvöfaldur og er mold höfð í milli hnausanna til uppfyllingar. En hvernig var það, voruð þið ekki að gera tilraun með þetta hér fyrir tveimur árum? Spurði ég, og misheppnaðist það ekki? Jú það er rétt var svarið, við undirbyggjum þetta svo illa þá, að allt vatnið rann út af túninu hjá okkur, áður en það náði að frjósa, en nú ætlum við að halda vatninu í skefjum innan garðsins og vona svo auðvitað að komi frost.“

Ekki ætlun okkar að græða fé

„Ætlið þið svo að selja aðgang og græða á því peninga? Spurði ég. Ekki er nú tilgangurinn sá að græða á þessu fé, svaraði sá hinn sami, þó gerum við ráð fyrir að selja ofurlítið aðganginn, ef svellið fæst gott, rétt til þess að hafa svolítið upp í kostnaðinn, sem alltaf mun verða dálítill, en aðal markmiðið er það fyrir okkur að vekja áhuga almennings fyrir þessari hollu og góðu íþrótt, skautaiþróttinni, sem því miður svo afar fáir stunda, og mun það vera meðfram því að kenna að hér festir svo sjaldan ís á pollinum og mönnum þykir langt að fara á skauta fram á Eyjafjarðará“. Að endingu sagði Árvakur „ég kvaddi þennan unga mann og gekk hann aftur að verkinu. En þökk sé Íþróttafélaginu Þór fyrir framtakssemina og þessum ungu mönnum, er þetta leggja á sig fyrir áhugamál sitt. Allir bæjarbúar munu óska þess, að þessi tilraun megi takast, og þeir fái að njóta svellsins í vetur.“

Akureyri 5. okt. 1938, Árvakur.

Eins og kemur fram í upphafi þessa árs umfjöllunar þá kom aldrei frostið og þar af leiðandi ekkert svell. En Þórsarar gerðu sitt svo sannarlega, en ekki réðu þeir við æðri máttarvöld.



Síða úr fundargerðabók Þórs 1930-1965, fundur 5. ágúst 1938. Fundargerðarbækur Þórs eru varðveittar á Héraðsskjalasafninu á Akureyri.

Í desember voru haldnar nokkrar álfadansæfingar en í lok ársins kyngdi niður þeim ósköpum af snjó að hætt var við álfadansinn.

Á árinu fékk Þór í fyrsta sinn að skipa fulltrúa í Í.R.A. og var Sigmundur Björnsson kjörinn fyrir hönd Þórs.

Félagar í árslok 187 og fundirnir voru fimm.



1939

Það bar helst til tíðinda árið 1939 að Steinunn Jóhannesdóttir setur Íslandsmet í sundi og verður Íslandsmeistari. Barist var fyrir innflutningsleyfi fyrir nýjum búningum og merki.

Á sundmóti Norðlendingafjórðungs setti Steinunn Jóhannesdóttir Íslandsmet í 200 metra bringusundi, sem var afar glæsilegur árangur.

Endalausar stórhriðar og leiðindaveður komu í veg fyrir að hægt væri að halda álfadansinn þetta árið eins og stefnt var að. Menn höfðu æft vel í nóvember og desember.

Á aðalfundi Þórs, sem haldinn var að Skjaldborg mánudaginn 16. janúar, var lögum félagsins breytt verulega. Meðal annars var kosin sjö manna stjórn í stað fimm.

Formaður	Kári Sigurjónsson
Varaformaður	Sigmundur Björnsson
Ritari	Jón Kristinsson
Gjaldkeri	Gísli Magnússon
Bréfitari	Jón Pétur Hallgrímsson
Féhirðir	Jón Egilsson
Áhaldavörður	Stefán Aðalsteinsson

Á aðalfundinum var meðal annars gerð breyting á 2. gr. laga og hljóðar svo eftir breytingu: „Tilgangur félagsins er að safna saman æskumönnum og konum til alhliða íþróttar iðkana, veita meðlimum sínum, eftir getu, fræðslu um gagn og gildi íþróttanna og skapa þeim heilbrigða sál í hraustum líkama.“

Enn fremur breyting á 6 gr., sem hljóðar svo eftir breytingu: „Félagsfundir séu haldnir eigi færri en 5 á ári og stjórnarfundir einu sinni í mánuði og oftari ef þörf krefur. Stjórnarfundir séu staðfestir með undirskrift stjórnar- meðlima“.

Að lokum kom fram tillaga frá formanni um að nýrri grein, sem yrði 10 gr., yrði bætt við lögum. Greinin var samþykkt og hljóðar svo: „Ef félagi fremur eitthvað það afbrot, sem stjórnin telur félaginu til vanvirðu og íþróttastarfseminni til hnekkis, þá getur hún vikið honum úr félaginu. Þó getur viðkomandi áfriað málinu til Í.R.A.“

Þann 30. janúar hafði Í.R.A. boðað til fundar um íþróttahúsmálið og mættu meðal annarra þrjár fulltrúar Þórs. Tryggvi Þorsteinsson íþróttakennari var ráðinn til félagsins í þrjá sumarmánuði og þá var unnið nokkuð við íþróttasvæði félagsins og það lagfært.

Þór hélt afmælisfagnað/aðaldansleik í Skjaldborg laugardaginn 4. febrúar með 160 þátttakendum. Fyrst var sameiginleg kaffidrykkja, ræður, gamanvísur, söngur og dans. Ræður fluttu m.a. Kári Sigurjónsson og Jón P. Hallgrímsson. og Jón Kristinsson las upp kvæði. Gísli Magnússon las upp úr gömlum fundargerðum 1915-1916.

Gamanvísurnar sungu Gísli Magnússon, Jón P. Hallgrímsson og Sigmundur Björnsson, einnig sungu þeir tvísöng Gísli og Sigmundur. Þá töluðu nokkrir við borðhaldið sem stóð í tvo tíma en eftir það var stiginn dans til klukkan fimm að sunnudagsmorgni. Hljómsveit H.A. spilaði og Lýður Sigtryggsson. Tókst skemmtunin vel í alla staði og fór mjög vel fram. Aðgangseyrir var þrjár krónur.

Halda áfram að veðja

Stjórn félagsins ákvað snemma árs að spila áfram í happadrætti Háskóla Íslands.

Steinunn fékk metamerki ÍSÍ

Steinunn Jóhannesdóttir fékk metamerki Í.S.Í. Um síðustu áramót tók Í.S.Í upp þá nýbreytni að úthluta metamerkjum til þeirra er hnektu gömlum metum í

íþróttum. Sá sem setur eitt eða tvö met fær eirmerki, sá sem setur 3-4 met fær silfurmerki, sá sem setur 5-10 met eða fleiri fær Gullmerki. Eins og kunnugt er bætti Steinunn met í 200 m bringusundi síðastliðið haust og fyrir það fékk okkar kona eirmerki.

Víða skíðað

Félagið stóð fyrir nokkrum skíðamótum sem haldin voru t.d. í Vaðlaheiði og Akureyri (Breiðumýri). Í mars var haldið Ólafsfjarðarskíðamótið og keppendur frá Akureyri komu frá Þór, KA og MA. Var ekið til Dalvíkur og þaðan gengið yfir Dranga til Ólafsfjarðar. Keppt var í Brekkuskriði, svigi og stökki. Magnús Guðmundsson úr Þór var annar í brekkuskriði en hann var einn úr Þór.

„Að fara Dranga“ var á árum áður fjölfarin leið milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Gönguleiðin er í léttara lagi og er göngutími 3-5 tímar eftir gönguhraða. Farið er upp frá bænum Karlsá norðan Dalvíkur. Gengið upp Karlsárdal upp í skarð, sem er í um 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Þegar staðið er í

skarðinu sér til Ólafsfjarðar og í hina áttina niður til Eyjafjarðar. Gengið er niður Burstabrekkudal og þaðan til Ólafsfjarðar“.

Þann 26. febrúar gekkst Skíðanefnd Í.R.A. fyrir skíðamóti fyrir Akureyri austur í Vaðlaheiði. Þór átti þar níu keppendur af 26. Keppt var í 2.500 m brekkuskriði, 500 m svigi í A-flokki og 300 m svigi í B-flokki. Veður var hið besta og gott færi.

Skíðað í sólskinsskapi

Þór hélt innanfélagsmót austur í Vaðlaheiði sunnudaginn 5. mars með 32 keppendum, en alls fóru um 40 manns frá Þór og farið var á tveimur vörubílum. Annar var frá B.S.A og hinn í eigu Magnúsar Gíslasonar.

Keppt var í 2.000 metra brekkuskriði og tóku allir þátt í mótinu. Veður var hið besta og allir komu heim í sólskinsskapi.

Í flokki A í svigi varð Júlíus B. Magnússon í 1. sæti, Jón Egilsson í 2. sæti og Bragi Brynjólfsson í 3. sæti. Í svigi í B flokki varð Jóhannes Kristjánsson í 1. sæti, Hafsteinn Þorgeirsson í 2. sæti og Jón P. Hallgrímsson í 3. sæti. Því miður mistókst tímataka í brekkuskriðinu.

Keppt í Breiðumýri

Sunnudaginn 12. mars var skíðamót á Akureyri (Breiðumýri) með þátttöku Ólafsfirðinga (Sameining) M.A, Þór og K.A. og átti Þór þar 17 þátttakendur af 43. Í brekkuskriði hófst keppni við Fálkafell.

Árangur Þórsara:

- 2. sæti - Júlíus Magnússon
- 4. sæti - Jón E. Egilsson
- 10. sæti - Karl Hjaltason
- 11. sæti - Bragi Brynjólfsson
- 16. sæti - Jóhannes Kristjánsson
- 21. sæti - Ragnar Árnason
- 30. sæti - Magnús Guðmundsson
- 33. sæti - Höskuldur Steinsson.

Alls voru 38 keppendur í brekkuskriðinu.

Árangur Þórs í svigi A:

- 3. sæti - Júlíus Magnússon
- 5. sæti - Jón E. Egilsson.

Í flokki B í svigi:

- 4. sæti - Magnús Guðmundsson
- 6þ sæti - Hafsteinn Þorgeirsson

Þórsarar áttu svo einn keppanda í stökki sem fram fór 13. mars.

- 5 sæti - Júlíus B. Magnússon

Kveðjuhóf hélt Í.R.A. að hótél K.E.A að kvöldi 13. mars, haldið sérstaklega fyrir Ólafsfirðinga, og þar voru veitt verðlaun sem voru árituð kort. Alls tóku sex Ólafsfirðingar þátt í mótinu og dvöldu á Akureyri í boði skíðanefndarinnar.

Tveir frá Þór tóku þátt í Skíðalandsmóti Íslands sem haldið var á Ísafirði í páskavíkunni 6.-10. apríl. Þessir tveir voru Bragi Brynjólfsson og Júlíus B. Magnússon. Skíðaflokkurinn frá Akureyri (Í.R.A.) fór með Goðafossi vestur og kom aftur heim með Dronning Alexandrine þann 12. apríl.

Svartar pokabuxur

Búningur Akureyringa að þessu sinni voru svartar pokabuxur, rauð peysa með svörtum kraga og líningum og rautt bindi. Mikið var rætt um hve Þórsarar hafi æft af kappi um veturinn.

Páskadagsskemmtun

Páskadagsskemmtun hélt Þór annan dag páska (10.apríl). Hún tókst afar vel og var ákveðið að endurtaka skemmtunina laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. apríl, þó með örlitlum breytingum.

Aukasýningarnar voru illa sóttar. Engar upplýsingar liggja fyrir um hvar skemmtanirnar voru haldnar.

Gengið á Vindheimajökul

Þann 23. apríl var farið í skíðaferð. Lagt var af stað klukkan átta með B.S.A. bíl og ekið að Krossastöðum í Hörgárdal og þaðan gengið á Vindheimajökul. Alls fóru níu félagar, þar af ein kona og tveir drengir 12 og 13 ára.

Úr dagbók formanns frá förinni:

„Útsýni var ekki sem best er hópurinn var rétt kominn ofan af Hlíðarfjallinu austan megin þá renndi Bragi Brynjólfsson er með var í förinni sér fyrstur niður bratta brekku, en kollsteyptist þar sem misrennsli var í snjónum og mun hafa kastast c.a. 30-40 metra og komið 4 sinnum niður á leiðinni. Er að var komið var Bragi alveg ósjálfbjarga, fann mikið til í bakinu og yfir brjóstið. Var nú útbúinn skíðasleði og honum ekið niður að Lögmannshlíð en þar fékk hann heita mjólk að drekka, síðan var hann borinn í teppi að bænum Glerá, en þaðan ekið í bíl, er búið var að

gera ráðstafanir til að ná í og hafa til er ofan kæmi. Var honum ekið beint í sjúkrahúsið. Er þessu var lokið var kl. 19. Bóas Emilsson úr Reykjavík var með í förinni.“

Farfuglar

Þann 26. apríl kynnti formaður Bandalags Íslenskra Farfugla (B.Í.F.) félagið, sem stofnað var mánuði fyrr. Eftir kynningu var kosið um stofnun farfugladeildar innan Þórs og var tillagan samþykkt 9:8. Ekki fór síðan mikið fyrir þessari deild innan Þórs.

Sundæfingatíma hafði félagið frá 17. maí til 13. september eða í tæpa fjóra mánuði og voru tvær æfingar á viku.

Þórs/KEA-konur unnu

Þann 27. maí kepptu í handknattleik Þórsstúlkur, er starfa hjá KEA og utan KEA. Dómari var Tryggvi Þorsteinsson, leiktími 40 mínútur og KEA stúlkur unnu leikinn. Á þessum tíma virtist áhugi á handknattleik mikill og æfingar sóttu 30-40 stúlkur að jafnaði. En akkillesarhæll félaganna var vöntun á góðum þjálfara.

Á knattspyrnuvormóti í 1. flokki hafði Þór betur gegn K.A., 7:1. Þór vann einnig

í 2. flokki, 3:1. en K.A. hafði betur í 3. flokki, 1:0, eftir harða keppni.

Þór endurgreiðir K.A. einn af gömlu ósigrunum í 1. flokki er liðið sigraði K.A., 7:1, á meistaraflokksmótinu, sem fram fór í byrjun júní. Þóttu KA-menn arfaslakir og sjaldan leikið svo illa, en Þórsarar sýndu aftur á móti flotta takta og höfðu leikinn í hendi sér frá fyrstu mínútu. Í blöðum var sagt að félögin tvö ættu marga snjalla unga leikmenn en akkillesarhæll félaganna var vöntun á góðum þjálfara.

Leikið gegn Leda

Að þessu sinni bar Þór íþróttirnar aðallega uppi. 17. júní mótið fór fram dagana 17. og 18. júní og rann allur ágóðinn, kr. 2.000, í byggingu íþróttahúss Akureyrar. Þór, K.A., Grettir og U.M.F.A tóku þátt í mótinu.

Í spjótkesti varð Hafliði Guðmundsson í 2. sæti og þeir Magnús Guðmundsson og Albert Sigurðsson, allir úr Þór, lentu í 4. og 5. sæti. Þá sigraði Albert Sigurðsson úr Þór bæði í kringlukasti og kúluvarpi. Magnús Guðmundsson varð 4. sæti í kúluvarpi. Í stangastökki sigraði Ásgrímur Stefánsson og Albert Sigurðsson varð annar. Þá varð sveit Þórs í 1. sæti í

4x100 m boðhlaupi. Þessir hlupu fyrir Þór: Jón Egilsson, Magnús Guðmundsson, Ásgrímur Stefánsson og Jóhann Guðmundsson. Í Íslendingi frá 30. júní segir: „Að þessu sinni bar Þór íþróttirnar aðallega uppi. Það félag virðist nú í góðri framför á flestum sviðum, og vonandi herða hin félögin sín líka.“


Stóðu saman

Þann 17. júní fór 2. flokkur til Siglufjarðar og keppti í knattspyrnu við K.S. Þór tapaði 3:2. Voru móttökur Siglfirðinga prýðilegar, farastjóri var Kári Sigurjónsson.

Á 17. júní mótinu var meðal annars keppt í kringlukasti og þar sigraði Albert Sigurðsson úr Þór og Magnús Guðmundsson, einnig úr Þór, varð í 4. sæti. Í spjótkesti varð Hafliði Guðmundsson úr Þór í 2. sæti og Magnús Guðmundsson í 4. sæti. Þá sigraði Þórsarinn Albert Sigurðsson í kúluvarpi og Magnús Guðmundsson varð í 4 sæti. Í stangastökki varð Ásgrímur Stefánsson úr Þór í 1. sæti og Albert Sigurðsson í 2. sæti. Í 4x100 m. boðhlaupi vann sveit Þórs.

Skemmtun Þórs og Grettis

Þann 21. júní héldu félögin Þór og Grettir útiskemmtun við sundlaugina, til ágóða fyrir íþróttahússjóð. Voru þessar skemmtanir haldnar í samráði við Í.R.A. Keppt var m.a. í 5x35 m boðsundi drengja og þar átti Þór tvo keppendur, bræðurna Þóri og Þorstein Leifssyni. Telpurnar kepptu í 5x35 m boðsundi (bringusund) og fyrir hönd Þórs voru Marta Svafarsdóttir og Vilborg Ásgrímsdóttir meðal þátttakenda. Í flokki karla var keppt í 4x35 m boðsundi (frjáls aðferð) og voru sjö frá Þór: Magnús Guðmundsson, Guðmundur Þorsteins-son, Guðmundur Bjarnason, Jósef Sigurðsson, Sigmundur Björnsson, Jón Egilsson og Kári Sigurjónsson. Þá voru hvorki fleiri né færri en ellefu konur frá Þór sem tóku þátt í 7x35 m boðsundi (bringusund): Steinunn Jóhannesdóttir, Guðný Guðmundsdóttir, Þorbjörg Hjálmarsdóttir, Hulda Pétursdóttir, Guðlaug Sigfúsdóttir, Hjördís Jónsdóttir, Álfheiður Jónsdóttir, Kristín Mikaelisdóttir, Auður Aðalsteinsdóttir, Bára Gestsdóttir og Bella Óladóttir.



Handbolti kvenna 1939. Þór-KS 5:0. Myndin er póstkort.

Í 4x35 m boðsundi karla (bringusund) voru átta frá Þór: Kári Sigurjónsson, Sigmundur Björnsson, Sveinbjörn Björnsson, Guðmundur Bjarnason, Baldvin Ásgeirsson, Jón P. Hallgrímsson, Magnús Guðmundsson og Jósef Sigurðsson.

Ágóði af skemmtuninni varð kr. 373 og rann til nýja íþróttahússins. Að frumkvæði Þórs hafa síðustu tvær skemmtanir verið til styrktar byggingu íþróttahússins.

Gaman á Sigló og Ísafirði

Þann 24. júní fór til Ísafjarðar með m.s. Dettifossi 24 manna íþróttaflokkur frá Þór, átta stúlkur og 16 piltar undir stjórn Tryggva Þorsteinssonar íþróttakennara, með viðkomu á Siglufirði. Í fyrsta hluta ferðarinnar var ekið til Dalvíkur en þaðan siglt með mjólkurbátnum Mjölni. Var þessi ferð mjög skemmtileg og móttökur Ísfirðinga og Siglufirðinga ágætar.

Á Siglufirði lék Þór gegn heimamönnum í K.S. og höfðu heimamenn betur 3:2. Nokkur vindur var og rigning á meðan leik stóð.

Á Ísafirði lék félagið þrjá knattspyrnu-leiki, tapaði tveimur og vann einn, og einn handknattleik kvenna og þann leik vann Þór. Á heimleiðinni var komið við á Siglufirði og þar kepptu Þórsstúlkur við K.S. í handbolta og unnu 5:0. En knattspyrnumennirnir léku gegn K.S. og töpuðu 2:0.

Skemmtiferð að Laugum, þingeyskar höfðu betur

Þann 19. júlí var farin skemmtiferð að Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu og var ekið þangað í tveimur „boddý“ bílum.

Keppt var í handknattleik kvenna við Völsung með 11 manna lið og vann Völsungur 3:0. Völsungur hafði krafist þess að leika með 11 manna liði en þannig hafði Þór ekki leikið, aðeins með sjö leikmenn.

Fullkomið samkomulag náðist ekki fyrr en á síðustu stundu og var hópurinn frá Þór kominn austur og undirbúinn með tvö handknattleikslíð til að leika innbyrðis. Völlur og mark og markteigur var allt stærra en Þór hafði átt að venjast. Veður var sæmilegt þó að lítið sólskin væri og ferðin góð.

Lið Þórs var þannig skipað: Auður A. (markv.), Gerða K. og Elín Brynjólfs, bakverðir, Lilja Sig., Ingibjörg K. og Stefanía Kristinsdóttir framverðir, Ingibjörg Magnúsd., Steinunn Jóhannesd., Þorbjörg Hjálmarsd., Guðlaug Sigfúsd., og Sigríður Sigurðard. framherjar.

Leiktími var 2x15 mínútur. Flokkurinn kom heim þegar klukkan var rúmlega 22:30. Fararstjóri var Tryggvi Þorsteinsson.

Stelpur gegn strákum

Miðvikudaginn 19. júlí keppti A-lið handboltaliðs kvenna gegn strákum úr Þór. Lið kvennanna var þannig skipað: Auður Aðalsteinsd., Gerða Halldórsd., Ingibjörg Hallgrímsd., Steinunn Jóhannesd., Guðlaug Sigfúsd., Hulda P., og Ingibjörg Hjálmarsd. Lið strákanna var þannig skipað: Móses Aðalsteins., Jón Kristins., Stefán Stefáns., Þorsteinn Svanlaugs., Jón Egilsson, Tryggvi Þorsteinsson og Jón P. Hallgrímsson. Spilað var 2x10 mínútur og lauk leiknum með jafntefli, 5:5.

Heimsókn KS-inga

Miðvikudaginn 26. júlí kom kvennaflokkur frá K.S. í boði Þórs til þess að keppa í handknattleik gegn Þór og K.A. Fyrsta kvöldið mættust A-lið Þórs og K.S. og vann Þór 7:2. Þórsarar skoruðu reyndar tíu mörk en þrjú dæmd ógild. Spilað var í 2x15 mínútur og áhorfendur allmargir eða 200-300. Eftir leik bauð Þór flokknum í sundlaugina og síðan mjólk og brauð í Skjaldborg.

Daginn eftir lék K.S. gegn K.A., yngri flokki, og vann 4:1. Leiktími var 2x7 mínútur. Á eftir handboltaleiknum mættust Þór og K.A. í örleik í knattspyrnu en leiktími var 2x15 og þar hafði Þór betur 2:0. Þá lék B lið Þórs kvenna í handbolta gegn A liði K.A. og varð að sætta sig við tap 5:0.

Samsæti í Skjaldborg

Að kappleikjunum loknum hélt Þór K.S.-ingum samsæti í Skjaldborg og þar á eftir var þeim boðið á opinberan dansleik, er félagið hélt um kvöldið í Gúttó.

Siglfirðingarnir héldu heim á leið á föstudeginum með eftirlitsskipinu

Dronning Alexandre. Fararstjóri þessa flokks var Aðalsteinn Hallsson fimleikakennari. Meðan gestirnir dvöldu á Akureyri var þeim skipt niður á félagsmenn, sem tóku þá í fæði og gistingu.

Knattspyrna gegn Nansen og Pelican

Oftar en ekki þreyttu Þórsarar knattspyrnu við skipverja af hinum ýmsu eftirlitsskipum og eða skipverja af herskipum á þessum árum. Þann 31. júlí keppti blandað lið við skipverja af eftirlitsskipinu Fridthjof Nansen og hafði Þór betur 6:1. Með liði Þórs lék einn úr K.A. þ.e. Bjarni Kristinsson.

Þór gegn hermönnum

Það var svo laugardaginn 19. ágúst að Þórsarar mættu skipverjum af enska herskipinu h.m.s. Pelican í knattspyrnuleik. Englendingarnir léku undan sól og golu í fyrri hálfleik. Þegar leikurinn hófst voru aðeins níu leikmenn Þórs mættir en nokkrum mínútum eftir að leikur hófst skiluðu tveir sér í liðið. Bretarnir skoruðu snemma 1:0, en Þór svaraði með fjórum mörkum og það urðu lokatölur leiksins 4:1. Leiktíminn var 2x45 mínútur.

Fimm Íslandsmet Steinunnar

Steinunn Jóhannesdóttir setur fimm Íslandsmet í sundi á árinu auk þess að verða Íslandsmeistari í tveimur vegalengdum í bringusundi.

Dagana 1., 22. og 27. ágúst er Sundmót Norðlendinga háð á Akureyri. Alls var 21 keppandi skráður til leiks frá Þór en aðeins 16 mættu til sunds. Þátttakendur voru alls 46 frá þremur félögum.

Sundfélagið Grettir sá um mótið og varð sigurvegari þess með 39 stig en Þór varð í öðru sæti með 32 stig. Það sem stóð hæst upp úr og vakti athygli var árangur hinnar ungu Steinunnar Jóhannesdóttur, sem á síðasta ári setti glæsilegt Íslandsmet í 200 m bringusundi einungis 13 ára gömul. En hún bætti um betur á þessu móti, setti Íslandsmet í tveimur sundvegalengdum, 100 og 200 metra bringusundi. Þarna var Steinunn orðin 14 ára gömul. En ef frá er talin frábær árangur Steinunnar þótti mönnum annar árangur á mótinu frekar lélegur.

Árangur Þórsara var eftirfarandi:

25 m frjáls aðferð - telpur 12 ára og yngri

2. sæti - Dóra Bernharðsdóttir

25 m frjáls aðferð - drengir 12 ára og yngri

3. sæti - Þorsteinn Leifsson

50 m frjáls aðferð konur

2. sæti - Steinunn Jóhannesdóttir

(bringusund)

3. sæti - Hulda Pétursdóttir

(bringusund)

400 m bringusund karla

1. sæti - Kári Sigurjónsson

50 m frjáls aðferð - drengir 14 ára og yngri

1. sæti - Sveinbjörn Björnsson

100 m. bringusund konur

1. sæti - Steinunn Jóhannesdóttir

1 mín. 37,5 sek., nýtt Íslandsmet

4x50 m boðsund karla

1. sæti - Þór

50 m frjáls aðferð - telpur 14 ára og yngri

2. sæti - Bára Gestsdóttir

200 m bringusund karla

1. sæti - Kári Sigurjónsson

200 m. bringusund konur

1. sæti - Steinunn Jóhannesdóttir

3 mín 32,3 sek., nýtt Íslandsmet

50 m. baksund karla

3. sæti - Magnús Guðmundsson

Sækja um styrk

Á fundi 29. ágúst var bréfitara, Jóni P. Hallgrímssyni, falið að sækja um styrk til bæjarstjórnar, í þeim tilgangi að fá niðurfellda skuld þá er félagið er í við bæinn. Það var svo samþykkt á fundi 5. september að sækja um styrk að 300 krónur til bæjarstjórnar auk þess, sem áður er getið frá 29. ágúst.

Styrkbeiðni synjað

Það var svo í byrjun desember að bæjarstjórn svaraði þessum erindum á þann veg, að fjárhagsnefnd lagði til að niðurfelling á skuldum við bæinn verði synjað, en styrkbeiðni félagsins verði vísað til afgreiðslu í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Frítt uppihald og frí önnur ferðin

Á fundi 17. september er greint frá því að félagið hafi leitað upplýsinga hjá Sundráði Reykjavíkur um hvort það myndi annast kostnað tveggja keppenda frá félaginu. Félaginu barst bréf frá S.R.R. og er boðið frítt uppihald og fría ferð aðra leið. Í kjölfarið var bréfitara, Jóni P. Hallgrímssyni, falið að senda inn þátt-

tökubeiðni fyrir þau Kára Sigurjónsson og Steinunni Jóhannesdóttur.

Haustmótið í knattspyrnu

Í Haustmótinu í knattspyrnu í 1. flokki var leikin tvöföld umferð því að eftir fyrri umferð voru félögin jöfn að stigum en endanlega vann K.A. og var þetta í áttunda sinn sem liðið vinnur Vals-bikarinn (sem ekki var hægt að vinna til eignar). Í 2. sæti var K.S. og Þór varð í 3. sætinu. Þór vann svo K.A. í úrslitaleik í 2. flokki, lokatölur 3:0, og í 3. flokki sigraði Þór lið K.A. 5:3 eftir framlengdan leik.

Enn setur Steinunn Íslandsmet

Enn setur Steinunn Íslandsmet nú í 400 m bringusundi 29. ágúst. Blaðið Dagur greinir svo frá: „Í gærkvöldi voru mættir upp við sundlaug dómara og tímaverðir sundmótsins og var ætlunin að Steinunn Jóhannesdóttir gerði tilraun til að hnekkja metinu í 400 m. bringusundi fyrir konur. Hún brást heldur ekki og setti mjög glæsilegt met, eða bætti tímunn um 19 sek. Gamla metið átti Betty Hansen, Reykjavík, og var það 7 mín. 58.5 sek. Er þetta því eitthvert glæsilegasta met, sem sett hefir verið hér.“



*Steinunn Jóhannsdóttir
fyrsti Íslandsmeistari Akureyringa*

Þegar metið var sett voru þeir Jósef Sigurðsson, Magnús Guðmundsson, Sigmundur Björnsson og Magnús

Íslandsmet Steinunnar staðfest af Í.S.Í.

Félaginu barst bréf frá Í.S.Í. þann 21. september þar sem tilkynnt var að sundmet Steinunnar Jóhannesdóttur í 100, 200 og 400 metra bringusundi hafi verið staðfest.

Þór og Grettir efndu þann 1. október til sundkeppni til ágóða fyrir þátttakendur í Sundmeistaramóti Íslands í Reykjavík.

Fyrsti Íslandsmeistaratitill Þórs

Dagana 8., 10. og 12. október fóru þau Steinunn Jóhannesdóttir og Kári Sigurjónsson á Sundmeistaramót Íslands sem fram fór í Reykjavík. Þau kepptu á fyrsta og síðasta keppnisdegi. Þau Steinunn og Kári fóru að morgni 6. október til Reykjavíkur með „hraðferð B.S.A.“ og komu til borgarinnar um kvöldið. Kári keppti í 200 og 400 m bringusundi en Steinunn í 200 m bringusundi og synti auk þess 50 og 100 m bringusund til að gera mettilraunir. Kári varð í 5. sæti í 200 m, en svo í 3. sæti í 400 m.

Tilraun sem mistókst

Steinunn gerði tilraun til þess að setja Íslandsmet í 100 m bringusundi, en Steinunn gerði tilraun til þess að setja Íslandsmet í 100 m bringusundi, en mistókst. Hún synti ein og var á tímanum 1 mín. 41,0 sek. „Startið“ mistókst mjög hrapalega hjá henni.

Íslandsmeistari- og methafi

Steinunn setti svo nýtt Íslandsmet í 200 m bringusundi á 3 mín. 1,8 sek. og í 50 m bringusimdo synti hún ein á tímanum 45,1 sek. og var það síðar staðfest sem Íslandsmet, en fram til þessa hafði ekkert met verið staðfest áður í 50 metra bringusundi. Steinunn Jóhannesdóttir, sem þá var einungis 14 ára, setti svo Íslandsmet í 100 m bringusundi á tímanum 1:37,5 mín. en gamla metið var 1:38,0 mín.

Fyrst í sögu Akureyrar

Þar með var ljóst að Steinunn Jóhannesdóttir, fyrir hönd Íþróttafélagsins Þórs færði Akureyringum fyrsta Íslandsmeistarann sem bærinn eignast.

Gjafmildur klæðskeri

Í október gaf Sigurður Guðmundsson klæðskeri úr Reykjavík félaginu 100 krónur til styrktar starfsemi þess. Jón Egilsson veitti fénu viðtöku fyrir hönd félagsins.

Þór vann hraðmót í knattspyrnu

Sunnudaginn 29. október fór fram hraðmót í knattspyrnu milli Þórs og K.A. og fór keppnin fram á Þórsvelli. Voru tvö lið frá hvoru félagi.

- A - Þór lék í gulum peysum Þórsbúningi
- B - Þór í U.M.F.A. peysum
- C - K.A. í K.A. búningi
- D - K.A. í hvítum bol

Leiktími var 2x10 mínútur.

1. leikur: A gegn B, úrslit 2:1.
2. leikur: C gegn D, úrslit 0:1.
3. leikur: C gegn B, úrslit 0:1.
4. leikur: A gegn D, úrslit 1:1.
5. leikur: A gegn C, úrslit 0:1.
6. leikur: B gegn D, úrslit 2:0.

B-lið Þórs vann keppnina með 4 stig, en næst urðu A og D liðin með 3 stig hvort og loks E liðið með 2 stig. Þór vann hins vegar mótið með 7 stig en K.A. með 5

stig. Þór skoraði 7 mörk gegn 3 hjá K.A. Veður á leikdegi var hið ákjósanlegasta og áhorfendur frekar margir.

A-lið Þórs var þannig skipað: Baldur A (markv.), Stefán A. og Páll Pálmason bakverðir, Baldur Svanlaugs, Binni og Gunnar Konráðs framverðir, Jóhann G.,

Þorsteinn Svanlaugs, Júlíus M., Hafliði Guðm. og Sigtryggur Ólafs framherjar. B-lið Þórs: Sveinn Kristjáns (markv.), Stefán St., Þorvaldur St. bakverðir, Jón Kr., Jóhann Möller og Hjalti Sv. framverðir, Ottó J., Gísli M., Guðm., Hörður Helgason og Kári Sigurjónsson framherjar.

Unnið við stökkbrekkuna

Þá um haustið unnu nokkrir félagar við stökkbrekkuna við Miðhúsaklappir, ásamt félögum úr Menntaskólanum og K.A.

Fulltrúi félagsins í Skíðanefnd Í.R.A. var Sigmundur Björnsson. Fulltrúi félagsins í íþróttahússnefnd var Halldór Halldórs-son byggingarfulltrúi.

Magni fékk ágóðann

Laugardaginn 4. nóvember kom Magni frá Grenivík til Akureyrar til að keppa við Þór og K.A. Leikur Magna gegn K.A. fór fram á velli K.A. en leikurinn gegn Þór fór fram á Þórsvelli. Leikur Magna og K.A. fór fram á laugardeginum og hafði K.A. betur 5:1. En á sunnudeginum 5. nóvember fór fram leikur Þórs og Magna og hafði Þór betur 4:0. Áhorfendur voru sagðir frekar margir og fékk Magni það, sem inn kom af báðum leikjunum, sem var um kr. 66.

Hrópuðu ferfalt húrra

Eftir leik Þórs og Magna héldu heimafélögin kaffisamsæti að Hótel Gullfossi. Þar voru ræður fluttar en að lokum var Magnamönnum fylgt ofan á Hafnarbryggju og þar kvaddir með ferföldu húrra og þeir svöruðu í sömu mynt.

Í nóvember var rætt hvort sækja ætti um leyfi til að breyta búningi félagsins þannig að treyjan yrði gul með svörtum kraga og líningum (sýnishorn lagt fram frá Haraldí Árnasyni).

Metin staðfest

Íþróttafélaginu Þór barst bréf í byrjun nóvember frá Í.S.Í þar sem sundmetin, sem Steinunn Jóhannesdóttir setti á Sundmeistaramótinu, voru staðfest.

Frúin sefur

Beiðni barst til félagsins í byrjun desember frá Jóni Guðjóns bakara um að félagið gefi honum leyfi til að afrita leikritið „Frúin sefur“. Félagið veitir leyfið gegn 10 króna gjaldi. Gísla Magnússyni falið að koma með tillögu og sýnishorn (einn búning) að nýjum skíðabúningi, peysan rauð og merki framan í húfuna. Ekki getið um lit á húfunni.

Félagsfundir á árinu voru sex og stjórnarfundir 31. Í árslok voru skráðir félagar 259.

Sannarlega viðburðaríkt ár að baki.



1940

Fyrsti fundur stjórnar á árinu þann 10. janúar hófst á því að semja og senda út skriflegt aðalfundarboð, sem sent yrði öllum félagsmönnum. Einnig samþykkti fundurinn að víkja níu félagsmönnum úr félaginu.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var á Hóтели Gullfoss (nýja salnum) 14. janúar voru fundagestir um 50 talsins.

Eftirfarandi kjörnir í stjórn:

Formaður Höskuldur Steinsson

Varaformaður Sigtryggur Júlíusson

Ritari Jón Kristinsson

Gjaldkeri Gísli Magnússon

Bréfritari Jósef Sigurðsson

Féhirðir Þorsteinn Svanlaugsson

Áhaldavörður Stefán Aðalsteinsson

Varastjórn: Ásthildur Guðlaugsdóttir, Gerða Halldórsdóttir, Ingibjörg Hallgrímsdóttir, Lára Halldórsdóttir, Guðmundur L.Þ. Guðmundsson og Anna Björnsdóttir.

Endurskoðendur: Jónas Hallgrímsson og Jón Hinriksson, og Kári Sigurjónsson til vara.

Hafthlaup og knattspyrna

Árið 1940 var merkisár í sögu félagsins og starfsemin öll markast af 25 ára hátíðarhöldunum. Dagana 6.-9. júní minntist félagið sérstaklega afmælisins með fjölbreyttum íþróttasýningum og keppni við önnur félög í bænum. Keppt var meðal annars í fimm sundgreinum og vann Þór þrjár þeirra en Grettir tvær.

Á Þórsvellinum áttust við Þór og KA í handbolta og hafði KA betur 4:2. Þá fór fram hafthlaup og knattspyrna milli gamalla Þórsfélaga. Að lokum mættust meistaraflokkur karla í knattspyrnu Þórs og KA og hafði Þór betur, 7:1.

Afmæisfagnaður

Afmælisfagnaður/aðaldansleikur félagsins var haldinn 27. janúar í Skjaldborg og hófst hófið með sameiginlegri kaffidrykkju. Ræður fluttu þeir Höskuldur Steinsson og Jón Kristinsson. Þá skemmtu þeir Sigmundur Björnsson og Gísli Magnússon með söng þar sem þeir sungu gamanvísur um ýmsa félaga og vakti það almenna hrifningu áheyrenda. Einnig sungu þeir dúett með gítarundirleik. Jón P. Hallgrímsson sagði ferðasögu úr Ísafjarðarför, sem félagið

stofnaði til á síðasta sumri. Var það mjög smellin og skemmtileg frásögn. Stefán Ág. Kristjánsson hélt ræðu og flutti kvæði í tilefni afmælisins og tileinkað félaginu undir laginu „Frjálst er á fjallasal“.

*Fram liggja fremdarspor,
frelsið er gimsteinn vor.
Aldrei af verði má víkja.
Íþrótt, sem stælir arm,
íþrótt, sem hvelfir barm,
íþrótt skal alls staðar ríkja.*

*Hreystinnar hetjulund,
helgum við þessa stund.
Drengskaparbönd skulum binda,
Þórs-merkið hátt við hún,
hefjum, að fjallabrún.
Fljúg yfir fannþakta tinda.*

Setið var undir borðum í rúma 2 tíma og var þetta sagt óvenju skemmtilegt og óþvingað borðhald. Síðan var stigin dans til klukkan 04 og spilaði Hljómsveit H.A undir dansinum. Í starfsbók segir „Allir skemmtu sér prýðilega og fór allt fram með ró og spekt“. Aðgangseyrir var kr. 3,25- og þátttakendur voru 140.

Stjórn Þórs barst bréf frá Í.S.Í þar sem tilkynnt var að póstaðísun verði send fyrir styrk að upphæð kr. 200,00.

“

*Í lok stjórnarfundar í Þór
14. febrúar 1940.
(Steina falið að skamma Djúbba!!!)*

”

Á fundi í janúar er lögð fram tillaga um að segja upp skrifstofu félagsins svo fljótt sem auðið er eða í síðasta lagi 14. maí. Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu, einn sat hjá.

Ennfremur ákvað stjórn félagsins að halda áfram að spila í happdrætti H.H.Í.

Á fundi í febrúar var ákveðið að leita ráða hjá listamönnum bæjarins um fyrirmynd að fyrirhuguðum fána íþróttafélagsins. Ennfremur kom skrifleg ósk/beiðni frá Gunnari Thór, formanni Skautafélagsins, þess efnis að Þór afsalaði sér réttindum til skautavallarins. Stjórn Þórs fól Gísla Magnússyni ritara að svara þessu neitandi en að til samvinnu gæti komið.

Það sem eftir lifði árs voru fundir haldnir á nokkrum stöðum, til dæmis á rakarastofu Sigtryggs, heimili Tryggva rakara og heimili varaformannsins, Sigtryggs Júlíussonar.

Ómögulegt vegna anna

Félaginu barst ósk frá K.A. um að taka á móti 1. flokki Víkings í sumar. Bréfitara falið að svara því á þann hátt að félagið sjái sér ekki fært að taka á móti Víkingi eða öðru félögum þá um sumarið vegna fjárhagsörðuleika og annríkis vegna afmælisins.

Skíðamót Akureyrar hófst sunnudaginn 3. mars. Fyrir hádegi þann dag fór fram skíðaganga og var Magnús Guðmundsson eini þátttakandi frá Þór í göngunni. Það voru öllu fleiri Þórsarar sem tóku

þátt í svigkeppninni, sem fram fór eftir hádegi þennan dag. Þeir sem kepptu fyrir Þór voru: Ragnar Árnason, Karl Hjaltason, Júlíus B. Magnússon, Jón Egilsson og Bragi Brynjólfsson.

Landsmót á skíðum

Í mars var fjallað um tilhögun Landsmótsins sem fara átti fram á Akureyri dagana 23.-25. mars og tekin upp nöfn keppenda, sem urðu alls 26 frá Þór. Samþykkti stjórnin að greiða hálfþátttökugjald á móti þátttakendum.

Páskaskemmtun

Páskaskemmtun hélt Þór annan dag páska og skilaði sú skemmtun 500 krónum í hagnað. Eitt og annað var til skemmtunar, m.a. ávarp Snorra Sigfússonar, „Allir munu hlæja“ (ónefndir), upplestur Jóns Norðfjörð, söngur (tvöfaldur kvartett) og grínleikur í einum þætti. Klukkan 22:30 hélt Þórsklúbburinn dansleik á sama stað og lék H.A. hljómsveit fyrir dansi. Skemmtunin og ballið voru haldin í Samkomuhúsi bæjarins. En á sama tíma kom tilkynning frá bæjargjaldkera um skuld vegna páskaskemmtana síðastliðið ár (1939). Stjórnin samþykkti að greiða skuldina þegar í stað. Ekki er vitað hve há skuld Þórs við bæinn var.

Félagið ákveður að leita tilboða hjá Hermanni Stefánssyni um kennslu í frjálsum íþróttum og ef til vill fleiri íþróttagreinum.

Landsmót skíðamanna

Landsmót skíðamanna var haldið á Akureyri um páskana, 23.-25. mars, og átti Þór þar 26 keppendur, konur og karla úr félögum bæjarins, sem kepptu undir nafni Í.R.A. Mótið var það fjölmennasta sem haldið hafði verið hér á landi en keppendur voru 150 frá níu félögum og þar af komu 60 frá Akureyri. Keppendur komu frá Reykjavík, Siglufirði, Ísafirði, Ólafsfirði, Akureyri og víðar.

Félögin sem tóku þátt voru þessi: Íþróttaráð Akureyrar, Skíðaborg Siglufirði, Skíðafélag Siglufjarðar, Sameining Ólafsfirði, Íþróttaráð Vestfjarða, Skíðaráð Reykjavíkur, U.M.F. Svarfdæla, Völsungar Húsavík og Íþróttafélag Þingeyinga. Keppt var m.a. í stökki, svigi við Miðhúsaklappir og brekkuskriði í Breiðumýri. Annan í páskum var keppt í stökki í stóru stökkbrekkunni neðan við Útgarð.

Útvarpað frá göngu og sungið

Á laugardeginum fyrir páska var keppt í A- og B- flokki í 18 km og 15 km göngu unglunga 17-20 ára og hófst gangan við Lund (búgarð Jakobs Karlssonar). Mikill mannfjöldi var saman kominn til að fylgjast með göngunni og meðan áhorfendur biðu eftir göngumönnum söng Karla Kórinn Geysir. Alls var 31 þátttakandi í göngunni 31. Það vakti athygli að lýsingu á göngunni var útvarpað.

“

Í maí berst félaginu bréf frá sóknarnefnd Akureyrarkirkju þess efnis að félagið gangist fyrir fjársöfnun til nýju kirkjunnar. Bréfinu vísað heim til föðurhúsanna.

”

Skemmtun á hvítasunnu

Á hvítasunnudag, þann 12. maí, gekkst íþróttahússnefnd Í.R.A. fyrir útiskemmtun á Ráðhústorgi og við sundlaugina. Á Ráðhústorgi fór fram söngur (kantatan), erindi, fimleikasýning og víðavangshlaup. Kepptu þar þrjár sjö manna sveitir (Þór, K.A. og M.A.) átti Þór þar annan mann, Kára Karlsson.

Hinir gáfust upp

Hinir frá Þór sem hlupu voru Þorsteinn Svanlaugsson, Sigurjón Rist, Jóhann Guðmundsson og Magnús Guðmundsson (sem allir gáfust upp).

Á annan hvítasunnudag fór fram við sundlaugina Reiptog milli íþróttahúss-nefndarinnar og stjórnna íþróttafélaganna í bænum, og boðsund milli M.A. (50) og 50 manna úr bænum. Syntir voru 50x35 metrar og unnu bæjarmennirnir.

Víðavangshlaupið var þrjú kílómetrar, hlaupið frá Galtarlæk og endaði við verzlunina Liverpool. Um kvöldið var dansleikur.

Vormótið í 1. flokki í knattspyrnu fór fram 26. maí á K.A. vellið í umsjá þeirra og vann K.A lið Þórs 4:1.

2. flokkur

Þór sá svo um mótið í 2. flokki og var leikið á velli félagsins 29. maí. Þórsarar höfðu yfir í hálfleik, 3:0, en gestirnir kvittuðu í þeim síðari og lauk leiknum 3:3. Þá var framlengt í 20 mínútur en ekkert mark var þá skorað.

Unninn til eignar

Tveimur dögum síðar (31. maí) mættust liðin öðru sinni og þá hafði Þór betur 3:1 en staðan í hálfleik var 1:1. Þetta varð til þess að liðið vann Þórs-bikarinn til eignar.

Þór berst bréf frá K.A. þess efnis hvort vilji sé í félaginu að athuga um stofnun sérstaks íþróttasambands fyrir Norðlendingafjórðung. Bréfinu skyldi svarað og óskað nánari tilhögunar fyrirhugaðs sambands.

Akureyri og Siglufjörður takast á í bæjakeppni

Dagana 1.-3. júní fór fram bæjakeppni milli Akureyrar og Siglufjarðar þar, sem keppt var í frjálsum íþróttum, sundi og knattspyrnu. Var þetta í fyrsta sinn sem þessi bæjarfélög mættust í slíkri keppni. Sá hluti keppinnar sem ekki fór fram við sundlaugina fór fram á Þórsvellið.

Sextán keppnisgreinar

Kept var í hvorki fleiri né færri en 16 keppnisgreinum, en það voru: 3.000 m hlaup, kúluvarp, 100 m sund með frjáls ri aðferð, 100 m bringusund, 4x50 m boðsund, hástökk, langstökk, kringlukasti, 400 m. hlaup, spjótkesti,

1500 m hlaup, stangarstökk, 100 m hlaup, 4x100 m boðhlaup, þrístökk og knattspyrna.

Í knattspyrnu mættust úrvalslíð frá hvoru félagi og höfðu Akureyringar betur 5:1. Úrvalslíð Akureyrar var þannig skipað:

Baldur Arngrímsson, markvörður, Þór
Kjaran Ólafsson, bakvörður, K.A.
Kristján Eiríksson, bakvörður, K.A.
Hjalti Svanlaugsson, framvörður, Þór
Árni Ingimundarson, framvörður, K.A.
Baldur Sveinsson, framvörður, Þór
Jóhann Guðmundsson, framherji, Þór
Þórhallur Guðlaugsson, framherji, K.A.
Júlíus B. Magnússon, framherji, Þór
Helgi Schiöth, framherji, K.A.
Ottó Jónsson, framherji, Þór

Akureyri vann bæjarkeppnina með tíu stiga mun 93:83.

Afmæliskeppnin

Í tilefni af 25 ára afmælis félagsins fór fram keppni við K.A. og Gretti, sem hófst 6. júní við sundlaugina. Fyrst á dagskrá var ávarp Jóns P. Hallgrímssonar og því næst boðsund drengja í Gretti og Þór, 4x35 m. Þór vann á 3:06 mínútum en Grettir synti á 3:18 mínútum. Þá kepptu sömu félög í boðsundi telpna (vegalengd

ekki vituð). Grettir vann á 2:09 mínútum en tími Þórs var 2:21 mínútur.

Eggjaboðsund

Þá var keppt í eggjaboðsundi sömu félagi en K.A. gekk úr leik. „Eggjaboðsund fer þannig fram að keppendur synda með egg í skeið, sem þeir hafa upp í sér, og er sá úr leik sem missir eggíð.“

Þór og Grettir kepptu svo í skyrtuboðsundi og vann Þór en Þór varð svo að láta í minni pokann gegn Gretti, 3:1, í vatnsknattleik.

Kaldir eftir volkið

Því miður varð að fella niður dýfingar vegna þess hve kalt var orðið og sundmenn flestir kaldir og stirðir eftir allt volkið. Milli atriða lék Björgvin Friðriksson á harmonikku og áhorfendur, sem voru fjölmargir, skemmtu sér mjög vel. Aðgangseyrir var 75 aurar fyrir fullorðna en 25 aurar fyrir börn.

Þór vann Silfurskjöldinn

Sunnudaginn 16. júní mættust Þór og K.A. í 3. flokks mótinu í knattspyrnu, sem fram fór á K.A. vellinum. Var leikið á lítil mörk og vann Þór leikinn örugglega 6:0. Í.R.A. stóð fyrir mótinu og dómari leiksins var Helgi Schiöth.

17. júní hátíðarhöld

17. júní hátíðarhöldin fóru fram dagana 16. og 17. júní. Keppt var í hinum ýmsu íþróttagreinum og rann allur ágóðinn í Íþróttahússjóðinn. Hátíðarhöldin hófust með boðhlaupi 16. júní og var hlaupið frá Ráðhústorgi en síðan var farið á Þórsvöllinn. Meðal íþróttagreina sem keppt var í voru: Fimmþraut, langstökk, spjótkast, 200 m hlaup, kringlukast, 1500 m hlaup og 4x500 m boðhlaup.

Þór og K.A. mættust í handknattleik kvenna og vann A-lið Þórs 6:3 en hjá B-liðunum skildu liðin jöfn, 1:1. Þá mættust knattspyrnumenn 40 ára og eldri í knattspyrnuleik og lauk þeim leik með jafntefli, 1:1.

Þjóðhátíðardagurinn hófst með því að Karlakórinn Geysir söng og síðan mælti Þórarinn Björnsson menntaskólakennari fyrir minni Jóns Sigurðssonar.

Keppt var í boðsundi drengja 15 ára og yngri, 8x35 m. Þá kepptu karlar 40 ára og eldri í 7x35 m. boðsundi. Þá fóru fram vatnsknattleikir milli Grettis og Þórs og skildu liðin jöfn, 1:1, en því næst lagði Grettir lið K.A. 2:1. Ekkert varð úr leik Þórs og K.A., sem mættu alltof seint til leiks.

“

Þann 23. júní sýndu stúlkur úr Þór handknattleik að Hrafnagili á skemmtisamkomu Framsóknarmanna.

”

Loka skrifstofunni

Í júní hefur Þór skilað skrifstofunni að Brekkugötu 11. Á stjórnarfundum sem haldinn var 8. júní á rakarastofu Sigtryggs Júlíussonar var ákveðið að ráða Tryggva Þorsteinsson til kennslu í handbolta kvenna tímabundið. Tryggvi lét af störfum síðari hluta ágúst.

Skemmtiferð að Laugum

Þórsarar fóru í skemmtiferð austur að Laugum í Þingeyjarsýslu og léku við úrvalslið Þingeyinga og hafði Þór betur 4:1. Lið Þórs var þannig skipað: Baldur, Stefán A., Bragi, Valdi, Binni, Jón K., Tryggvi, Jói, Dúlli, Snorri, Ottó.

Vilja bætur

Þann 22. ágúst var ákveðið að fara þess á leit við Englendingana (setuliðið) að þeir greiddu félaginu skaðabætur fyrir skemmdir á vellinum. Þeir hafa notað völlinn mjög mikið undanfarið og hann látið mikið á sjá.

“

Þann völl stórskemmdu Bretarnir fyrir okkur. Þeir spiluðu fótbolta þar allan veturinn og þeir óðu drulluna alveg upp í ökkla. Og það var heilmikið verk að laga völlinn eftir þetta og á þessum árum var lítið til af tækjum, menn höfðu jú nokkrar skóflur og hrifur. Þegar við vorum að slétta hlaupabrautirnar höfðum við ekki annað en plankabút sem við drógum á eftir okkur.

Hreinn Óskarsson fyrrum formaður Þórs og forstöðumaður íþróttavallar Akureyrar

”

Þór vinnur Sundmót Norðlendingafjórðungs

Þór vann Sundmót Norðlendingafjórðungs, sem haldið var helgina 27.-29. júlí í sundlaug Akureyrar. Auk Þórs tóku sundfélagið Grettir og K.A. þátt í mótinu. Árangur Þórsara var góður og stóð félagið uppi sem sigurvegari.

Árangur keppenda frá Þór:

Telpur 12 ára og yngri, 25 m frjáls aðferð

1. sæti - Dóra Bernharðsdóttir
2. sæti - Hermína Jóhannsdóttir
3. sæti - Sigurlaug Ingólfsdóttir

Drengir 12 ára og yngri, 25 m frjáls aðferð

2. sæti - Víkingur Björnsson

Telpur 14 ára og yngri, 50 m frjáls aðferð

1. sæti - Alma Antonsdóttir
2. sæti - Guðrún Tómasdóttir
3. sæti - Sigurlaug Áskelsdóttir

400 m bringusund karla

2. sæti - Kári Sigurjónsson

50 m frjáls aðferð drengir

1. sæti - Sveinbjörn Björnsson

50 m frjáls aðferð kvenna

1. sæti - Steinunn Jóhannesdóttir
2. sæti - Álfheiður Jónsdóttir

3x50 m boðsund konur

1. sæti - Þór



50 m baksund karla

2. sæti - Magnús Guðmundsson.

4x50 m boðsund karla

1 sæti - Þór (unnu með sjónarmun)

100 m frjáls aðferð drengir, 16 ára og yngri

3. sæti - Sveinbjörn Björnsson

200 m. bringusund karla

2. sæti - Kári Sigurjónsson

400 m. frjáls aðferð karlar

3. sæti - Magnús Guðmundsson

100 m. bringusund kvenna:

1. sæti - Steinunn Jóhannesdóttir

3. sæti - Auður Aðalsteinsdóttir

Styrkja Vörn

Handknattleikslíð Þórs og K.A styrkja „Vörn“. Í ágúst öttu stúlkur 14 ára og yngri kappi í handknattleik til styrktar Sjálfstæðiskvennfélaginu Vörn og var leikurinn hluti af skemmtun sjálfstæðisfélagsins. Þór vann leikinn 6:4.

Tryggvi hættir

Í lok ágúst lauk ráðningartíma Tryggva Þorsteinssonar, sem starfað hafði um sumarið sem handknattleiksþjálfari kvenna. Tryggvi skilað af sér ítarlegri skýrslu um starfið.

Knattspyrnuhaustmótið 1. flokki hófst 8. september en þá mættust B lið K.A. og Þórs og var þetta í fyrsta sinn er keppt var bæði í A og B liðum. K.A. vann leikinn 3:2 og dómari var Helgi Schiöth. Lið Þórs: Svenni Kr., Valdi, Bragi, Magnús, Óli, Jón Kr., Hugi, Tryggvi, Sverrir M., Magnús G., Þorsteinn Sv., Dúddi og Sigþór S.

Þann 15. september mættust A lið Þórs og K.A. í 1. flokki og hafði K.A. betur 4:2. Lið Þórs: Baldur, St. A., Bragi M., Jón Kr., Baldur S., Hjalti, Tryggvi, Ottó, Dúlli, Hugi og Binni. Dómari var Sigmundur Björnsson. Að þessu sinni var keppt um nýjan grip, sem K.A. gaf og var það knöttur. Valsbikarinn sem var farandbikar og keppt hafði verið um síðustu 10 ár var afhentur K.A. til eignar en liðið hafði unnið hann 8 sinnum, Þór og Magni einu sinni hvort. Þór sá um mótið og leikið var á Þórsvellinum.

Þór vann 2. flokk

Sunnudaginn 22. september léku Þór og K.A. til úrslita í mótinu og hafði Þór betur, 2:0. Leikið var á Þórsvellinum og sá K.A. um mótið. Í starfsbók segir: „Keppt var um? (ekki neitt í þetta sinn)“. Lið Þórs: Sveinn Kristjánsson, Bragi

Magnússon, Hugi Ásgrímsson, Gústaf Lárusson, Páll Pálmason, Júlíus Magnússon, Móses Aðalsteinsson og Gunnar Óskarsson. Sveinn, Bragi, Hugi og Júlíus léku einnig í 1. flokki A og B.

Þór vann 3. flokk

Auk Þórs og K.A. tók K.S. þátt í mótinu í 3. flokki. Í úrslitaleik gerðu K.A. og Þór 3:3 jafntefli og nægði það Þór til að vinna mótið. Líkt og í 2. flokki er óvíst um hvað var leikið.

Töp og sigrar í handbolta

Þór og K.A. mættust í A og B liðum í handknattleik kvenna, sem fram fór sunnudaginn 22. og þriðjudaginn 24. september. A lið K.A. hafði 4:1 sigur en B Þórs hafði betur, 4:1. A-lið Þórs var skipað eftirtöldum: Alma, Sigurlaug, Imma, Valla, Kidda, Ásta og Þorbjörg. Jónas Jónsson frá Húsavík dæmdi báða leikina. B- lið Þórs var þannig skipað: Alma, Mæja, Imma, Valla, Kidda, Ásta og Þorbjörg.

Sunnudaginn 22. september kepptu A og B lið Þórs og K.A. í 3. flokki í handbolta og hafði K.A. betur í A liðum 4:1 en Þór vann K.A. í B liðum með sömu markatölu, 4:1. Leikið var á K.A. vellinum.

Akureyri gegn setuliðinu

Þann 6. október fór fram hraðkeppni í knattspyrnu milli A og B liða úr Þór og K.A. gegn A og B liðum frá breska setuliðinu. Úrslit urðu þau að A-lið Bretanna vann með fimm stigum, B-lið Bretanna hlau þrjú stig og A og B-lið Akureyringa tvö stig.

A-lið Akureyringa: Baldur (Þór), Friðþjófur og Kjartan (K.A.), Jón Kr. og Baldur Sv. (Þór), Árni (K.A.), Dúlli (Þór), Helgi og Addi (K.A.), Hjalti og Jóhann (Þór).

B-lið Akureyringa: Addi Páls (K.A.), Stefán Aðalst. Og Þorvaldur (Þór) Jóhann Möller og Brynjólfur (Þór) Jósteinn Konráðs (K.A.), Tryggvi (Þór) Tóti, Dummi, Bjarni og Páll (K.A.).

Fékk slæman sinadrátt

Sundmeistaramót Íslands hófst í Reykjavík 7. október og var Steinunn Jóhannesdóttir eini þátttakandinn frá Þór að þessu sinni, en hún dvaldi um þær mundir í Reykjavík. Steinunn tók þátt í 100 og 200 m bringusundi en aðrar vegalengdir voru ekki í boði fyrir konur. Í 200 m sundinu fékk Steinunn mjög slæman sinadrátt og varð að hætta í hálfnuðu sundinu. Í 100 m sundinu var hún númer tvö á tímanum 1:35 mínútum.

Enn og aftur leikið gegn setuliðinu

Sunnudaginn 13. október lék úrvalslið úr Þór og K.A. við úrvalslið frá breska setuliðinu. Varð jafntefli 3:3.

Lið Akureyrar: Baldur (Þór), Guttormur (Þór), Kjartan (K.A.), Jón Kr. og Baldur (Þór), Fiddi (K.A.), Dúlli (Þór), Helgi Schiöth og Addi (K.A.), Hjalti og Jóhann (Þór).

Viku síðar eða sunnudaginn 20. október léku tvö lið A og B úr Þór og K.A. móti Bretum. A-lið Akureyrar vann 1:0 en í B-liðum unnu Bretarnir 3:1. Leikið var á Þórsvelli.


Att kappi við Ólafsfirðinga

Laugardaginn 12. október komu knattspyrnumenn úr Ólafsfirði og kepptu við Þór í knattspyrnu. Þór hafði betur, 2:0. Á sunnudeginum 13. kepptu Ólafsfirðingar við B úrvalslið úr Þór og KA og hafði úrvalsliðið betur, 5:0. Leikið var á Þórsvellinum.

1915



1940

**25 ára starf**

Glæsilegt afmælisrit Þórs vekur aðdáun

Þann 31. október greinir blaðið Dagur frá væntanlegri útgáfu 25 ára afmælisrits Þórs en ætlað var að blaðið færi í sölu fyrstu viku nóvember. Fer blaðið fögrum orðum um útgáfuna og þar segir meðal annars:

„Rit þetta er 64 blaðsíður í stórum broti með fjölda mynda, og er pappír og allur frágangur þess mjög vandaður. Í það skrifa margir menn um íþróttamál og er það því gott heimilda rit um þróun íþróttahreyfingarinnar hér á Akureyri síðastliðin 25 ár.“

Ennfremur segir að ritið verði borið um bæinn, en þar sem upplag þess sé takmarkað er fólki ráðlagt að tryggja sér eintak í tíma.

Í starfsbók segir um 25 ára afmælisrit Þórs, sem kom út 3. nóvember.

„Blaðið var allt hið glæsilegasta. Það voru þeir Jón Kristinsson, Jón Pétur Hallgrímsson og Kári Sigurjónsson sem skipuðu ritnefnd blaðsins. Þeir skiptu þannig með sér verkum að Jón hafði

“

„Rit þetta er 64 blaðsíður í stórum broti með fjölda mynda, og er pappír og allur frágangur þess mjög vandaður. Í það skrifa margir menn um íþróttamál og er það því gott heimilda rit um þróun íþróttahreyfingarinnar hér á Akureyri síðastliðin 25 ár.“

”

umsjón með fjármálununum, Jón Pétur tók saman allt efni, um heimildir og annað þess háttar og var það mjög mikið og vandasamt verk. Lagði hann mikið á sig í þessu sambandi; og Kári Sigurjónsson sá um prentun o.þ.h. – ritið er þrjár arkir eða 48 bls. í stívu átta blaða broti, auk þess ein örk auglýsingar, prentað á mjög góðan myndapappír. Í ritinu eru um 25 myndir af einstaklingum og flokkum. Margir félagar, ungir og gamlir, svo og ýmsir þekktir bæjarbúar, skrifa í ritið. Upplag ritsins var um 600 eintök. Ritið hefur verið sent ókeypis til félaga á Ísafirði, Siglufirði, Reykjavík, Vestmannaeyjum, Norðfirði, Seyðisfirði o.fl. staði. Þá hefir ritið einnig verið sent öllum dagblöðum bæjarins, Rvk. blöðunum, Ríkisútvarpinu og ýmsum einstaklingum, svo sem heiðursfélögum, forseta Í.S.Í. o.fl. Allstaðar hefir ritinu verið vel tekið og blöðin hér og í Rvík skrifað vel í garð félagsins og um ritið.“

25 ára afmælisfagnaður

Félagið hélt afmælisfagnað þann 16. nóvember í Samkomuhúsinu. Var þessi fagnaður vel sóttur en um 250 manns sátu samkvæmið og þótti afar vel heppnað. Kári Sigurjónsson setti hófið og bauð gesti velkomna og stjórnaði hann einnig borðhaldinu. Kári minntist tveggja látinna félaga, þeirra Friðriks Einarssonar, stofnanda og fyrsta formanns félagsins, og Karls Eggertssonar, sem var einn aðalhvatamaður og formaður endurreisnar félagsins 1930.

Hófst skemmtunin með kaffidrykkju og síðan voru sýnd ýmis skemmtiatriði. Alls tóku 20 aðilar til máls á skemmtuninni og síðan var stiginn dans. Félaginu bárust fjölmörg heillaóskaskeyti og ýmsar gjafir,



má þar nefna tréknött á fæti, farandbikar til að keppa um í knattspyrnu. Þótti gripurinn, sem var útskorinn af Geir Þormari tréskera, sérlega fagur. Ennfremur færðu „yngri Þórsfélagar“ félaginu kr. 500 og átti að vera fyrsti vísirinn að skálasjóði. Þá ávarpaði Ása-Þór samkomuna af leiksviði Samkomuhússins. Var hann skrautlega búinn, með Þórs-hamarinn og forn ásýndar.

“

Á samkomunni kom fram „gamall“ Þórsfélagi, ofan af Glerárdal og sagði ýmsar skrítlur úr fundargerðum félagsins og endurminningar frá gömlum dögum. Einnig söng hann kvæðalag og gamanvísur um „öldunga-kappleikinn“ 17. júní sl. Var almenn ánægja af þessum lið. Þessi félagi var sá sami og lék „Ása-Þór“ (J. N.fj.)

*hér er að öllum líkindum átt við
Jón Aðalstein Nordfjörð 1904-1957*

”

Þá var sungið „fram liggja fremdarspor“, sem var ort af Stefáni Ág. Kristjánssyni í tilefni afmælisins og tileinkað félaginu undir lagiinu „Frjálst er í fjallasal“. (Sjá á bls. 141 í þessu riti).

Hátíðarsalurinn var skreyttur með ýmsum myndum sem Haukur Stefánsson málari málaði. Um framkvæmd og undirbúning sáú þeir Jón Kristinsson, Jón P. Hallgrímsson og Kári Sigurjónsson.

Þetta ár vann Þór sundmót Norðlendinga með glæsibrag. Alls tóku þrjú félög þátt í mótinu, Þór, Sundfélagið Grettir og KA. Þór vann alls til 17 verðlauna, Grettir 15 en KA aðeins til tvennra verðlauna.

Í nóvember fær félagið inni í Barnaskólanum tvo tíma á viku fyrir fimleika, kennari Tryggvi Þorsteinsson. Kennslugjald á hvern iðkanda 10 krónur og greiðist fyrirfram.

Setuliðið samþykkir bætur

Þann 13. nóvember berst félaginu bréf frá breska setuliðinu þar sem svarað er erindi Þórs um bætur vegna skemmda á vellinum. Bretarnir tóku því vel og sögðu félaginu að senda annað tveggja, kröfu fyrir skemmdum eða leigu.



Garðar Jónsson, fyrsti heiðursfélagi í Þór.

Garðar Jónsson kjörinn heiðursfélagi Þórs

Fimmtudaginn 14. nóvember kom stjórn Þórs saman til fundar á Rakarastofu Sigtryggs Júlíussonar. Aðeins eitt mál var á dagskrá. Fram hafði komið tillaga um að gera Garðar Jónsson að heiðursfélagi í Þór fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Var sú tillaga samþykkt samhljóða og þar með eignaðist Þór sinn fyrsta heiðursféлага. Þessir stjórnarmeðlimir sátu fundinn: Höskuldur Steinsson formaður, Þorsteinn Svanlaugsson, Sigtryggur Júlíusson, Jósef Sigurðsson, Stefán Aðalsteinsson og Jón Kristinsson.

Knattspyrnuleikir 1940

Á árinu lék Þór fjölmarga knattspyrnu-
leiki, ekki bara gegn íþróttafélögum
heldur einnig við breska setuliðið og
hermenn.

1. leikur - 13. júní: Móti sjóliðum af tveim
brezkum togurum „Cape Comosin“ og
„Ayrioline“. Þór vann 6:0.

2. leikur - 29. júní: Hermenn, breskir,
Hafnarstræti 102. Þór vann 4:0.

3. leikur - 30. júní: Kl. 2 móti „Óðni“
Blönduósi. Þór vann 12:2.

4. leikur - 4. júlí: Hermenn í
Barnaskólanum Ak. Þór vann 6:2.

5. Leikur - 6. júlí: Hermenn í ljósrauðum
búningi. Þór vann 3:2.

6. Leikur - 6. júlí kl. 8:30: Móti Rauða
Iross-hermönnum. Græn-hvítar
röndóttar peysur. Þór vann 7:2.

7. leikur - 8. júlí: Hermenn búa í
Strandgötu 35. Leika í hvítum peysum.
Þór vann 7:2.

8. leikur - 9. júlí: Móti sama liði og í gær.

Þór vann 4:1. Liðið: Sveinn, Stefán A.,
Hugi, Jón Kr., Snorri, Valdi, Tryggvi,
Guðm., Jói, Jón E., Kári.

9. leikur - 10. júlí: Farin skemmtiferð að
Laugum í S. Þing.sýslu og leikið við
úrvalslíð Þingeyinga. Þór vann 4:1.

10. leikur - 11. júlí: Hermenn í alsvörtum
búningi: Jafntefli 3:3. (Lany-lið). Lið Þórs:
Baldur A., St. A., Bragi M., Snorri, Valdi,
Sigm. Bj., Tryggvi, Guðm., Kári, Finnur,
Jón Kristins.

11. leikur - 18. júlí: „Lany-liðið.“ Þór vann
3:2. Þórsliðið: Sveinn, St. A., Valdi, Hugi,
Snorri, Jón K., Bragi, Snorri, Jón E., Kári,
Jón Kristinsson.

12. leikur - 20. júlí: Hermenn frá
Rangárvöllum. Jafnt 3:3. Lið Þórs: Baldur,
St. A., Bragi, Jón Kr., Baldur, Toni, Snorri,
Jói, Bragi B., Sveinn K.

13. leikur - 16. júlí: „Lany-liðið.“ Þór vann
4:3. Lið Þórs: Sveinn K., St. A., Bragi M.,
Jón Kr., Snorri, Hugi, Kári, Jón Eg., Dúlli,
Jói, Sverrir Magg.

14. leikur 23. júlí: Hermenn við Lónsbrú.
Þór vann 2:1. Lið Þórs: Sveinn, Stebbi,
Valdi, Jón K., Baldur, Binni, Jón Hall.,
Bragi B., Sigm. B., Sverrir og Hafliði.

15. leikur - 25. júlí: Sama lið og 23/7. Þór vann 6:2. Lið Þórs: Sveinn, Stebbi, Valdi, Jón K., Baldur, Binni, Hafliði, Magnús G., Sigm. B., Dúlli og Stefán Stefánsson.

16. leikur - 1. ágúst: Hermenn í Túliníushúsinu. Léku í öllum klæðum. Þór vann 8:2. Lið Þórs: Sveinn, Stebbi, Valdi, Jón K., Hugi, Baldur, Dúlli, Óskar Antons, Jói, Hjalti Sv., Sverrir Magg.

17. leikur - 3. ágúst: Hermenn í Menntaskólanum (M.A.-liðið). Þór vann 9:2. Lið Þórs: Baldur, Gutti, Valdi, Jón Kr., Baldur, Bragi M., Binni, Jói, Dúlli, Stebbi A., og Dúddi F.

18. leikur - 5. ágúst: „Lany-liðið“ Þór tapaði 4:2. Lið Þórs: Sveinn, Stebbi, Hugi, Valdi, Baldur, Dúlli, Binni, Sverrir, Gísli, Jón E. og Hafliði.

19. leikur - 8. ágúst: Hermenn í Krossanesi. Léku í grænum peysum. Þór tapaði 4:1. Lið Þórs: Sveinn, Stebbi, Hugi, Jón Kr., Baldur, Binni, Hafliði, Jóhann Kr., Stefán St., Dúddi og Sverrir.

20. leikur - 10. ágúst: Krossanesliðið. Harðasti leikurinn við hermennina. Þór tapaði 1:0. Lið Þórs: Baldur, Stebbi, Gutti, Hugi, Baldur, Bragi, Tryggvi, Binni, Jói, Dúddi og Hafliði.

21. leikur - 22. ágúst: „Lany-liðið“ Þór vann eftir góðan leik, 2:1. Lið Þórs: Sveinn, Stebbi, Hugi, Jón K., Baldur, Gutti, Hafliði, Sverrir, Dúlli, Maggi og Binni.

22. leikur - 24. ágúst: „Krossanesliðið“, mjög harður leikur. Sennilega besta liðið af bresku hermönnum sem Þór hefir leikið við. Jafntefli 1:1. Lið Þórs: Baldur, Gutti, Bragi, Hugi, Baldur, Jón Kr., Tryggvi, Stefán A., Dúlli, Valdi og Binni.

23. leikur - 29. ágúst: Herlið við Kirkjugarðinn. Léku í hárauðum peysum. Þór vann 6:1. Lið Þórs: Sveinn, Stebbi, Jói, Jón K., Baldur, Valdi, Dúddi, Maggi G., Dúlli, Sverrir M. og Stefán St.

24. leikur - 3. september: Hermenn á Gleráreyrum. Þór vann 6:2.

25. leikur - 5. september: „Lany-liðið“ Þór vann 4:2.

Allir þessir leikir voru háðir á Þórsvellinum nema sá tíundi, þ.e. þegar Þór fór í skemmtiferð að Laugum í Reykjadal 10. júlí.

Félagar í árslok voru 285. Haldnir voru þrjár félagsfundir og 14 stjórnarfundir.

Samantekt og myndir

Glöggð má sjá eftir fyrstu tuttugu og sex ár félagsins að Þór er ekki bara íþróttafélag í sinni einföldustu mynd heldur svo miklu meira. Á fyrstu árum félagsins var afar mikið lagt upp úr félagslega þættinum enda fjölbreytt dagskrá á fundum Þórs. Í lok funda var gjarnan kosið í skemmtinefnd, sem myndi sjá um skemmtiatriði á næsta fundi.

Sjónleikir voru æfðir og sumir þeirra frumsamdir af félögum og þess vegna stofnaði Þór „leikfélag“, sem deild innan félagsins. Upplestur á fundum og margvísleg málefni tekin fyrir og oftár en ekki alveg ótengd íþróttum. Og ekki má gleyma „lautarferðum“.

Eitt af því sem stendur hvað mest upp úr var árangur Steinunnar Jóhannesdóttur sundkonu. Steinunn setti alls sex Íslandsmet í 50, 100, 200, og 400 metra bringusundi, eitt á árinu 1939 og fimm á árinu 1939. Einnig varð hún fyrsti Akureyringurinn til þess að verða Íslandsmeistari.

Á þessum tímamarki í 26 ára sögu félagsins höfðu þrettán setið í stóli formanns, skipt hafði verið um formann með nærri tveggja ára millibili að jafnaði.

Ennfremur þurftu félagsmenn að sjá á bak tveggja formanna sem létust þegar þeir sátu í stóli formanns, Friðriks Sigurðar Einarssonar, stofnanda félagsins, sem lést 1918 aðeins 18 ára að aldri, og Karls Eggertssonar sem lést 1930. Karl hafði setið í stóli formanns aðeins í 31 dag þegar hann féll frá.

Formenn Þórs 1915-1941

<i>Fríðrik Sigurður Einarsson</i>	1915-1916
<i>Jakob Frímansson</i>	1916-1917
<i>Steindór Hjaltalín</i>	1917-1918
<i>Garðar Jónsson</i>	1918-1919
<i>Hallgrímur Jónsson</i>	1918-1919
<i>Steindór Hjaltalín</i>	1921-1924
<i>Einar Malmquist Einarsson</i>	1925-1930
<i>Karl Eggertsson</i>	1930
<small>Karl lést eftir að hafa setið í stóli formanns í einungis 31 dag.</small>	
<i>Jósef Sigurðsson</i>	1930-1932
<i>Leó Sigurðsson</i>	1933-1934
<i>Ingólfur Kristinsson</i>	1935-1936
<i>Sigmundur Björnsson</i>	1935-1937
<i>Kári Sigurjónsson</i>	1937-1940
<i>Höskuldur Steinsson</i>	1940-1941



1. flokkur Þórs í knattspyrnu 1935.

Aftast frá vinstri: Hannes Marteinnsson, Vernharð Sveinsson, Georg Karlsson, Arinbjörn Guðmundsson og Guðmundur Halldórsson. Miðröð frá vinstri: Karl Aðalsteinsson, Kári Sigurjónsson og Þorvaldur Stefánsson. Fremst frá vinstri: Stefán Stefánsson, Herbert Tryggvason og Eggert Stefánsson.



Þórslíð í nýjum búningi félagsins. Myndin er tekin einhvern tíma á árunum 1935-1940.



Glímukappar 1935.

Aftari röð frá vinstri: Gísli Magnússon, Ágúst Halblaub, Jónas Traustason, Tómas Antonsson og Jóhann Guðmundsson. Fremri röð frá vinstri: Karl Aðalsteinsson og Þorvaldur Stefánsson.

Þegar hér er komið sögu hafði Íþróttafélagið Þór staðið af sér heimsstríðið (1914-1918) og er seinna stríðið hafið og félagið enn við hestaheilsu. Já, félagið lifði seinna stríðið af, sem betur fer, og hélt áfram að skrifa söguna og gerir enn í dag.

Það er ekki víst að unga fólkið sem stofnaði félagið 25 árum fyrr hefði órað fyrir því hvernig félaginu myndi reiða af. Þótt ótrúlegt megi virðast hafa verið

stundaðar 11 íþróttagreinir innan félagsins, svona eftir því hvernig á það er litið. Þetta eru knattspyrna, hnefaleikar, glíma, handbolti, sund, frjálsar íþróttir, skíði, leikfimi/fimleikar, skautar, Müllersæfingar og dans.

Á þessum 26 fyrstu árum félagsins höfðu svo sannarlega skipst á skin og skúrir eins og búast mátti við. Þetta unga félag hafði þurft að sjá á eftir tveimur



1937-1940.

Aftari röð frá vinstri: Guðmundur Guðmundsson, Snorri Guðjónsson, Kristján Kristjánsson, Kári Sigurjónsson, Jóhann Kristinsson, Júlíus Magnússon og Sigtryggur Ólafsson.

Fremri röð frá vinstri: Hugí Ásgrímsson, Ingólfur Árnason, Sveinn Kristjánsson, Móses Aðalsteinsson og Lárus Pálmason.

dugmiklum félögum, sem létust langt fyrir aldur fram og báðir sátu í stóli formanns þegar áföllin riðu yfir.

Þá hafði félagið tvívegis verið nærri því að leggja upp laupana, en seigla þessara ungmenna var slík og ljóst að uppgjöf var ekki til í þeirra orðabók.

Félagið eignaðist sinn fyrsta Íslandsmeistara á þessu tímabili og sitt eigið

búningaskýli, Þórsskúrin, en bygging hans hófst á vordögum 1931. Þá kaus stjórn Þórs Garðar Jónsson sem heiðursfélaga í Þórs, þann fyrsta í sögu félagsins.

Áfram var haldið og um áramótin 1940-1941 var Þór búið að festa sig í sessi sem eitt af stærstu félögum á Akureyri með 285 félaga. Á Akureyri bjuggu þá 5.724 og í Glerárþorpi 414 eða alls 6.138.



Fimleikaflokkur Þórs 1934.

Aftari röð frá vinstri: Kristján Kristjánsson, Ingólfur Kristinsson, Magnús Pétursson þjálfari, Sigmundur Björnsson og Jósef Sigurðsson. Fremri röð frá vinstri: Magnús Guðmundsson, Jón Ingimarsson, Davíð Kristjánsson og Baldur Halldórsson.

Fótboltalið Þórs 1933 eða 1935, sjá mynd á næstu blaðsíðu.

Efsta röð frá vinstri: Davíð Kristjánsson, Ottó Stefán Jónasson (brunavörður), Bragi Magnússon, Snorri Sigfússon og Gísli Magnússon (byggingameistari). Miðröð frá vinstri: Gísli Dan, Hannes Marteinsson (Hannes í Holti), Arthur Benediktsson (hjólbarðaviðgerðarmaður). Neðsta röð frá vinstri: Sverrir Magnússon (blikksmiður), Ólafur Þorbjörnsson og Þór Sigþórsson (Dúddi einhenti). Myndin var í eigu Arthurs Benediktssonar.



Íþróttafélagið Þór 25 ára

Ljóð eftir Stefán Ág. Kristjánsson birt í 25 ára afmælisriti Þórs 1940.

*Til hamingju „Þór“,
þú ert hugumstór,
það er hressandi gnýr í störfum þínum.
Eftir fjórðung af öld
við finnumst í kvöld,
og fögnuður býr í huga mínum.*

*Indæl er morgunstund,
munarblíðust lund
hinn máttka Þór hefir látið dreyma
um friðarstarf
og þann fagra arf,
sem framtíðaræskan skal virða og geyma.*

*Sæktu fram sem fyr,
í fljúgandi byr
verði för þín greið um þroskabrautir.
En þótt blási á mót
eigi blikna hót,
tak þinn blikandi hamar og sigraðu þrautir.*

Dalvíkurför

Hugsanlegt að hér sé átt við Dalvíkurför Þórs í sunnudaginn 9. september 1934. Þann dag skráði Gísli Magnússon í dagbók að eftir fótboltaleik og boðhlaup hafi að lokum verið slegið upp balli.

Á lofti þótt sólin sígi og syrti að,
er gaman og glatt um jólin á góðum stað.
Á Dalvík skyldi dansa og leika. Ó Drottinn minn,
það gerði Simba og Gísla veika þau glöðu skinn.

Þeir fengu sér hóps til fylgdar að fornum stíl,
og lögðu svo út á landið í læstum bíl.
Engin þó óhöpp henti því Simbi ok,
Á vikina röskir renndu er rökkva tók.

Af leiknum er fátt að fréttu er færi ég hér,
og hendi mann hitt og þetta þar hálfdimmt er.
Og drengirnir dalinn þekkjja og systur hans,
heim koma og sjá og sigra í sveit, með glans.

Drjúgan steig Simbi dansinn við dalvísk fljóð,
það var, sem hans augu yrðu að einni glóð.
En Gísli er mikið gefinn fyrir góðan mat,
og reyndi sér nú að bjarga, sem best hann gat.

Einn var þar ósköp deigur og aldrei klár,
þó sumum hann virtist seigum við systur þrjár.
Hann viknandi við þær skildi það vitraflón,
hann vissi aldrei hverja hann vildi, Ó veslings Jón.

Dansinum loksins lýkur er leið á nótt,
af höfði Jóns húfan fýkur og hverfur fljótt.
Hjónin að bílnum hlaupa og hoppa inn,
Boggu er mikið brugðið og bleik á kinn.
Hjónin sem hópinn prýða í hljóðri þögn,
Hæglát í horn sitt skriða, þau skjálfa ögn.
„Að hann skyldi fara að hriða, ó hjálpi mér“
Sigmundur sest við stýrið og suðar lágt:
„Ver með oss Guð minn góður og gef mér mátt“
Auðmjúkur ofan tekur já upp á sex,
Heim á leið hægara ekur, en hriðin vex.

Á Hámundastaðahálsi er hriðin svört,
fönnina í skafla skefur svo skratti ört.
Aftur í hjónahorni ei hreyfing sést,
en af og til allir heyra þar orkan brest.
Kúrarinn liggur leiður á lífsins rás,
Bogga er orðin syfjuð og ósköp há.
Þá sjá þau hvað hjónin sýsla, og sjáið minn,
þá fór nú að fara um Gísla – freistingin.

Við Hjalteyrarveginn Sigmundur sjá ei má,
hvort að hann veginn keyri hann kallar þá.
Lýstum með bassarómi „það boð mitt er,
að einhver skal út að ganga á undan mér.“

Egilsson alltaf stífur og upp með sér.
hattinn af honum þrífur á höfudu sér,
æðir svo út í bylenn en af hann f auk,
skreið hann þá inn í ylenn. Jóns útför lauk.

Virtist þá allur hópurinn uppgefinn,
þar til að móði mælir þá múrarinn:
„Að þið skulið kjarkinn missa þó magnist snjó,
aldeilis er ég hissa.“ Og út svo fór.

Létti nú yfir öllum og enginn kveið,
Gísli svo óð á undan, já alla leið.
Um morguninn mæðulegur í mittissnjó
Bílinn í bæinn dregur. Bravissimó.

Höfundur ókunnur.

Myndir

Bls. Myndefni

- 9 Strandgata 45
- 10 Friðrik Sigurður Einarsson, stofnandi og fyrsti formaður Þórs
- 20 Leikfimihópur Þórs
- 21 Glímukappar 1916
- 24 Æfingatafla 1916
- 35 Norðurgata 15
- 41 Hópmýnd tekin á árunum 1915-1920
- 51 Lið Þórs 1924
- 61-62 Iðnskólahúsið að Lundargötu 12
- 65 Karl Eggertsson, formaður Þórs í 31 dag 1930
- 72 Drengir við Þórsskúrinn 1933
- 73 Afmælisfagnaður í Samkomuhúsinu
- 77 og 80 Þórsarar 1933
- 81 og 88 Handboltakonur á 4. áratugnum
- 88 Leikfimihópur Þórs á 4. áratugnum
- 89 1. flokkur Þórs í knattspyrnu 1935
- 92 Þórslíð í nýja búningi félagsins
- 103 Fimleikaflokkur Þórs 1937-1940
- 104 Jón Pétur Hallgrímsson og Kári Sigurjónsson
- 106 Frá Sundmóti Norðlendingafjórðungs 1937
- 114 Vestmannaeyjafarar sumarið 1938

Myndir

Bls. Myndefni

- 117 Frá heimsókn Ísfirðinga 1938
- 119 Steinunn Jóhannesdóttir sunddrottning, fyrsti Íslandsmeistari Þórs
- 120 Brekkugata 11, þar sem Þór hafði skrifstofu í nokkur ár
- 123 og 130 Handbolti kvenna, leikið á Siglufirði 1939
- 135 Steinunn Jóhannesdóttir sunddrottning
- 139 og 153 Afmælisfagnaður í Samkomuhúsinu
- 148 Sundmót Norðlendingafjórðungs 1940
- 154 Garðar Jónsson, fyrsti heiðursfélagi í Þór
- 158 1. flokkur Þórs í knattspyrnu 1935
- 158 Þórslíð í nýjum búningi félagsins
- 159 Glímukappar 1935
- 160 Þórsarar 1937-1940
- 161 Fimleikaflokkur Þórs 1934
- 162 Fótboltalið Þórs 1933 eða 1935

Blaðaúrklippur

Bls. Myndefni

- 13 Gjörðabók Þórs 1915-1916
- 14 Gjörðabók Þórs 1915-1916 - stofnfundur 1915
- 17 Kosið í lið í fótbolta 1915
- 28 Jónsbók - fundagerðarbók, forsíða
- 29 Jónsbók - fundagerðarbók, opna 1917
- 33 Lið í knattspyrnunni
- 34 Fundagerðarbók 1915-1916, þrjár opnur
- 44 Kvöldskemmtun, Dagur 17. desember 1921
- 45 Víðavangshlaup, Íslendingur 21. apríl 1922
- 46 Opið bréf, víðavangshlaup, auglýsing
- 48 Knattspyrnumót, Dagur 14. september 1922
- 49 Knattspyrnumót, Dagur 20. apríl 1923
- 50 Víðavangshlaup, Dagur 20. apríl 1923
- 53 Álfadans, Dagur 15. janúar 1925
- 54 Hátíðahald 17. júní, Dagur 18. júní 1925
- 55 Árshátíð
- 58 Íþróttamót, Dagur
- 59 2. meistaramót Í.SÍ.
- 66 Karl Eggertsson, andlát, Norðlingur 10. júní 1930
- 67 Víðavangshlaup, Vísir 13.05.1930
- 79 Sundpollur, Heilbrigðisskýrslur 1. desember 1933

Blaðaúrklippur

Bls. Myndefni

- 84 Kvöldskemmtun, Dagur 15. mars 1934
- 98 Fundagerðabók Þórs 1930-1965, aðalfundur 12. janúar 1936
- 108 Fundagerðabók Þórs 1930-1965, fundur 14. október 1936
- 109 Viðskiftabók við Sparisjóð Akureyrar
- 110 Viðskiftabók við Sparisjóð Akureyrar
- 111 Fundagerðabók 1930-1965, aðalfundur 1938
- 122 Fundagerðabók 1930-1965, fundur 6. ágúst 1938
- 151 25 ára afmælisrit Íþróttafélagsins Þórs

Íþróttafélagið Þór
1915-1940

Páll Jóhannesson

